












# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

28. janúar 2012
24. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Skeggleysi er tískubóla**

*Stjúri rakari segir að allir karlmenn eigi að bera skegg. Skeggleysi sé bara tískubóla.*

**lífsstíll 52**



**Vinir í Vesturbænum**

*Útlendingar og heimamenn tengdir saman.*

**skólamál 24**



**Gulrótin er góð**

*Hvar er úrbóta þörf í mataræði Íslendinga?*

**heilsa 28**

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Fjölskylda | Allt | Allt atvinna






**ÞOLIR EKKI TILGERÐ** Villi Naglbítur vill kalla hlutina sínum réttu nöfnum og lætur ekki þvinga sig út í neitt, að því er hann segir sjálfur í viðtali við Fréttablaðið í dag. **Sjá síðu 18** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja kjósa um forystu í Samfylkingu

**Tillaga um aukalandsfund liggur fyrir flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar. Reynt að ná sátt um að halda hann í haust. Vaxandi stuðningur er við að ný forysta verði kosin. Landsdómsmálið verður rætt.**

**STJÓRNMÁL** Flokksstjórn Samfylkingarinnar fundar í dag og fyrir fundinum liggur tillaga frá Andrési Jónssyni og fleirum um að flokkurinn haldi aukalandsfund í vor. Andrés, sem er fyrrverandi formaður ungliðahreyfingar flokksins, dregur enga dul á að tilgangur slíks fundar væri að kjósa um forystu í flokknum.

„Við tökum ekki afstöðu til þess hvort formaður eða varaformaður eigi að víkja, en teljum að það verði að endurnýja,“ segir hann, og játar því að endurnýjun þýði nýtt fólk.

Andrés segir mikil samtöl hafa átt sér stað meðal flokksmanna og sátt sé að nást um að aukalandsfundur verði haldinn í haust. Því sé mögulegt að tillagan verði dregin til baka, gegn því að slík sátt náist. Hann segir mikilvægt að kjósa um forystu í flokknum vel fyrir næstu kosningar, sem verða vorið 2013.

„Jóhanna mun ekkert humma þetta fram af sér fram í kosningabaráttuna.“

Skemmst er að minnast orða Össurar Skarphéðinssonar í viðtali við Viðskiptablaðið en þar kallaði hann eftir endurnýjun flokksforystunnar. Hann vill að flokkurinn endurnýi bæði stefnu sína og forystu fyrir næstu kosningar.

„En það mun reynast flokki eins og Samfylkingunni, sem hefur þurft að taka margar mjög erfiðar ákvarðanir meðan unnið er úr hruninu, mjög erfitt að fara í gegnum næstu kosningar nema flokkurinn hafi náð að endurnýja sig, bæði forystuna og ekki síður hugmyndir sínar.“

Meðferð Landsdómsmálsins hefur verið gagnrýnd af mörgum í Samfylkingunni. Búist er við dagskrártillögu á fundinum um að það verði rætt, en það er ekki á formlegri dagskrá. Samfylkingin í Reykjavík ræddi málið á fundi í vikunni og þar var mörgum heitt í hamsi.

> Jóhanna mun ekkert humma þetta fram af sér fram í kosningabaráttuna.



**ANDRÉS JÓNSSON**
FYRRUM FORMAÐUR UJ

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hefur verið gagnrýnd af Samfylkingarfólki fyrir að hafa tekið málið á dagskrá. Ungliðahreyfing flokksins hefur lýst vantrausti á hana vegna málsins. Ásta segir að hún hafi farið að lögum þegar hún hleypti málinu á dagskrá. Að stöðva málið hefði verið að láta undan pólitískum þrýstingi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóð til að Vinstri hreyfingin – grænt framboð fengi forseta Alþingis, við þær breytingar sem gerðar voru á ráðherraliðinu um áramótin. Þá var reiknað með að ráðherrar yrðu níu og Samfylkingin fengi fimm þeirra. Niðurstaðan varð hins vegar sú að ráðherrarnir urðu átta og Samfylkingin hélt forseta Alþingis.

- kóp / sjá síðu 10






**SPURNING DAGSINS**



*Haraldur, er góðærið þá komið aftur?*

„Nei, góðærið er ekki komið aftur en þetta var góður dagur.“

Haraldur Guðni Eiðsson er upplýsingafulltrúi Arion banka sem endurgreiddi í gær 33 þúsund viðskiptavinum samtals 2,5 milljarða vaxtakostnað.

Steingrímur J. Sigfússon segir að góð loðnuvertíð feli í sér mjög bættar hagvaxtarhorfur fyrir árið 2012:

# Afar jákvæðar fréttir fyrir þjóðarbúið allt

**SJÁVARÚTVEGUR** Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra sjávarútvegsmála, hefur undirritað reglugerð þar sem endanlegt útgefið aflamark í loðnu er ákveðið í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Heildaraflamark vertíðarinnar verður 765 þúsund tonn. Er það 33 þúsund tonn umfram þær spár sem lágu til grundvallar bráðabirgðaaflamarki. Aukningin til íslenskra skipa nemur alls 372 þúsund tonnum og því verður heildaraflamark íslenskra skipa tæplega 554 þúsund tonn. Þessi aukning er meiri en heildarúthlutun til íslenskra skipa á öllu árinu 2011.

Steingrímur segir um afar jákvæðar fréttir fyrir íslenskan sjávarútveg að ræða og þjóðarbúið allt þar sem áætlað er að útflutningsverðmæti vertíðarinnar geti numið allt að 30 milljörðum króna. Þessi verðmætaaukning muni hafa jákvæð áhrif á hagvaxtarhorfur fyrir árið 2012.

„Þetta er með skemmtilegri reglugerðum sem ég hef skrifað undir,“ segir Steingrímur. „Veiðistofninn reyndist jafn stór og vonir stóðu til á grundvelli mælinga á ungloðnu og rúmlega það. Kvótinn til íslensku skipanna er stór og gæti stækkað á síðari stigum vertíðarinnar takist erlendum skipum ekki að fullnýta allar sínar heimildir.“

Steingrímur segir að búhnykkurinn sé verulegur, ef allt fer sem horfir, og gæti reynst innlegg í hagvöxt ársins upp á 0,6% miðað við verðmæti vertíðarinnar í fyrra. „Þetta ræðst af mörkuðum en ef verða sæmilegar gæftir þá stefnir í afar góða vertíð.“ - shá



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Segir reglugerðina um loðnukvóta vertíðarinnar með þeim skemmtilegri sem hann hefur undirritað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Níu þúsund Kínverjar ferðuðust til Íslands

**Þrátt fyrir að ekki sé í boði beint flug milli Íslands og Kína sýna nýjustu tölur 70 prósenta fjölgun ferðafólks þaðan í fyrra. Fregnir af eldgosum og þátttaka landsins í Heimssýningunni í Sjanghæ hefur áhrif að mati sendiherra Íslands.**

**FERÐAIÐNAÐUR** Kínverskir ferðamenn sem heimsóttu Ísland á síðasta ári voru 8.784 talsins samkvæmt talningu Ferðamálastofu á erlendum ferðamönnum í Leifsstöð. Fjölgun frá fyrra ári nemur 69,1 prósenti.

Kristín A. Árnadóttir, sendiherra Íslands í Kína, segir fjölgunina ekki síst áhugaverða fyrir þær sakir að ekki sé beint flug milli Íslands og Kína. Þá séu ferðalög Kínverja til Evrópu ennþá að mestu takmörkuð við hópferðir vegna reglugerða um vegabréfsáritanir.

„Ferðalög Kínverja til útlanda hafa hins vegar aukist mjög síðustu ár, eftir því sem hagvöxtur og kaupmáttur í landinu hefur aukist,“ segir Kristín. Mest segir hún Kínverja ferðast til nágrannalanda í Asíu, en þó fari stöðugt vaxandi vinsældir áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Því skipti miklu máli að marka sér stöðu á þessum stóra markaði og hægt að gera sér hugmyndir um að hann vaxi enn frekar.

„Kínverjar eru núna um eitt prósent þeirra ferðamanna sem til Íslands koma, en nokkuð ljóst er að það hlutfall á eftir að aukast,“ segir Kristín og bendir á að margfeldisáhrif séu af þeim ferðamönnum sem koma aftur heim til Kína og gera landinu vel söguna. Þá gera hagspár einnig ráð fyrir því að hagvöxtur haldi áfram að aukast hröðum skrefum í Kína og þar með fjöldi þeirra sem ráð hafa á ferðalögum til útlanda.

Annars telur Kristín að margar skýringar kunni að liggja að baki aukningunni á árinu 2011. „Næsta víst er að þar vegur þungt mjög mikil umfjöllun um Ísland og íslenska ferðaþjónustu í tengslum við þátttöku landsins í Heimssýningunni í Sjanghæ árið 2010. Síðan vöktu náttúrlega mikla athygli í Kína eldgosin tvö á Íslandi sama ár.“ Því þurfi ekki að vera að eldgosin hér hafi þann fælingarmátt sem margir hafi óttast, fremur að þau hafi ýtt undir áhuga á landinu.

Kristín segir að samhliða aukinni eftirspurn og öflugu markaðsstarfi sem sendiráð Íslands í Peking standi að með Íslandsstofu og íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum hafi fjölgað nokkuð kínverskum ferðaskrifstofum sem bjóða ferðir hingað til lands. Meðal þess sem ráðist hefur verið í er útgáfa nýs kynningarefnis, ný heimasíða og kynning á ferðamálasýningum.

olikr@frettabladid.is



**NÝÁRINU FAGNAÐ** Ár drekans hófst í vikunni samkvæmt kínversku tímatali. Myndin er frá fagnaðarlátum í Peking síðasta miðvikudag. NORDICPHOTOS/AFP



**KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR**

> Ferðalög Kínverja til útlanda hafa hins vegar aukist mjög síðustu ár, eftir því sem hagvöxtur og kaupmáttur í landinu hefur aukist.
>
> **KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR**
> SENDIHERRA ÍSLANDS Í KÍNA



**SEÐLABANKASTJÓRAR** Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Verðbólgan aftur á skrið

**EFNAHAGSMÁL Tólf mánaða verðbólga er nú 6,5 prósent og hefur ekki mælst hærri síðan í maí 2010. Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í þessum mánuði hækkaði um 0,28 prósentustig í mánuðinum sem er nokkuð umfram væntingar.**

**Búist er við því að verðbólga lækki aftur næstu mánuðina en síðustu þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 0,7 prósentustig. Það jafngildir 2,6 prósenta verðbólgu á ári.**

**Þá er tólf mánaða verðbólga, utan áhrifa húsnæðisverðs, er 5,7 prósent og hækkaði um 0,05 prósentustig milli mánaða.** - mþl

Monte Carlo og Mónakó:

## Bættu ekki úr og gert að loka

**MIÐBORGIN** Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins hafnar því að endurnýja rekstrarleyfi veitingastaðanna Monte Carlo og Mónakó sem báðir eru við Laugaveg í Reykjavík. Borgarráð lagðist gegn veitingu leyfanna og vísar lögreglustjórinn til þess að hann geti ekki gengið gegn neikvæðri niðurstöðu borgarinnar sem umsagnaraðila. Staðirnir hafi lengi valdið ónæði. Leyfin hafi verið endurnýjuð til eins árs í febrúar 2010 gegn því að gerðar yrði úrbætur. Ekki væri að sjá að það tækifæri hafi verið nýtt. Staðirnir geta skotið synjuninum til innanríkisráðuneytisins. - gar

FBI býður út tölvuþjónustu:

## Vilja forrit sem les Facebook

**BANDARÍKIN** Bandaríska alríkislögreglan (FBI) hefur leitað til hugbúnaðarhönnuða um að búa til forrit sem geri FBI kleift að leita að ýmiss konar upplýsingum á samskiptavefjum á borð við Facebook og Twitter.

Forritin eiga að safna upplýsingum af síðunum og leita uppi samskipti sem tengst gætu glæpum og hryðjuverkum, að því er fram kemur í frétt BBC. Þá eiga þau einnig að vera með leitarmöguleika á samskiptasíðunum.

Samtök sem berjast fyrir frelsi fólks til að tjá sig á netinu vara við áhrifum slíkrar gagnasöfnunar á tjáningarfrelsi almennings. - bj

Lýtalæknar senda ekki gögn:

## Bíða úrskurðar Persónuverndar

**HEILBRIGÐISMÁL Lýtalæknar munu ekki senda landlækni persónugreinanlegar upplýsingar um konur sem farið hafa í brjóstastækkunaraðgerðir á meðan þeir eru ekki fullvissir um að það sé heimilt. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Læknafélagi Íslands og Félagi íslenskra lýtalækna.**

**Þar segir að sameiginleg niðurstaða af fundi þeirra með landlækni á þriðjudag hafi verið að bíða leiðbeininga eða úrskurðar Persónuverndar í þessu efni. Það hafi því komið þeim á óvart að lesa í Fréttablaðinu ummæli höfð eftir bæði velferðarráðherra og landlækni að þeir telji þörf á að þvinga gögnin fram.** - sh

**REYKJAVÍK**

### Hálar götur sandaðar í dag

Starfsmenn Reykjavíkurborgar munu hefjast handa við að sanda hálar götur í dag. Þá stendur íbúum til boða að sækja sand og salt á hverfastöðvar. Áfram verður hugað að niðurföllum og snjóhreinsun.


LANDSMÓT HESTAMANNA – NATIONAL HORSE SHOW OF ICELAND

**Landsmót hestamanna ehf. (LM 2012) verður haldið á mótssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal, Reykjavík dagana 25.júní – 1.júlí 2012.**

**Landsmót auglýsir eftir aðilum/fyrirtækjum sem áhuga hafa á því leigja sölubása á mótinu.**

**Búast má við allt að 15.000 gestum á mótið.**

**Landsmót hestamanna er frábær sölugluggi fyrir stóra sem smáa markaðsaðila og fjölbreyttar stærðir sölubása verða til leigu.**

**Á LM 2012 verður lögð áhersla á fjölbreytni, gæði, snyrtimennsku og þjónustuhraða.**

**Frekari upplýsingar verða veittar í gegnum netfangið kg@landsmot.is**

Landsmót hestamanna, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, landsmot@landsmot.is / www.landsmot.is


Hellisheiðinni var lokað í gærmorgun eftir nokkurra klukkutíma opnun:

# Blint í fjúkinu þegar vind hreyfði

**UMFERÐ** Veginum um Hellisheiði var í gær lokað vegna ófærðar í þriðja sinn í þessum mánuði. Lokunin tók gildi í gærmorgun, en heiðin hafði þá verið opnuð um nóttina eftir að hafa verið lokuð í nær sólarhring. Þar áður var henni lokað 10. janúar.

Nokkuð öngþveiti myndaðist upp við Litlu kaffistofuna vegna þeirra sem ekki treystu sér áfram og vegna bíla sem voru fastir á heiðinni fyrri partinn í gær. Vegurinn hafði þá ekki verið opinn nema í nokkrar klukkustundir. Mikill snjór var á fjallinu og léttur þannig að færð var fljót að spillast auk þess sem mjög blint var í snjófjúkinu þegar tók að hreyfa vind.

Fyrri part dags voru bæði Hellisheiði og Þrengsli lokuð, en Þrengslin voru opnuð aftur um miðjan dag í gær. Mög slæmt veður hafði þá verið á svæðinu og ekki gert ráð fyrir að það tæki að lagast fyrr en undir kvöld í gær þegar hlýnaði og draga átti úr úrkomu. Vegagerðin varaði þó sérstaklega við því að um leið og blotnaði yrðu vegir víða flughálir.

„Flestar aðrar leiðir á Suðurlandi eru færar en þæfingsfærð er þó á Mosfellsheiði og skafrenningur og sums staðar er þungfært á fáfarnari sveitavegum,“ sagði á vef Vegagerðarinnar. - óká



**LOKAÐ** Snúa þurfti við bílum á leið út úr bænum í gær vegna lokunar Hellisheiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þorra-tilboð á pungum!




**3G pungur**

Nova pungur:
**6.990 kr.**

Gildir með 3G internet áskrift og frelsi hjá Nova.

**1 GB netnotkun**

3G internet 1 GB:
**990 kr.**

Nettengdu fartölvuna með 3G pung frá Nova eða iPad-inn með Nova símkorti.

**Þorrabakki frá Fljótt og gott á BSÍ** fylgir 3G pungum og 3G internet þjónustu fyrir iPad!

DAGUR & STEINI

3G pungur 6.990 kr. Velja þarf 1 GB áfyllingu með pungnum í frelsi. Áfylling gildir í 30 daga.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

## GENGIÐ 27.01.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,75 | 123,33 |
| Sterlingspund | 192,85 | 193,79 |
| Evra | 161,30 | 162,20 |
| Dönsk króna | 21,696 | 21,822 |
| Norsk króna | 21,071 | 21,195 |
| Sænsk króna | 18,125 | 18,231 |
| Japanskt jen | 1,5918 | 1,6012 |
| SDR | 189,83 | 190,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,746

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tap á rekstri Framsóknarflokksins minnkar til mikilla muna á milli ára:

# Framsókn skuldar 215 milljónir

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn skuldar 215 milljónir króna, sem er 85 milljónir umfram eignir flokksins. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrir árið 2010 sem flokkurinn skilaði til Ríkisendurskoðunar í síðustu viku, hálfum fjórða mánuði eftir að skilafrestur var liðinn.

Flokkurinn tapaði tæpum 1.600 þúsund krónum á síðasta ári, sem er mikill viðsnúningur frá árinu 2009, þegar tapið nam tæpri 41 milljón króna.

Framsóknarflokkurinn þáði 86,5 milljónir í framlög í fyrra, það af tæpar 67 frá ríki og sveitarfélögum. Framlög einstaklinga, þar með talin félagsgjöld, námu 12,2 milljónum, og kom hæsta framlagið, 400 þúsund krónur, frá þingkonunni Siv Friðleifsdóttur.

Flokkurinn fékk 7,5 milljónir frá fyrirtækjum, þar af hæsta mögulega framlag, 300 þúsund krónur, frá sjö félögum: Atlantsolíu, Búri ehf., BYKO, Icelandair, Loðnuvinnslunni, Sögu fjárfestingabanka og SÞ Verktökum.

Nú þegar flokkurinn hefur skilað ársreikningi má hann eiga von á að fá greitt út lögbundið framlag úr ríkissjóði fyrir árið 2012. - sh



**RÉTT ÚR KÚTNUM** Flokkurinn skuldar 85 milljónir umfram eignir en hefur dregið verulega úr taprekstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Konur í atvinnurekstri:

## Rannveig hlaut verðlaun FKA

**ATVINNULÍF** Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Hvalaskoðunar Reykjavíkur, hlaut í vikunni árlega viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri.

Árný Elíasdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir, stofnendur og eigendur Attentus ehf., hlutu hvatningarviðurkenninguna, Erla Wigelund, stofnandi og eigandi Verðlistans, þakkarviðurkenningu og Gæfusporið 2012 hlutu Katrín Olga Jóhannesdóttir og Sigríður Margrét Oddsdóttir hjá Já.is. - sh



**BORGARNES** Höfnin í Borgarnesi er hluti Faxaflóahafna.

Sala á hlut í Faxaflóahöfnum:

## Ræða sölu við Borgarbyggð

**REYKJAVÍKURBORG** Jóni Gnarr borgarstjóra hefur verið falið af borgarráði að ræða við forsvarsmenn Borgarbyggðar vegna óska þeirra um að selja af hlut sveitarfélagsins í Faxaflóahöfnum.

„Þær viðræður taki mið af hagsmunum Reykjavíkurborgar sem aðaleiganda Faxaflóahafna og stöðu mála vegna aðgerðaáætlunar Orkuveitu Reykjavíkur," segir í samþykkt borgarráðs.

Komið hefur fram að Borgarbyggð vilji losa hluta af 4,8 prósenta eign sinni í Faxaflóahöfnum til að eiga fyrir sínum 75 milljóna króna hlut í átta milljarða eigendaláni til Orkuveitu Reykjavíkur. - gar

### STJÓRNMÁL

**Tveir aðstoðarmenn ráðnir**

Steingrímur J. Sigfússon hefur ráðið viðskiptafræðinginn Valdimar Halldórsson sér til aðstoðar í efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Þá hefur Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra ráðið viðskiptafræðinginn Gunnar Axel Axelsson sem aðstoðarmann, en fyrir er honum til aðstoðar Anna Sigrún Baldursdóttir.

### LEIÐRÉTT

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að Samfylkingin héldi landsfund um helgina. Hið rétta er að það er flokksstjórn Samfylkingarinnar sem fundar nú í dag.

# Borgin hjálpi skátum að kaupa Úlfljótsvatn

**Skátasamband Reykjavíkur vill að borgin greiði hlut þess í Úlfljótsvatni og segir Orkuveituna hafa beitt skáta þrýstingi til að kaupa jörðina. Orkuveitan hafnar því og skátahöfðinginn á Íslandi kannast ekki við slíkan þrýsting.**

**FÉLAGSMÁL** Skátasamband Reykjavíkur óskar eftir því að Reykjavíkurborg greiði fimm milljónir króna á ári næstu sex árin vegna láns sem sambandið fékk hjá Skógræktarfélagi Íslands til að greiða hlut sambandsins í Úlfljótsvatni.

Bandalag íslenskra skáta (BÍS), Skátasamband Reykjavíkur (SSR) og Skógræktarfélag Íslands gengu í fyrra frá kaupum á Úlfljótsvatni. Kaupverðið var 200 milljónir króna. Af því greiddi Skógræktarfélagið 150 milljónir. SSR og BÍS áttu hvort um sig að borga 25 milljónir með lánum frá Skógræktarfélaginu.

Bragi Björnsson, skátahöfðingi á Íslandi, segir BÍS reyndar ekki hafa nýtt sér lánsboðið frá skógræktarmönnum heldur hafa greitt sinn hlut. SSR er hins vegar í erfiðari stöðu. Skátar hafa í sjötíu ár byggt upp mikla aðstöðu á Úlfljótsvatni sem Bragi lýsir einfaldlega sem Mekka íslenskra skáta. Hreyfingin hafði leigusamning við Orkuveituna til meira en sextíu ára.

Í bréfi til borgarstjórans í Reykjavík segir Anna Rós Sigmundsdóttir, formaður SSR, að Orkuveitan hafi sett tilvist skáta á Úlfljótsvatni í óvissu með því að setja jörðina í sölu.

„Vegna þrýstings frá OR þá ákváðu SSR, BÍS og Skógræktarfélag Íslands að gera kauptilboð í jörðina," segir í bréfi Önnu, sem lagt var fyrir borgarráð á fimmtudag. „Ljóst er að SSR á ekki fé til kaupanna en sér sig engu að síður knúið til kaupanna og til að tryggja aðstöðu skáta og almennings að Úlfljótsvatni."

Í umsögn Orkuveitunnar til borgarráðs segir að missagnir séu í lýsingu Önnu á aðdraganda sölunnar. Það hafi verið kaupendurnir sem hafi haft áhuga á viðskiptunum. Vitnað er í sameiginlega fréttatilkynningu að þeim loknum: „Í ljósi margvíslegra kvaða sem á jörðinni hvíla var hún ekki talin meðal þeirra eigna sem Orkuveitan ætti möguleika á að selja." Borgarráð frestaði afgreiðslu málsins.

Aðspurður segir Bragi Björnsson það misskilning að Orkuveitan hafi beitt skátahreyfinguna þrýstingi. „En auðvitað vorum við óróleg þegar við vissum að Úlfljótsvatn væri komið á sölulistann hjá Orkuveitunni sem við höfum átt ákaflega farsælt samstarf við. Svo býðst þetta tækifæri, að vera í samstarfi við þann frábæra aðila sem Skógræktin er og þá hoppuðum við á þann vagn. En það er engin launung að þetta verður erfitt fyrir okkur fjárhagslega," segir skátahöfðinginn á Íslandi.

gar@frettabladid.is



**ÚLFLJÓTSVATN** Skátar á Íslandi hafa í sjö áratugi byggt upp aðstöðu sína á Úlfljótsvatni á leigulandi. Til að tryggja framhald veru hreyfingarinnar í Mekka sinni gengu skátar frá kaupum á jörðinni í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands sem bauðst til að lána skátunum fyrir þeirra hlut. MYND/JAKOB GUÐNASON



**BRAGI BJÖRNSSON**



**ANNA RÓS SIGMUNDSDÓTTIR**

Seinkanir vegna veðurs:

## Farþegar eiga rétt á þjónustu

**SAMGÖNGUR Flugfarþegar eiga rétt á ákveðinni þjónustu af hálfu flugfélaga ef flugi þeirra seinkar eða því er aflýst vegna veðurs.**

**Vegna mikillar snjókomu undanfarna daga hefur mikið verið um seinkanir á innanlands- og millilandaflugi. Vilja Neytendasamtökin því minna á að farþegar eiga rétt á að fá upplýsingar frá flugfélögum og í sumum tilvikum mat, ferðir og gistingu. Fólk á einnig að geta fengið flugmiða sína endurgreidda ef seinkun er mikil. Samtökin telja þó rétt að taka fram að sé endurgreiðsla valin, fellur niður réttur til matar, ferða og gistingar.** - sv

Dómur ómerktur aftur:

## Haukur í hérað í þriðja skipti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur ómerkti í gær í annað sinn héraðsdóm yfir Hauki Þór Haraldssyni, fyrrverandi yfirmanni hjá Landsbankanum, sem ákærður var fyrir að draga sér tæpar 120 milljónir króna.

Í þetta sinn var tveggja ára óskilorðsbundinn fangelsisdómur ómerktur vegna þess að láðst hafði að fjölskipa héraðsdóminn eins og ráð er fyrir gert í tilvikum sem þessum.

Héraðsdómur sýknaði Hauk upphaflega en þeim dómi vísaði Hæstiréttur heim í hérað þar sem sönnunarmat var talið geta verið rangt. - sh



**HAUKUR ÞÓR HARALDSSON**





**Landsmót hestamanna ehf. (LM 2012) óskar eftir aðilum til að sjá um veitingarekstur á Landsmóti hestamanna sem haldið verður á mótssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal, Reykjavík dagana 25. júní – 1. júlí 2012. Búast má við allt að 15.000 gestum á mótið.**

**Einungis koma til greina aðilar sem hafa reynslu af veitingarekstri.**

**Á LM 2012 verður lögð áhersla á fjölbreytni, ferskleika, gæði, snyrtimennsku og þjónustuhraða.**

**Frekari upplýsingar verða veittar í gegnum netfangið landsmot@landsmot.is**

Landsmót hestamanna, Engjavegi 6, 104 Reykjavík, landsmot@landsmot.is / www.landsmot.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ASAHLÁKA** Leiðindaveður eða úrhellisrigning og hvöss suðlæg átt sunnan- og vestanlands upp úr hádegi í dag. Dregur ekki úr vætu og leysingu fyrr en um miðjan dag á morgun. Hitinn verður á bilinu 3-10°C í dag en fer kólnandi síðdegis á morgun.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -2° |
| Billund | 0° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | -1° |
| Kaupmannahöfn | -1° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 7° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 13° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -3° |
| París | 7° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# GÆÐAMÁLNING

**MÚRBÚÐARVERÐ**

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!*

Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar
**5.390**

Deka Project grunnur. 10 lítrar
**5.590**

Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
**5.995**

Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
**3.795**

Málningarbakki 31x35cm
**385**

Scala málarakýtti
**390**

Deka Spartl LH. 3lítrar
**1.595**

LF Veggspartl 0,5 lítrar
**675**

Deka Meistaralakk 70 Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**1.595**

Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter
**1.395**

Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L
**4.590**
allir ljósir litir

DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
**5.490**

20m² málningar-yfirbreiðsla
**175**

Scala Panellakk Glær. 3 lítrar
**3.195**

Mako pensill 50mm
**195**

25cm Málningar-rúlla og grind
**525**

Málningarpappi 20mx80cm
**695**

Deka Olíugrunnur 1 líter
**1.295**

Málningarlímband 24mmx50m
**275**

Málningargalli
**695**

Deka Olíulakk 30
**1.495**

Deka menja 1 líter
**795**

Áltrappa 4 þrep
**4.990**
Ath. margar stærðir

Bakki, grind og 2 stk 12cm málningarrúllur
**358**

Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
**3.795**

Framlengingarskaft fyrir rúllur
**295**

Hagmans 2 þátta Vatnsþ / epoxy 4kg
**9.195**

Mako ofnarúlla
**315**

**Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
**Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
**Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
**Húsavík** Garðarsbraut 50. Opið virka daga kl. 8-18
**Vestmannaeyjar** Flatir 29. Opið virka daga kl. 8-18

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afsláttur eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

## KJÖRKASSINN



*Er til matreiðslubók eftir Nönnu Rögnvaldardóttur á þínu heimili?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 22,0% |
| NEI | 78,0% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að „strákarnir okkar“ eigi að fá greitt fyrir að spila fyrir Ísland?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfestir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að hluta:

# Síminn sektaður um 30 milljónir

**DÓMSMÁL** Símanum er gert að greiða 30 milljón króna sekt vegna brota á samkeppnislögum samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur sem féll í gær.

Síminn kærði niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem hafði staðfest 50 milljón króna sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á fyrirtækið. Dómurinn staðfesti niðurstöðuna að hluta, en lækkaði sektina um 20 milljónir.

Brotið tengist kaupum Símans á Skjá 1 síðla árs 2004, og skilyrðum sem sett voru fyrir kaupunum. Samkeppniseftirlitið telur Símann hafa gengið gegn þeim skilyrðum með því að krefjast þess að Skjár 1 fylgdi með þegar fjarskiptafyrirtækinu TSC var seldur aðgangur að stöðvum í Sjónvarpi Símans.



**SÍMINN** Sekt Samkeppniseftirlitsins var lækkuð um 20 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síminn ætlar að áfrýja þessari niðurstöðu, að því er fram kemur í yfirlýsingu frá félaginu. Þar er bent á að Skjár 1 hafi á þessum tíma verið frístöð sem dreift hafi verið af Símanum gegn greiðslu. Þá hafi stöðin verið í dreifingu hjá öðrum á sama tíma.

Í yfirlýsingunni segir að fyrirtækið hafi unnið áfangasigur í málinu. Dómurinn hafi staðfest sjónarmið Símans um að fyrirtækinu hafi einungis borið að dreifa sjónvarpsefni fyrir efnisveitur á borð við TSC, en ekki kröfur um að veita aðgang að efninu í símstöðvum utan Reykjavíkur. - bj

Fundað í makríldeilunni:

# Fleiri makrílfundir boðaðir

**SJÁVARÚTVEGUR Ísland, ESB, Noregur og Færeyjar munu funda á ný um veiðar úr makrílstofninum í Norður-Atlantshafi í Reykjavík um miðjan næsta mánuð.**

**Þriggja daga fundi strandríkjanna, þar sem Rússland hafði stöðu áheyrnaraðila, lauk í Bergen í gær. Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands í málinu, sagði í samtali við Fréttablaðið að fundurinn hafi verið gagnlegur. Þar hafi jafnframt verið ákveðið að halda fundarhöldum áfram í næsta mánuði.** - þj




# Rannsaka hvort kjör birgja standist lög

**Mikill munur á kjörum sem birgjar bjóða. Í sumum tilvikum eðlilegt en Samkeppniseftirlitið telur erfitt að sýna fram á viðskiptalegur forsendur í öðrum. Ætlar að hefja rannsókn sem gæti leitt til þess að stjórnsýslumál verði höfðuð.**

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið (SE) mun rannsaka hvort tiltekin viðskiptakjör sem birgjar bjóða dagvöruverslunum brjóti í bága við samkeppnislög. Búast má við því að eftirlitið hefji sérstök stjórnsýslumál til að meta hvort kjörin séu lögmæt. Þetta staðfestir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE.

Viðurlög við slíkum brotum, reynist þau hafa verið framin, eru sektir. Auk þess getur eftirlitið mælt fyrir um breytingar á starfsemi hinna brotlegu til að tryggja að brotin endurtaki sig ekki.

Í skýrslu sem SE kynnti í vikunni kom fram að minni verslanir á dagvörumarkaði greiða að meðaltali um 15% hærra verð fyrir vörur frá birgjum en Hagar, stærsta dagvöruverslanakeðjan á Íslandi. Hinar stóru samstæðurnar á markaðinum, Kaupás og Samkaup, fengju einnig umtalsvert betri kjör hjá birgjum.

SE tiltekur í skýrslunni að mismunandi viðskiptakjör birgja geti verið réttlætanleg. Það geti til dæmis verið mikið kostnaðarlegt hagræði í því fólgið að dreifa vörum í birgðahús fremur en beint til hverrar verslunar fyrir sig. Auk þess sé skiljanlegt að taka tillit til magnhagræðis við innkaup. SE telur þó að það muni reynast birgjum erfitt að sýna fram á viðskiptalegar forsendur fyrir hinu mismunandi verði í öllum tilvikum.

Páll Gunnar segir að um verði að ræða rannsókn sem muni beinast að tilteknum aðilum. Í þeim verði skoðað hvort viðskiptakjör séu í samræmi við samkeppnislög. „Við munum senda upplýsingabeiðni til fjölmargra aðila á markaðinum þar sem fyrirtækin verða beðin um að koma með sín sjónarmið og veita upplýsingar í tengslum við það sem fram kemur í skýrslunni. Það er mjög líklegt að við munum síðan hefja sérstök stjórnsýslumál, enda erum við að leiða að því líkum í skýrslunni að það muni reynast birgjum erfitt að sýna fram á viðskiptalegar forsendur fyrir kjörunum í öllum tilvikum. Það er alveg ljóst að við munum fylgja þessum málum eftir, en það á eftir að ákveða hvernig það verður nákvæmlega gert og hvaða aðilar verði þar undir.“

Að sögn Páls Gunnars verður líklega tekin ákvörðun um í hvaða mál verði ráðist síðar á þessu ári.

thordur@frettabladid.is



**FORSTJÓRINN** Páll Gunnar Pálsson kynnti skýrslu Samkeppniseftirlitsins um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Yfir 40% samninga ekki skriflegir

Í skýrslu Samkeppniseftirlitisins (SE) frá árinu 2008, sem kannaði sérstaklega viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana, kom fram að um það bil 40% birgja gera ekki skriflega samninga við endursöluaðila. Því voru fjórir af hverjum tíu samningum óformlegir. Sú niðurstaða byggði á upplýsingum frá um 70 birgjum.

Páll Gunnar segir að vinna eftirlitsins vegna skýrslunnar sem kynnt var í vikunni bendi til þess að í þessu tilliti hafi lítið batnað þrátt fyrir að SE hafi mælst til þess að bætt yrði úr. „Þarna er víða pottur brotinn og það virðist sem þetta fyrirkomulag sé nokkuð landlægt. Þetta er eitt af því sem við þurfum hugsanlega að skoða frekar.“

Evrópufræðingur um stöðu Þýskalands í forystusveit Evrópusambandsins:

# Forystuhlutverk í skugga efasemda

**EVRÓPA** Þróun almenningsviðhorfs í Þýskalandi er með þeim hætti að nánari samvinna og samruni Evrópuríkja þykir þar ekki lengur jafnsjálfsagt mál og verið hefur frá lokum seinna stríðs. Þetta kom fram í fyrirlestri Simons Bulmer, prófessors í Evrópufræðum við Sheffield-háskóla, í erindi hans á fundi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í gær.

Þessa þróun sagði Bulmer meðal annars hljótast af kynslóðaskiptum, stækkun ESB og yfirstandandi efnahagsvá evrusvæðisins. Það hefur til dæmis breytt pólitískri orðræðu þar í landi og eru efasemdarraddir því farnar að heyrast í auknum mæli. Sérhagsmunir landsins eru þar með farnir að vega þyngra en hugsjónir.

Þýskaland hefur jafnan staðið í fararbroddi ESB ásamt Frakklandi, en sú staða hefur breyst nokkuð síðustu ár, sagði Bulmer.

Í samtali við Fréttablaðið sagði hann að Þýskaland væri í raun með frumkvæði í aðgerðunum gegn kreppunni á evrusvæðinu, en þó væri mikilvægt að hafa Frakkland með í forystu.

„Ég held að Angela Merkel og Nicolas Sarkozy séu meðvitað að reyna að koma sameinuð fram í þessu máli. Sé Þýskaland eitt í forgrunni aðgerðanna er hætt við að það rýri gildi þeirra. Sameinuð forysta veitir aðgerðunum því frekara lögmæti.“ - þj



**ÞÝSKALAND OG ESB** Simon Bulmer er sérfræðingur í málefnum Þýskalands og Evrópusambandsins. Í fyrirlestri sínum í gær sagði hann Þýskaland gegna forystuhlutverki í aðgerðum ESB, þrátt fyrir viðhorfsbreytingu meðal almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þakklætisvottur frá Arion banka

—

Það er okkur sönn ánægja að geta sýnt viðskiptavinum okkar þakklætisvott.

Arion banki hefur nú lagt inn hjá viðskiptavinum sínum upphæð sem samsvarar tveimur mánaðargreiðslum af lánum á síðasta ári. Einnig hefur bankinn greitt sem nemur 30% af vaxtagreiðslum síðasta árs vegna yfirdráttarlána. Þetta nær til allra skilvísra einstaklinga sem eru með lán hjá bankanum og höfum við sent þeim bréf með nánari upplýsingum.

Okkar helsta markmið nú er að byggja áfram upp jákvætt samstarf við alla viðskiptavini okkar á grunni sanngirni og sameiginlegra hagsmuna. Við vonumst til að viðskiptavinir muni upplifa enn betri og persónulegri þjónustu í samskiptum við bankann.

Nánari upplýsingar finnur þú á arionbanki.is eða í næsta útibúi.

—

Fyrir hönd starfsfólks Arion banka,
**Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri.**

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki








Dómi yfir grunuðum fíkniefnasmyglara snúið úr tveggja ára fangelsi í sýknu:

# Hæstiréttur vítir lögreglu og dómara

**DÓMSMÁL** Saksóknari í máli gegn grunuðum fíkniefnasmyglara lagði fyrir héraðsdóm upptöku af trúnaðarsamtali sakborningsins við verjanda sinn án þess að dómarar gerðu nokkra athugasemd við það.

Þetta kemur fram í nýgengnum dómi Hæstaréttar, sem vítir lögreglu, saksóknara og héraðsdómarana þrjá fyrir þessa handvömm, lögregluna fyrir að stöðva ekki upptökuna þegar maðurinn ræddi við verjanda sinn, saksóknara fyrir að leggja upptökuna fram og dóminn fyrir að gera ekki athugasemd.


**KVEÐUR FAST AÐ ORÐI** Hæstiréttur er verulega óánægður með vinnubrögð lögreglu, ákæruvalds og héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Sakborningurinn hlaut tveggja ára fangelsisdóm í héraði fyrir að skipuleggja innflutning á tveimur kílóum af kókaíni, sem reyndar hafa aldrei fundist. Hæstiréttur sýknar hann hins vegar.

Sakfellingin var byggð á framburði tveggja manneskja, burðardýrs og unnustu þess, við skýrslutöku hjá lögreglu, en hvort tveggja hélt fram að maðurinn hefði skipulagt smyglið. Fólkið dró það svo til baka fyrir dómi. Þar sem dómur skal byggja á framburði fyrir dómi kemst Hæstiréttur að því að engar sannanir séu fyrir aðild málsins, jafnvel þótt skýringar fólksins á sinnaskiptunum séu ótrúverðugar. **- sh**

Starfsfólk Vinnumálastofnunar:

# Telja að verið sé að brjóta niður stofnunina

**VINNUMARKAÐUR Starfsmenn Vinnumálastofnunar hafa áhyggjur af fyrirhuguðu tilraunaverkefni þar sem gert er ráð fyrir að stéttarfélög taki að sér vinnumiðlun og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur. Þetta séu kaldar kveðjur stjórnvalda til starfsmanna.**

**Í ályktun félagsfundar SFR stéttarfélags segir að „óskiljanlegt“ sé að 300 milljóna aukafjárveiting sé sett í verkefnið í stað þess að efla starf Vinnumálastofnunar.**

**Fundurinn metur málið svo að markmið verkefnisins virðist vera að „brjóta niður stofnunina“ og þetta muni skila starfsfólki hennar minnkandi starfsöryggi, sem sé óásættanlegt. - þj**


**LIÐHLAUPAR Í HOMS** Hópur sýrlenskra hermanna sem hefur gengið til liðs við uppreisnarmenn í borginni Homs. NORDICPHOTOS/AFP






# Harka færist í bardagana í Sýrlandi á ný

**Tugir manna hafa látist í átökum í Sýrlandi síðustu daga, eftir að Arababandalagið tilkynnti um brotthvarf eftirlitsmanna. Stjórnarherinn er sakaður um að hafa framið fjöldamorð í borginni Homs.**

**SÝRLAND** Hörð átök hafa verið í Sýrlandi undanfarna tvo daga, einkum í borginni Homs þar sem tugir manna eru sagðir hafa látið lífið, þar á meðal börn.

Að minnsta kosti fimmtíu voru látnir þar í borg og stjórnarandstæðingar saka stjórnarherinn um fjöldamorð.

Fyrr í vikunni tilkynnti Arababandalagið að eftirlitsmenn á vegum þess verði kallaðir heim. Þeir staðfestu þó í yfirlýsingu í gær að ofbeldið í landinu hafi aukist mikið síðustu daga. Þeir hafi orðið vitni að því í borgunum Homs, Hama og Idlib.

Fréttamaður á vegum breska útvarpsins BBC segir að svo virðist sem stjórnin sé einnig að missa tökin á ástandinu í hverfum uppreisnarmanna í höfuðborginni Damaskus.

Myndband var birt á vefsíðu í gær þar sem sjá mátti fimm barnslík ásamt líkum fimm kvenna og eins karls í íbúðarhúsi í borginni Homs.

Fjöldi fólks hélt síðan út á götur víða í borgum og bæjum landsins í gær að loknum föstudagsbænum, sem eru mikilvægar samkomustundir í arabaheiminum og snúast iðulega upp í pólitískar umræður og kröfugerðir.

Í Egyptalandi ruddust hundruð mótmælenda inn í sýrlenska sendiráðið í Kaíró. Hurðir og gluggarúður voru brotnar, en á endanum mættu sýrlenskir hermenn og ráku fólkið út. Sýrlenski sendiherrann sagðist ætla að leggja fram formlega kvörtun hjá egypskum stjórnvöldum, að sögn arabíska fréttavefsins Al Jazeera.

Samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna hafa meira en 5.000 manns látist í tengslum við aðgerðir stjórnarhersins gegn mótmælendum síðustu mánuðina.

Basher al Assad Sýrlandsforseti og stjórn hans segja á móti að um 2.000 hermenn hafi fallið í átökum við vopnaða hópa, sem þeir segja standa að baki uppreisninni.

Assad hefur reglulega lýst því yfir að sjálfsagt mál sé að verða við óskum um lýðræðisumbætur, en lítið hefur orðið úr efndum. Hins vegar stendur hann fast á því að beita her og lögreglu af fullri hörku gegn mótmælendum.

Hann féllst ekki á tillögur Arababandalagsins, sem fela meðal annars í sér að hann segi af sér, en það hefur verið ein helsta krafa uppreisnarmanna frá upphafi.

**gudsteinn@frettabladid.is**

# Öflug uppbygging í 80 ár


**1932** Fríkirkjuvegur 3


**1958** Háspennumastur í Kollafirði


**2010** Sundlaugin Hofsósi


**1953** Laxárvatnsvirkjun

Hjá Verkís starfa útsjónarsamir smiðir hugmynda og lausna, reynsluboltar á öllum sviðum verkfræði og skyldra greina. Síðastliðin 80 ár hafa starfsmenn fyrirtækisins átt þátt í flestum stærri mannvirkjum og framkvæmdum á Íslandi.

Verkís rekur uppruna sinn til 1932 þegar fyrsta íslenska verkfræðistofan hóf starfsemi sína að Fríkirkjuvegi 3.


**2011** Hörputorg


**2008** Svartsengi

80 ÁRA | 1932 2012

VERKÍS

Verkís verkfræðistofa | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | www.verkis.is


**2003** Bláa lónið


**1958** Grímsárvirkjun

Saga Verkís er þannig samofin sögu uppbyggingar og atvinnulífs á Íslandi eins og við þekkjum það.


**1946–2011** Hallgrímskirkja

# TAKTU SKREFIÐ



SKAPAÐU ÞÍNA
EIGIN FRAMTÍÐ

TVÆR HAGNÝTAR
NÁMSKEIÐSLÍNUR

**REKSTUR, STJÓRNUN
OG MARKAÐSSETNING
SMÁFYRIRTÆKJA
– MARKVISS LEIÐ**

**LYKILÞÆTTIR ÞJÓNUSTU
– MARKVISS LEIÐ**

KENNT ER Í ÞREMUR LOTUM
ENGIN INNTÖKUSKILYRÐI

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 6. FEBRÚAR**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is




**FRÉTTASKÝRING:** Samfylkingin



**FORYSTAN ENDURKJÖRIN** Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson voru endurkjörin formaður og varaformaður Samfylkingarinnar á landsfundi flokksins í nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Vilja kjósa um forystu

**Hávær krafa er innan Samfylkingarinnar um að kosið verði um forystu flokksins á aukalandsfundi. Tillaga liggur fyrir flokksstjórnarfundi um landsfund í vor en reynt er að ná sátt um fund í haust. Landsdómsmálið verður rætt á flokksstjórnarfundi sem hefst í dag.**

Flokksstjórn Samfylkingarinnar hittist á fundi í dag. Dagskráin er þéttskipuð, ræða á verkefnin framundan, ríkisfjármál og atvinnumál fyrir hádegi, en eftir hádegi verða málstofur um ýmsa geira atvinnumála.



ANDRÉS JÓNSSON

Dagskráin mun þó án efa riðlast. Ljóst er að fjölmargir flokksmenn vilja ræða Landsdómsmálið. Þar liggur ekki aðeins undir málsmeðferðin, en Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hefur verið gagnrýnd fyrir hana, meðal annars af ungliðahreyfingu flokksins. Efnisleg umræða um ákæru á hendur Geir H. Haarde mun einnig fara fram.

### Efnisatriði enn órædd

Þingmenn Samfylkingarinnar voru ekki samstíga í kosningu sinni um ákæruna á hendur Geir. Sumir vildu engan ákæra, einhverjir alla og aðrir aðeins einn.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja að flokkurinn eigi eftir að ræða um þessi mál. Aldrei hafi verið rætt til hlítar hver afstaðan var til ákæru, sem margir telja lið í uppgjöri við hrunið.

Þá kusu fjórir þingmenn flokksins gegn frávísun á tillögu Bjarna Benediktssonar um að ákæran á hendur Geir H. Haarde verði afturkölluð. Það voru þau Árni Páll Árnason, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Kristján L. Möller og Össur Skarphéðinsson. Að auki hefur Sigmundur Ernir Rúnarsson lýst því yfir að hann hefði gert eins, en hann var fjarverandi.

Ljóst er að þessir þingmenn verða rukkaðir um skýringu á afstöðu sinni. Það má því búast við að fundurinn snúist að nokkru leyti um efnisatriði ákærunnar, þar sem afstaða til upphaflegrar ákæru verður einnig rædd.

### Vilja aukalandsfund

Flokksstjórn fundaði síðast í desember, þegar Jóhanna Sigurðardóttir, formaður flokksins, skýrði frá breytingum á ráðherraliði flokksins. Á þeim fundi lögðu Andrés Jónsson, fyrrverandi formaður Ungra jafnaðarmanna, og fleiri fram tillögu um aukalandsfund. Samþykkt var að ræða hana á fundinum sem hefst í dag.

Tillöguna á að ræða á eftir málefnastarfi í dag. Andrés segir að tillöguflytjendur séu að skoða það að draga tillöguna til baka, enda sé að nást sátt innan flokksins um landsfund í haust.

„Það hefur verið komið að máli við okkur af hálfu aðila innan flokksins um það að draga tillöguna til baka gegn því að það verði sátt um að halda landsfund seint í haust.“

Andrés segir ekki endilega nauðsynlegt að samþykkja slíkan fund í dag, eins sé hægt að taka ákvörðun á fundi flokksstjórnar í vor. Fundinn verði hins vegar að halda.

### Gagnrýni á forystuna

Segja má að Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hafi opnað á gagnrýni á forystu flokksins. Það gerði hann í viðtali í áramótahefti Viðskiptablaðsins. Þar sagði Össur:

„En það mun reynast flokki eins og Samfylkingunni, sem hefur þurft að taka margar mjög erfiðar ákvarðanir meðan unnið er úr hruninu, mjög erfitt að fara í gegnum næstu kosningar nema flokkurinn hafi náð að endurnýja sig, bæði forystuna og ekki síður hugmyndir sínar.“

Össur hefur verið spurður út í þessi orð sín á þingi, en hefur vikið sér undan því að svara. Þá hefur Jóhanna einnig verið spurð út í ummælin, en hún sagði á Alþingi á fimmtudag að hún hefði skýrt umboð flokksins frá síðasta landsfundi, sem haldinn var í nóvember.

„Þar lagði ég upp verkefnalista sem ég er að fylgja eftir og ætla mér að gera til enda þessa kjörtímabils þannig að það er enginn bilbugur á mér. Ég veit ekki til annars en að ég hafi fullan stuðning míns flokks til að klára þau mál og þó að einhverjar vangaveltur séu hjá Össuri Skarphéðinssyni um einhverja framtíðarleiðtoga flokksins geri ég ekki mikið með það. Hann getur verið með sínar vangaveltur út og suður alveg eins og honum sýnist.“

### Verður að kjósa

Þeir sem leggja fram tillögur um landsfund í haust eru hins vegar sammála Össuri um að breytinga sé þörf. Andrés segir að nauðsynlegt sé að kosningar fari fram um forystuna fyrir næstu kosningar.

„Við tökum ekki afstöðu til þess hvort formaður eða varaformaður eigi að víkja, en teljum að það verði að endurnýja.“

Það þýðir væntanlega nýtt fólk?

„Já, já. Markmiðið með tillögunni var fyrst og fremst að opna fyrir þá umræðu og það hefur tekist svo um munar. Jóhanna mun ekkert humma þetta fram af sér fram í kosningabaráttuna,“ segir Andrés. Hann segir mikilvægt að kosningar um forystu verði í haust en ekki rétt fyrir kosningar, en reglulegan landsfund á að halda á vori komanda.

Innri málefni flokksins verða því ofarlega á baugi á flokksstjórnarfundinum í dag, hvað sem skipuleggjendur hafa haft í huga.




**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Ekki hægt að gagnrýna að ég fari að lögum

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hefur legið undir ámæli fyrir að hafa tekið tillögu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, á dagskrá þingsins. Bjarni vill afturkalla ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra. Ungir jafnaðarmenn, ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, lýstu vantrausti á Ástu fyrir að taka tillöguna á dagskrá og hvöttu til kjörs nýs forseta Alþingis. Þá hefur Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, hafið undirskriftarsöfnun gegn setu Ástu sem forseta.

Ásta segir að henni hafi ekki verið stætt á öðru en að hleypa tillögunni á dagskrá. Aðallögfræðingur Alþingis mat tillöguna að beiðni Ástu og taldi hana þingtæka.

Í minnisblaði lögfræðingsins segir að ekki „verði dregin önnur ályktun en að Alþingi geti með þingsályktun ákveðið að falla frá málsókn á hendur ráðherra…“ Ásta segir því ekki hægt að gagnrýna hana fyrir að fara að lögum. Hún hefði verið að láta undan pólitískum þrýstingi hefði hún ekki hleypt tillögunni á dagskrá.



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Tillaga Bjarna kom fram rétt fyrir áætlað hlé þingsins í desember. Ásta segir að samkomulag hafi verið á milli hennar og flokkanna um að ljúka þinghaldi fyrir jól. Tugir stjórnarfrumvarpa hafi orðið að verða að lögum fyrir áramót, mál tengd fjárlögum og skattbreytingum, svo eitthvað sé nefnt. Þau hafi verið föst í þinginu. Eftir að hún samdi við Bjarna um að tillagan yrði tekin á dagskrá 20. janúar hafi 27 stjórnarmál verið samþykkt.

„Krafa flutningsmanns var að þetta færi á dagskrá fyrir jól, en ég varð ekki við því. Ég samdi um að málið færi á dagskrá 20. janúar og það var með vitund formanna stjórnarflokkanna.“




# Nýr, ferskur og fræðandi SS vefur

SS heldur upp á 105 ára afmælið með því að opna splunkunýjan og ferskan vef, ss.is. SS leggur ríka áherslu á að neytendur geti gengið að greinargóðum upplýsingum um vörur fyrirtækisins. Nýi SS vefurinn er sneisafullur af fróðleik fyrir neytendur og framleiðendur ásamt fréttum af öllum sviðum starfsemi SS.

SS er eitt elsta fyrirtæki landsins, síungt og framsækið enda byggir það á reynslu og hefð og er fullt af krafti nýsköpunar. Verið velkomin að skoða nýja SS vefinn.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Skrefi nær stefnu um erlendar fjárfestingar:

## Hindranir hugarfarsins

Eins og orðið hefur áþreifanlega vart við á undanförnum misserum er ekki til nein útfærð stefna um erlendar fjárfestingar á Íslandi. Í stjórnarsáttmálanum er sett fram það markmið að auka þær, en einstakir ráðherrar, fyrst og fremst úr Vinstri grænum, hafa hins vegar lagt sig í framkróka að spilla fyrir fjárfestingarverkefnum, sem sum hver hafa verið komin vel á veg.

Nú hefur verið stigið skref í átt til þess að marka skynsamlega stefnu um erlendar fjárfestingar, sem hefur raunar aldrei verið til hér á landi. Stuttu áður en hann lét af ráðherraembætti lagði Árni Páll Árnason, þá efnahags- og viðskiptaráðherra, fram tillögu til þingsályktunar um slíka stefnu, sem unnin var í samráði við Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þingsályktunartillagan sjálf er stutt plagg; þar er markmiðið ítrekað og útfært og efnahags- og viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra (sem bráðlega verður sami ráðherrann, Steingrímur J. Sigfússon), falið að leggja fyrir vorþingið tímasetta áætlun um hvernig eigi að bæta samkeppnisstöðu Íslands gagnvart erlendum fjárfestingum, efla markaðsstarf og samræma stjórnsýslu.

Í tillögunni er tvennt sem vekur sérstaka athygli. Annars vegar er lagt til að þingið álykti að íslenzk stjórnvöld skuli „tryggja gagnsæja meðferð mála er varða erlenda fjárfestingu og að gildandi reglur séu jafnan skýrar og ótvíræðar.“ Hins vegar er lagt til að þingið árétti „að enginn vafi leiki á að stjórnarskrá, lög og reglur verji eignarréttindi erlendra fjárfesta á Íslandi með sama hætti og eignir íslenskra ríkisborgara.“

Í greinargerð með tillögunni er þetta meðal annars rökstutt þannig: „Til að draga úr því sem flokka má sem pólitíska óvissuþætti er mikilvægast að lagarammi um beina erlenda fjárfestingu sé skýr þannig að fyrir liggi hvað sé heimilt og hvað ekki og draga úr matskenndum ákvörðunum. Óvissa um lagalega stöðu og vernd fjárfestinga og ákvarðanir sem byggjast á pólitísku mati einstakra ráðherra fremur en skýrum lagaramma eru allt þættir sem draga úr trausti fjárfesta.“

Þetta eru athyglisverð ákvæði í stjórnartillögu, ekki sízt í ljósi þess að annar stjórnarflokkurinn, VG, hefur ítrekað gefið í skyn að taka megi eignir erlendra fjárfesta eignarnámi og/eða ógilda löglega gerða kaupsamninga og einstakir ráðherrar sama flokks hafa verið duglegir að taka „matskenndar ákvarðanir“ sem leggja stein í götu erlendra fjárfestinga.

Í greinargerð tillögunnar er bent á að tvískinnungur og hugarfarslegar eða óáþreifanlegar hindranir séu í vegi erlendrar fjárfestingar. „Þannig hefur oft verið lýst almennum skilningi á mikilvægi erlendrar fjárfestingar, en jafnframt andstöðu við þau fjárfestingaráform sem uppi eru hverju sinni,“ segir þar. Vitnað er til starfshóps iðnaðarráðherra, sem rak sig meðal annars á þá „ranghugmynd að hagnaður erlendra fjárfesta hljóti að vera tilkominn fyrir tap íslenskra aðila“.

Þetta eru góðar og nauðsynlegar tillögur, sem fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra lagði fyrir þingið. Og verður virkilega spennandi að sjá hvernig arftaka hans, formanni VG, gengur að fylgja þeim eftir og rífa niður hindranir hugarfarsins í sínum eigin flokki.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Háflug og fullveldi

Þegar Benedikt Sveinsson flutti frumvarp á Alþingi um stofnun háskóla þótti ýmsum nóg um hátt flug þingmannsins. Það minnti Grím Thomsen til að mynda á flug valsins þegar hann er kallaður fálki. Nú bregður svo við að Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra telur að fullveldi þjóðarinnar sé í húfi vegna háflugs opinberra starfsmanna til Brussel.

Kenning ráðherrans er sú að opinberir starfsmenn sem fara á fundi í aðalstöðvum Evrópusambandsins ánetjist svo flugferðum, hótelgistingum og dagpeningum að þeir vilji ólmir fórna fullveldi landsins fyrir þess háttar persónulegt makræði. Forystumenn opinberra starfsmanna telja þetta vera tilhæfulausa aðdróttun og móðgun.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Vandinn er sá að þetta er ein af þeim fullyrðingum sem vinsælar eru í pólitískri umræðu fyrir þá sök að enginn fótur þarf að vera fyrir þeim því útilokað er að afsanna þær. Forystumenn opinberra starfsmanna geta ekki hrakið álit ráðherrans með öðru móti en að ábyrgjast drengskap og heiður hvers einstaks opinbers starfsmanns sem hér á hlut að máli. Það er ekki einfalt.

Það spaugilega við staðhæfingu ráðherrans er að þáttur í embættisskyldum hans er að sitja slíka fundi eða láta sækja þá í sínu nafni. Reyndar er það svo að hann er eini íslenski ráðherrann sem á fastan seturétt á ráðherrafundum Evrópusambandsins vegna Schengenaðildarinnar. Ráðherrann telur hins vegar að sjálfum sé honum ekki hætta búin að ánetjast fíkn dagpeninganna. Það eru bara þeir sem ferðast með honum eða fyrir hann sem eru í áhættuflokki.

## Eftiröpun

Hin hliðin á ummælum innanríkisráðherrans veit að þeirri staðreynd að þekking er undirstaða ákvarðana og ríkur þáttur í virku lýðræði. Þungamiðjan í málflutningi andstæðinga frekara Evrópusamstarfs felst í því að önnur miðlun upplýsinga en þeir sjálfir standa fyrir sé landinu hættuleg. Kenningin um dagpeningafíknina er sett fram til að minna á að freistingarnar geta borið skynsemina ofurliði.

Þannig er aðeins unnt að treysta fáum útvöldum til þess að fara til Brussel og meðtaka upplýsingar og miðla til fjöldans án þess að ginningin rugli dómgreindina. Þetta er ekki nýtt í íslenskri pólitík. Sósíalistar gáfu út dagblaðið Þjóðviljann í áratugi. Margir muna þá sögu en aðrir geta lesið sér til fróðleiks að þar var stílæfingum af þessu tagi beint gegn stjórnmálamönnum og embættismönnum sem höfðu samskipti við höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins og forystumenn aðildarríkja þess.

Satt best að segja er eftiröpunin oft og tíðum svo nákvæm að spurningar gætu vaknað um höfundarrétt. Samtök um vestræna samvinnu sáu um rekstur upplýsingaskrifstofu fyrir Atlantshafsbandalagið. Á hennar vegum voru skipulagðar fræðsluferðir til höfuðstöðvanna. Andstæðingar Atlantshafsbandalagsins áttu ógjarnan nógu sterk orð til að lýsa því hvernig óvinir þjóðarinnar sem sátu á fleti fyrir suður í Brussel notuðu veislugleðina til að heilaþvo þá sem þar bar að garði.

Á þessum tíma sáu talsmenn sósíalista engan þjóðhollan mann eiga réttmætt erindi til Brussel eða Washington. Engir þóttu halda á sönnum málstað Íslands nema þeir sem andvígir voru samstarfi við vestrænar þjóðir. Nú er þessi sami söngur byrjaður aftur vegna Evrópusambandsins að hálfu leyti undir öfugum pólitískum formerkjum og á síðum þess dagblaðs sem fyrrum var í vörninni andspænis þessum málflutningi.

## Góðir Íslendingar

Þó að andstæðingar aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafi á sinni tíð talið sjálfum sér trú um að þeir væru þeir einu sem talist gætu góðir Íslendingar keypti þjóðin aldrei þann málflutning. Hvernig kaupin gerast á eyrinni í þeirri umræðu sem nú fer fram er ekki ljóst. En gildi málflutnings af þessum toga er eftir sem áður það sama.

Það er mikið veikleikamerki í málflutningi þeirra sem andvígir eru frekara Evrópusamstarfi að vilja ekki ræða samanburð á hruni krónunnar og vanda evruríkjanna.

Á sama hátt er það veikleiki að geta ekki viðurkennt mótherja sína sem jafn góða Íslendinga. Og innanríkisráðherrann sýndi þriðja veikleikann með því að halda því fram að sumir séu verðugir þess að eiga samtöl í Brussel en aðrir ekki.

Sannarlega getur það verið hluti af mælskulist að slá á strengi tilfinninganna. Það er hins vegar engin list að draga menn í dilka með meðulum eins og öfund og tortryggni.

Í dag þykja ummæli Gríms Thomsen um háskólahugmyndina fálkaleg. Síðar kemur á daginn hvort ummælum innanríkisráðherrans um flugferðir opinberra starfsmanna þykir svipa til valsins þegar hann er kallaður fálki.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ÚTSALA
NÚNA ER LESTRARVEÐUR... HVAÐ ER BETRA EN GÓÐ BÓK OG HEITT KAKÓ Á VETRARKVÖLDI?
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
kr. 2.699
~~kr. 5.999~~
DAUÐINN Í DUMBSHAFI
kr. 3.299
~~kr. 6.999~~
Páll Björnsson
kr. 3.999
~~kr. 6.999~~
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2011
JÓN FORSETI ALLUR?
Táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar
SKIP MITT BRAUT VIÐ AFRÍKUSTRÖND
kr. 3.499
~~kr. 5.999~~
kr. 3.999
~~kr. 5.999~~
ÖREIGARNIR Í LÓDZ
jójó
kr. 2.699
~~kr. 5.899~~
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
Hjarta MANNSINS
kr. 2.699
~~kr. 5.899~~
Edgar Sawtelle
kr. 2.999
~~kr. 5.999~~
kr. 2.499
~~kr. 3.999~~
JARÐ NÆÐI
kr. 2.999
~~kr. 5.899~~
OTA PAVEL
kr. 3.499
~~kr. 5.499~~
BUBBI MORTHENS
Veiðisögur
kr. 2.999
~~kr. 5.499~~
Íslenska GOLFBÓKIN
kr. 4.199
~~kr. 5.899~~
Óvættaför
kr. 1.899
~~kr. 2.899~~
kr. 1.699
~~kr. 2.299~~
kr. 1.499
~~kr. 2.999~~
RÖKKURHÆÐIR
kr. 2.499
~~kr. 3.299~~
RÖKKURHÆÐIR
kr. 2.499
~~kr. 3.299~~
Útsölutitlarnir fást í verslunum okkar um land allt og vefverslun
Eymundsson.is - stærsta vefbókaverslun landsins
Eymundsson
Bóksali frá 1872




Bókaðu strax og tryggðu þér hagstæðasta verðið!

## Sala sumarleyfisferðanna 2012 er hafin!

Í boði eru frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.

# Bodrum

í Tyrklandi

frá kr. 126.900 – með allt innifalið




### Frábært verð

**Frá 126.900 kr. – með allt innifalið**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskyldu herbergi á Hotel Bitez Garden Life Hotel & Suites 22. maí í 10 nætur.

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 145.900.









Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM50200

# Tenerife

frá kr. 102.600 – með allt innifalið

**Frábært verð**
**Frá 102.600 kr.** – með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Dream Villa Tagoro 6. júní í 7 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 124.900 á mann.



# Costa del Sol

frá kr. 98.900 – með allt innifalið

**Frábært verð**
**Frá kr. 98.900** – með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Griego Mar 19. júní í 7 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 117.600 á mann.



# Mallorca

frá kr. 135.900 – með allt innifalið í 2 vikur

**Frábært verð**
**Frá 135.900 kr.** – með allt innifalið í tvær vikur
Netverð á mann í, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi á Globales Playa Santa Ponsa 29. maí í 14 nætur. Verð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 159.400 á mann.



# Alicante

frá kr. 19.900
Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.



# Billund

frá kr. 13.900
Flugsæti á mann aðra leiðina á völdum dagsetningum.





## Glæsilegt úrval borgarferða í vor

- Barcelona
- Prag
- Budapest
- Ljubljana
- Sevilla

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á **heimsferdir.is**

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Kraðak í Kvosinni

Skipulagsmál

Helgi Þorláksson
sagnfræðingur



Í umræðunni um niðurrif Nasa munu fáir hafa nefnt annað áhyggjuefni. Fyrirhugað er að breyta hinum gömlu húsum Símans við Austurvöll og Kirkjustræti í hótel og tengja nýja hótelinu sem staðið hefur til að rísi á lóð Nasa. Í nýju hótelbyggingunni á Nasalóð og áfram við Vallarstræti skulu vera 130 herbergi og er vilji til að láta bygginguna tengjast með brúargangi við hótel í Austurstræti 6, þar sem eru 30 herbergi. Þetta eru samtals 160 herbergi.

En hvað verða þá mörg herbergi í gömlu Símahúsunum? Varla er fjarri lagi að í öllu þessu samtengda risahóteli verði a.m.k. 300 herbergi, kannski mun fleiri, sumir segja að þau verði yfir 400. Til samanburðar má nefna að á Hótel Borg eru alls 56 herbergi en á Hótel Sögu eru herbergin 209. Erum við kannski að tala um nýtt hótel á stærð við tvær Borgir og eina Sögu, samanlagt?

Hótelum hefur fjölgað mikið í miðbænum undanfarið og stefnir í að til verði einsleitur ferðaþjónustukjarni. Kannski er enn þörf fyrir mikla aukningu hótelrýmis en það er leitt til þess að vita að svo mörgum hótelum skuli valinn staður í þröngri Kvosinni og að um leið skuli ekki virt sú verðmæta og sögulega byggð sem fyrir er. Er ekki rými annars staðar fyrir hótel, t.d. við höfnina, á Skúlagötu eða við Hlemm?

Hvergi kemur fram í lýsingu fyrir yfirstandandi samkeppni að opna eigi frá hinu nýja 130 herbergja hóteli yfir í Símahúsin enda er það ekki staðfest formlega. Fyrir því eru þó traustar heimildir. Þeir sem taka þátt í samkeppninni ættu því að gera ráð fyrir plássfrekri aðalaðkomu að þessu hóteli á einhverjum stað. Að stærstu hótelum sækja kvölds og morgna rútur, fjallabílar, bílaleigubílar, leigubílar, þjónustubílar og einkabílar; hótelgestir koma og fara, haldnir eru morgunverðarfundir, ráðstefnur og samkvæmi.

Hvar á aðkoman að vera? Í Aðalstræti eru fyrir þrjú gistihús og aðalaðkoma þaðan að nýja hótelinu kemur því trauðla til greina, vegna álags. Samkvæmt samkeppnislýsingunni má ekki skerða Fógetagarðinn og varla vilja alþingismenn aukna bílaumferð í Kirkjustræti, með öngþveiti á álagstímum. Fyrir liggur að forseti alþingis hefur á fundi lagt til við forsvarsmenn borgarinnar að loka fyrir bílaumferð í Kirkjustræti, nema sérstaklega standi á. Þá er bent á að stórar rútur komist ekki með góðu móti inn í Kirkjustræti. Aðkoman yrði þá einkum að vera frá Ingólfstorgi og þeir sem taka þátt í samkeppninni yrðu að gera ráð fyrir því. Forsvarsmenn borgarinnar tala um að gestir verði að ganga með farangur sinn frá hafnarsvæðinu að hótelum í Kvosinni en það leysir ekki vandann og mælist varla vel fyrir þegar rignir og blæs, hvað þá í erfiðu tíðarfari, eins og verið hefur. Er einhver glóra í því að skerða almannarými við Ingólfstorg með því að færa til tvö gömul og sögufræg hús út á torgið og gera þar að auki ráð fyrir bílaumferð á torginu? Hvort sem fólki finnst Ingólfstorg ljótt og kuldalegt eða ekki er það stærsta torg Reykjavíkur, aðaltorg borgarinnar, eign borgarbúa. Hér eru haldnir mikilvægir fundir og samkomur og það er glórulaust að ætla að skerða torgið að miklum mun í þágu peningaafla. Hagsmunir almennings snúast um að lagfæra það og nýta sem best, t.d. líkt og gert var um jólin, með jólamarkaði, og á sumrin mætti vera þarna bændamarkaður og alls kyns önnur, lífleg starfsemi.

Hópur sem berst undir kjörorðinu Björgum Ingólfstorgi og Nasa, vill að gömlu húsin tvö fái að standa á sínum stað enda mynda þau ramma með öðrum gömlum húsum á þrjá vegu við Ingólfstorg. Borgin ætti að stuðla að því að þessi hús við Vallarstræti verði lagfærð og fegruð á sínum stöðum, þar með talið húsið sem hýsir Nasa. Kjörið væri að stækka Aðalstræti 7 (gula húsið) í átt að Vallarstræti 4 (rauða húsinu), í hinum fagra og upprunalega stíl og mynda þannig enn heilli og samstæðari umgjörð við torgið. Það má auðveldlega gera Ingólfstorg að aðlaðandi almenningsrými án þess að reisa þar stórt hótel.

Með baráttu sem komst í hámark haustið 2009 náðist sá árangur að borgaryfirvöld hurfu frá flutningi húsanna og niðurrifi Nasa.

Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ætlar nýr meirihluti að hverfa frá þessu, eftir því sem best verður séð.



Útsýni yfir Vallarstræti frá Aðalstræti. Núverandi ástand.



Útsýni yfir Vallarstræti frá Aðalstræti. Tillaga að bættu fyrirkomulagi.

Ætla borgaryfirvöld ekki að marka neina stefnu um það hversu mikil og þétt hótelbyggð megi vera í Kvosinni? Svæðið milli Ingólfstorgs og Kirkjustrætis er svo viðkvæmt að það þolir engan veginn risahótel, eins og lýst var hér að ofan, með þeirri umferð á álagstímum sem gera verður ráð fyrir. Hótel í Símahúsunum er ærið þótt ekki bætist við nýtt hótel við Ingólfstorg. Borgin á varla neina úrkosti aðra en kaupa upp Nasa og gömlu húsin tvö af eigandanum, gera þeim til góða og selja þau, ef vill, og tryggja þar um leið viðeigandi rekstur og framtíð í samræmi við vilja almennings. Öll geta þessi hús orðið glæsileg staðarprýði.


# Til sölu

Þar sem starfsemi TMH ehf á Íslandi hefur verið hætt seljum við varahlutalager félagsins í Toyota lyftara. Lagerinn er hægt að skoða hjá Kraftvélum, Dalvegi 6-8, milli kl. 10.00 - 16.00, mánudaginn 30. janúar til fimmtudagsins 2. febrúar n.k.

Einnig til sölu á sama stað ónotaður lyftari (tiltínsluvél) af gerðinni BT Opus OME100N, fluttur til landsins árið 2008, ábyrgð framleiðanda er ekki lengur fyrir hendi.



Nánari upplýsingar um lyftarann má sjá hér:
www.kraftvelar.is/Solutorg/Skoda/bt-opus-ome100n-1

Óskað er eftir tilboðum í lagerinn og lyftarann fyrir kl. 16.00, föstudaginn 3. febrúar. Tilboðum skal skilað til Ágústu Steingrímsdóttur, Nýbýlavegi 8 í Kópavogi, sem einnig veitir upplýsingar í síma 570 5070.


# Bláar myndir

Menning

Áslaug Jónsdóttir
rithöfundur og teiknari



Blár ís fyrir stráka: bannaður stelpum, bleikur ís fyrir stelpur: bannaður strákum. Einhverjum ofbauð og er ekki að undra. Markaðsfólk fyrirtækja hefur ýmislegt á samviskunni, svo ekki sé meira sagt. Gargandi snilldin reynist oft hróplegt bull. Viðbrögð við eðlilegri viðleitni fólks til að forða matvælum frá afkáralegu kynjamisréttinu voru upp og ofan, ef marka má netmiðla.

Í það heila verður að undra sig á afturförinni í umræðu um jafnrétti kynjanna síðustu misseri og ár. Það er furðulegt að geta jafnvel talað um andstæðinga jafnréttis. Eftir talsvert basl tókst okkur nokkurn veginn að losna við forpokuð kynjahlutverk ættuð úr trúarbrögðum, því afkomendur Adams og Evu þekktu sinn stað, en ekki tók betra við þegar þróunarkenningunni var beitt og nú megum við minnast karla á veiðum og kvenna við elda. Velkomin til ársins 2012.

Kynin eru svo ólík! Gott og vel. Það verða alltaf einhverjir sem einblína á æxlunina og greina alla heilastarfsemi, hæfileika og tilfinningar út frá henni. En viljum við virkilega ýta svona gróflega undir það sem er ólíkt og greina kynin æ meir í sundur? Er það þróun í rétta átt? Hver er sá alvitri dómari sem ætlar að draga línuna á réttum stað? Er það kannski Markaðsguðinn sem hlær við gulltönn? Eiga skilin að vera svona skörp? Er ekki rúm fyrir einstaklinga af öllum toga, allt rófið?

Þrátt fyrir lög og reglur sem ættu að tryggja strákum og stelpum jafnrétti erum við stödd á skrípaöld kynhlutverkanna. Það nægir að horfa til hrollvekjandi notkunar á sílikoni og sterum. Þvílík örvænting! Hvaða sjúkdómur í samfélagi okkar kallar á svona skurðaðgerðir og lyfjaneyslu? Að því er virðist búum við enn við samfélagsgerð þar sem börn og ungmenni eru kúguð af kynhlutverkum sínum, verða fyrir aðkasti, þora ekki, vilja ekki vera þau sjálf vegna þess að kynið skapar þeim örlög langt út fyrir æxlunarhlutverkið. Fyrir einstaklinginn er það þyngra en tárum taki. Fyrir þjóðfélagið er það sóun.

> Svíkjum ekki börnin okkar, förum saman bæði kynin á veiðar í heimi bókanna.

Fyrir skömmu stóð hópur rithöfunda að ráðstefnu í Norræna húsinu sem bar heitið: Alvara málsins – bókaþjóð í ólestri. Þar var fjallað um vaxandi ólæsi barna og unglinga. Það var troðfullt út úr dyrum og gríðargóðar undirtektir áheyrenda við fjölbreyttum erindum fræðimanna og rithöfunda. Í kjölfarið hafa rithöfundarnir sem stóðu að ráðstefnunni fengið erindi og ábendingar um margt það sem tengist bóklestri barna og unglinga. Þar á meðal ýmislegt sem tengist áberandi slakri útkomu drengja í lestri.

Þó fræðimenn bendi á þá einföldu staðreynd að fyrirmyndirnar verði að standa sig; karlar verði að lesa, ekki síst heima, fyrir sig og með sínum, þá skal það ekki bregðast að einhver beinir athyglinni að skökkum kynjahlutföllum meðal kennara, bókasafnskennara og höfunda barnabóka. Það veit ég að á þeim bæjum standa dyr körlum opnar upp á gátt. Komi þeir fagnandi. En þeir eru kannski bara úti að veiða.

Þá eru það bækurnar. Það er ekki skrifað nóg fyrir stráka. En nóg fyrir stelpur, býst ég við. Er virkilega ekki ein bók í öllu flóðinu sem drengir geta lesið? Því margir lesa ekki eina einustu bók. Hvers vegna er í sívaxandi mæli talað um bækur fyrir stráka og bækur fyrir stelpur? Hvers vegna stía kynjunum enn meira í sundur með bókmenntunum líka? Og hvers vegna geta stelpur lesið um stráka en strákar ekki um stelpur? Þrátt fyrir stjarnfræðilegar og söluvænar kenningar um kynin verð ég að minna á að við búum á plánetunni Jörð. Saman.

Þar sem ég var stödd í verslun á dögunum var mér starsýnt á mynddiska handa börnum. Tveir litir, röð diska með safni hreyfimynda: Bleik hulstur merkt skýrum stöfum STELPUR annars vegar og blá hulstur merkt STRÁKAR hins vegar. Og innihaldið? Barnaefnið um Línu langsokk og Smáfólkið var greinilega ekki ætlað strákum. Og Pósturinn Páll og Bubbi byggir er ekkert stelpuefni. Er Lína virkilega ekki líka fyrir stráka? Byggja stelpur ekki? Kunna útgefendur ekki að skammast sín?

Karlar: Rísið nú upp þar sem þið kúrið við eldinn! Lesið með strákunum ykkar sögurnar um Línu langsokk og aðrar frábærar heimsbókmenntir. Svíkjum ekki börnin okkar, förum saman bæði kynin á veiðar í heimi bókanna.


GRÆNT BÍLALÁN
ergo
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD
ergo
Suðurlandsbraut 14 › sími 440 4400
www.ergo.is › ergo@ergo.is
ENNEMM / SÍA / NM50140
Græn lán fá frábærar viðtökur
Ergo þakkar frábærar viðtökur á grænum bílalánum sem miða að því að fjölga umhverfishæfari bílum á Íslandi. Græn bílalán standa til boða við kaup á bílum í útblástursflokkum A, B og C og eru þau án lántökugjalda út júnímánuð 2012.
Kannaðu kosti grænna bílalána á ergo.is.

# Rembingur er fyrirlitlegur

Hljómsveitin 200.000 naglbítar, sem **Vilhelm Anton Jónsson** er oftast kenndur við, hóf árið í hljóðveri við upptökur á sínu fyrsta nýja lagi í langan tíma. Villi naglbítur sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá margþættum ferli, athyglisbresti og illum ostaslaufum.

Ég hef búið í Reykjavík í fjórtán ár, þar af tólf ár hér í Þingholtunum, en samt rata ég enn ferlega illa hér. Ég bý hérna rétt hjá og sonur minn er í leikskóla í næstu götu, en samt villtist ég á leiðinni," segir Vilhelm Anton Jónsson, einnig þekktur sem Villi naglbítur, þegar hann kemur örlítið of seint á fund blaðamanns í koníaksstofu Hótel Holts á snjóþyngsta kvöldi síðustu áratuga í borginni. Naglbíts-gælunafnið er dregið af hljómsveitinni 200.000 naglbítar sem Villi hefur veitt forstöðu síðan á unglingsárum, en hann hefur verið áberandi á hinum ýmsu listasviðum síðustu fimmtán árin eða svo.

Hann er líka mikill veiðiáhugamaður, sem vekur upp spurninguna hvort ekki skaði í slíkum æfingum að vera áttavilltur. „Ég er mikill sveimhugi og margir telja að ég hljóti að vera með athyglisbrest eða eitthvað slíkt. Það getur vel verið, en ef ég þarf að fókusa þá er það ekkert mál. Í krísum er ég mjög yfirvegaður og hef til að mynda fulla trú á sjálfum mér í hjálp í viðlögum og slíku, en ég get verið voðalega utan við mig. Ég vann einu sinni sem pitsusendill á Akureyri og var sá lélegasti sem sögur fara af. Ég rataði ekki neitt og keyrði bara eitthvert út í bláinn, þangað til eigandinn hringdi og sagði mér að koma til baka þar sem löngu væri búið að senda aðra pitsu."

### Píni mig ekki í plötugerð

Heil níu ár eru liðin síðan síðasta plata 200.000 naglbíta með nýjum lögum, Hjartagull, kom út. Í millitíðinni sendi sveitin frá sér breiðskífu með Lúðrasveit verkalýðsins en hóf nýja árið í stúdíói við upptökur á spánnýju lagi, Í mararskauti mjúku, sem byrjað er að hljóma á öldum ljósvakans.



**VÍÐA FARIÐ** Villi naglbítur hefur komið víða við á ferlinum og meðal annars leikið í vinsælum barnaþáttum og kvikmyndum ásamt Sveppa, sinnt útvarpsmennsku og haldið sýningar á málverkum sínum. Hann segist ekki viss hvort 200.000 naglbítar geri nýja plötu í bráð, en það kæmi honum ekki á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

*Er ný plata á leiðinni?*

„Við höfum ekki ákveðið neitt um það. Það var frábært að taka upp nýja lagið, en það kæmi mér jafnmikið á óvart ef við gerðum plötu og ef við gerðum það ekki. Við höfum alla tíð tekið eitt skref í einu, aldrei gert nein súperplön, og raunar kann ég sjálfur best við að hafa hlutina þannig. Mér finnst betra að hlutirnir annað hvort gerist eða gerist ekki. Auðvitað er nauðsynlegt á köflum að bretta upp ermarnar og berja hlutina í gegn, en maður á ekki að pína sig í að gefa út plötu. Það þykir mér asnalegt, því þetta er og verður að vera áhugamál og gert af ástríðu. Ef þú ætlar að lifa af tónlistinni þýðir það oftast nær að þú verður að spila hverja einustu helgi á einhverjum ömurlegum stöðum í ógeðslegu harki. Það hlýtur hreinlega að drepa fyrir þér allt sem er gott og fallegt við þetta."

*Maraþonspilamennska á böllum er þá ekki fyrir þig?*

„Það virkar fyrir suma en ekki mig, enda er ég alls ekki góður hljóðfæraleikari. Ég er góður í að semja lög og flytja mín eigin lög, en afar slappur í svokallaðri ballspilamennsku. Ég lýg því ekki að ég kann eitt heilt lag eftir einhvern annan en sjálfan mig, The Gambler með Kenny Rogers. Einu sinni gat ég spilað Blindsker með Bubba, en ég kann það ekki lengur. Ég á erfitt með að muna texta og erfitt með að muna lög. Þetta er allt dálítið erfitt. Í rauninni veit ég ekki af hverju ég er í þessum bransa. Það er bara svo töff að standa uppi á sviði með rafmagnsgítar að ég hyggst halda því áfram."

### Hátt upp og langt niður

*Þú segir betra að láta hlutina gerast en að pína sig til að gera þá. Einhverjir myndu túlka slíkt sem leti eða sérhlífni.*

„Já, en það er það alls ekki. Reyndar er ég mjög vægðarlaus við sjálfan mig og fólk í kringum mig og svo sjálfsgagnrýninn að ég hef þurft að vinna í að laga það. Þegar mér finnst mér hafa tekist vel til með eitthvað verð ég frámunalega hamingjusamur, en ég vil frekar heyra frá öðrum um það sem má laga eða er hreinlega vont. Ég held að sjálfsgagnrýni sé holl ef hún er skynsamleg. Ef maður getur ekki bætt sig getur maður allt eins hengt sig. Þegar ég byrja að búa eitthvað til verð ég oft mjög þungur og sjaldan skemmtilegur á þeim tímapunkti í ferlinu. Svo þegar ég er lagður af stað sé ég til sólar þegar sköpunartilfinningin grípur um sig, og þegar að því kemur að koma verkinu frá sér, hvort sem er plata í búðir, málverk á striga eða hvað sem er, þá hættir mér til að fara óstjórnlega hátt yfir markið. Þá er allt geggjað, æðislegt og meiri háttar, en svo finn ég að víman er ekki nóg. Þá þarf ég að búa til eitthvað nýtt og sunka niður í sama ferlið og allt verður ömurlegt þangað til pendúllinn fer aftur upp. Þetta ferli fer ég í gegnum aftur og aftur og varð mjög feginn þegar ég áttaði mig á því að þetta er ekki sjúkdómur, snertur af geðhvarfasýki eða neitt slíkt, heldur eðlilegt. Ég er hættur að verða hissa þegar ég geng í gegnum þetta."

### Fyrirlít dramb og tilgerð

*Þú hefur verið áberandi á óvenju mörgum sviðum sem flest tengjast list á einhvern hátt. Það er tónlistin, svo hefurðu verið í sjónvarpi, útvarpi, kvikmyndum og auglýsingum og starfar reyndar sem hugmyndasmiður á auglýsingastofu, að ógleymdri myndlistinni sem þú stundaðir af miklu kappi fyrir nokkrum árum og hélst sýningar. Svo skrifarðu líka smásögur þó svo að engin þeirra hafi enn komist á prent. Er það rétt ályktun að þú vinnir mikið?*

„Já, ég vinn talsvert mikið. En ég hef ekki alltaf unnið mikið. Heilu árin hafa liðið sem ég hef bara hangið á kaffihúsum, til dæmis þegar ég bjó í London til skamms tíma og var í raun upptekinn við að horfa út um gluggann og aðlagast ekki. En ég fór snemma á sjóinn, var í Smugunni sextán ára gamall og fór svo á Flæmska hattinn og fleiri staði á Sólbak EA307, aflalægsta togaranum sem gerður var út frá Útgerðarfélagi Akureyrar til langs tíma. Svo vann ég á sambýli í mörg ár, kenndi heimspeki og smíði í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði, starfaði í slipp og byggingarvinnu og var leiðsögumaður í hvalaskoðunarferðum, sem var rosalega gaman. Ég hef gert ýmislegt, eins og allir Íslendingar. Allir hafa unnið tíu þúsund mismunandi störf."

*Hvar hefurðu notið þín best?*

„Alls staðar þar sem hlutirnir hafa komið til mín óþvingaðir. Rembingur er svo fyrirlitlegur og eins hvers kyns dramb og tilgerð. Ég þoli ekki tilgerð. Ég er hrifinn af heilindum og fyrirlít snobb, þótt mér þyki gaman að borða rosalega fínan mat og drekka dýr rauðvín. Mér finnst líka gaman að borða kótilettur í raspi, sem er uppáhaldið mitt, því þær eru svo heiðarlegar í því sem þær eru og ekkert að þykjast. Mexíkóskur matur er æðislegur, en hræðilegt þegar fólk vill setja snúning á hann og búa til mexíkópylsur, mexíkóflögur og svo framvegis. Þetta er svo mikill rembingur. Það er alltaf verið að reyna að setja hluti í önnur föt. Neskaffi væri frábært ef það héti eitthvað annað en Neskaffi. Ef það héti til dæmis einfaldlega „Nes" væri það örugglega í miklu uppáhaldi hjá mér, því þetta er fínn drykkur, en það heitir Neskaffi og er versta kaffi í heimi. Hvers vegna leyfum við ekki bara hlutunum að vera það sem þeir eru? Mér finnst mjög margt í kringum okkur hreinlega vera sorp. Það á líka við um listir. Popplag á bara að vera popplag, en ekki að þykjast vera rokklag."

*Rokkið stendur þér nærri?*

„Já, mér finnst rokkið best. Ég set rafmagnsgítarinn við hlið penisillíns sem bestu uppfinningu sögunnar. En bara rafmagnsgítarinn, ekki tólf strengja gítarinn sem hefði aldrei átt að finna upp. Ég myndi skipta þyrlunni út fyrir rafmagnsgítarinn, enda held ég að hann hafi breytt lífi fleira fólks og gert meira gagn. Það er mitt yfirvegaða mat."

### Minni skammtar og óhollari

*Á dögunum fagnaðir þú útsendingu á hundraðasta þættinum af Nei hættu nú alveg, spurningþætti þínum á Rás 2, sem notið hefur mikilla vinsælda undanfarin ár. Hver er galdurinn?*

„Ég bjó ekki til formið, enda er það þekkt út um allan heim, en ætli lykillinn sé ekki hversu áreynslulaus þátturinn er. Ég byrjaði með þátt á Rás 2 þar sem ég kynnti tónlist, en það var alls ekki fyrir mig. Svo var ég rekinn úr þeim þætti en beðinn um að koma með aðra hugmynd í staðinn. Þá datt mér í hug að spyrja spurninga um gagnslausar upplýsingar og biðja skemmtilegt fólk um að velja úr fjórum fáránlegum valkostum með rökum og hugrenningatengslum. Það eru engin verðlaun í þættinum, ekkert snakk, gos eða aðrar illa dulbúnar auglýsingar sem gera lítið úr hlustendum, og ég hef rosalega gaman af þessu."

*Oft og tíðum snúast spurningarnar þínar um hluti sem talist gætu nördalegir, líkt og Stjörnustríðsmyndirnar. Ertu nörd?*

„Tvímælalaust. Ég hef afskaplega gaman af Star Wars og yfirhöfuð af svona litlu, safaríku dóti. Frönsk matargerð finnst mér til dæmis einkennandi fyrir það hvernig lífið ætti að vera. Minni skammtar og óhollari. Lítill biti af óhollri, franskri súkkulaðiköku frekar en ostaslaufa, sem er mikið af einhverju sem er hvorki hollt né óhollt, bara sorp. Ostaslaufur eru holdgervingar hins illa í mínum augum."

> Ég lýg því ekki að ég kann eitt heilt lag eftir einhvern annan en sjálfan mig, The Gambler með Kenny Rogers. Einu sinni gat ég spilað Blindsker með Bubba, en ég kann það ekki lengur.




ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

**www.kia.is**

# Endurskoðun liggur í loftinu

Gallarnir á **EES-samningnum** eru gamalkunnir og nauðsyn endurskoðunar hefur árum saman legið í loftinu. *Guðsteinn Bjarnason* gluggaði í níu hundruð blaðsíðna skýrslu norsku Evrópunefndarinnar og fleiri skýrslur um EES-samninginn.



**LEIÐTOGAR ÍSLANDS OG EVRÓPUSAMBANDSINS** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, á fundi í Brussel í haust. NORDICPHOTOS/AFP

Nefnd tólf norskra Evrópufræðinga skilaði fyrr í mánuðinum, eftir tveggja ára starf, frá sér 911 blaðsíðna skýrslu um margvísleg áhrif EES-samningsins á norskt samfélag.

Nefndin mælir með því að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar. Eða að minnsta kosti telur hún nauðsynlegt að skoðað verði hvort það borgi sig að fara út í heildarendurskoðun á samningnum, og þá í samhengi við alla þá fjölmörgu aðra samninga sem Noregur hefur gert við ESB.

Nefndin segir samninginn hafa þjónað hagsmunum Norðmanna vel, þrátt fyrir alvarlega galla sem á honum eru að mati nefndarinnar. Einn stærsti gallinn er lýðræðishallinn svonefndi, nefnilega að Norðmenn, rétt eins og íbúar Íslands og Liechtensteins, hafa ákaflega takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á þær ákvarðanir Evrópusambandsins sem móta og breyta framkvæmd EES-samningsins.

Í skýrslunni er farið yfir hvert svið á fætur öðru í norsku samfélagi og áhrif EES-samningsins vandlega rakin. Farið er yfir öll þau Evrópulög, reglur og ákvarðanir sem Norðmenn hafa tekið upp á grundvelli samningsins, að mestu án þess að hafa nokkuð um það að segja sjálfir.

„Lýðræðishallinn er ekki óvænt afleiðing af EES heldur velþekktur partur af uppbyggingu hans, sem hefur verið þarna frá upphafi,“ segir í skýrslunni. „Þetta er það verð sem Noregur þarf að greiða fyrir að njóta ávinningsins af evrópskum samruna án þess að vera meðlimur í þeim samtökum sem knýja áfram þróunina.“

**Litlu löndin tvö**

Staðan er svipuð í hinum tveimur EFTA-löndunum, Íslandi og Liechtenstein, nema hvað þau eru töluvert smærri en Noregur og hafa haft enn minni burði til að hafa áhrif á ákvarðanir Evrópusambandsins.

Með einfaldri leit í íslenska lagasafninu kemur í ljós að í 159 lögum af rúmlega þúsund er minnst á evrópska efnahagssvæðið. Samsvarandi tala fyrir Noreg er 174 af um það bil 600 lögum, samkvæmt skýrslu norsku sérfræðinganefndarinnar.

**Hefur verið á dagskrá**

Hugmyndir um endurskoðun samningsins hafa lengi verið á kreiki og komið til tals í umræðum embættismanna, fjölmiðla og stjórnmálamanna, bæði hér á landi og á vettvangi Evrópusambandsins.

Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, lagði meðal annars töluverða vinnu í að skoða möguleika á endurskoðun samningsins árið 2002.

Árið 2007 komst Evrópunefnd forsætisráðherra, undir forystu Björns Bjarnasonar, reyndar að þeirri niðurstöðu að samningurinn stæðist tímans tönn og yrði áfram grundvöllur samstarfs Íslands og ESB, en taldi engu að síður nauðsynlegt að „Ísland leggi áherslu á aukna þátttöku stjórnmálamanna og embættismanna í hagsmunagæslu tengdu Evrópusamstarfi, með það að markmiði að auka áhrif Íslands á mótun og töku ákvarðana á þessum vettvangi.“

**Vankantar**

Þingmannanefnd EES hefur einnig gert samantektir um framtíðarhlutverk EES og hugsanlega endurskoðun samningsins, enda er það beinlínis hlutverk þeirrar nefndar að fylgjast með framkvæmd og þróun samningsins.

Árið 2008 tóku þingkonurnar Katrín Júlíusdóttir og Bilyana Ravea frá Búlgaríu saman skýrslu um framtíð EES, þar sem dregnir voru fram ýmsir vankantar á framkvæmdinni, ekki síst með hliðsjón af því að EES-samningurinn hefur haldist að mestu óbreyttur á meðan miklar breytingar hafa orðið á Evrópusambandinu. Þannig var evran komin til sögunnar og jafnframt hafði aðildarríkjum ESB fjölgað úr 12 í 27, auk þess sem miklar breytingar höfðu orðið á störfum og skipulagi ESB, fyrst með Maastricht-sáttmálanum, sem tók gildi stuttu eftir að Evrópska efnahagssvæðið varð að veruleika, og nú síðast með Lissabon-sáttmálanum, sem var í smíðum þegar þær Katrín og Bilyana tóku saman skýrslu sína.

**Ys og þys út af litlu?**

Þremur árum síðar, í apríl 2011, birtu síðan þingmennirnir Pat „the Cope“ Gallagher og Svein Roald Hansen drög að vinnuskjali, þar sem skoðað er hvort nauðsynlegt



sé orðið að fara út í allsherjarendurskoðun á EES-samningnum. Bent er á að þær breytingar sem orðið hafa með Lissabonsáttmálanum á ákvörðunartökuferli ESB, meðal annars aukið vægi Evrópuþingsins á kostnað leiðtogaráðsins, gera EFTA-ríkjunum þremur enn erfiðara en áður að hafa áhrif á ákvörðunartökuna. Komið er inn á áhyggjur af lýðræðishalla og fullveldisframsali, en á endanum spyrja þeir samt hvort ókostirnir séu nokkuð það miklir að ástæða sé til að fara út í nýtt samningaferli: „Er þetta allt saman ekki bara ys og þys – ef ekki út af engu, þá út af mjög litlu?“

Norska sérfræðinganefndin endar sína 900 blaðsíðna skýrslu reyndar á svipuðum vangaveltum, þar sem niðurstaðan verður sú að óljóst er hvort heildarendurskoðun sé nauðsynleg. Taldir eru upp bæði kostir og gallar á því að fara af stað með kröfur um heildarendurskoðun EES-samningsins.

**Liggur í loftinu**

Í desember árið 2010 samþykkti leiðtogaráð Evrópuráðsins ályktun, þar sem beinlínis var hvatt til þess að á vegum Evrópusambandsins verði gerð heildarúttekt á virkni EES-samningsins. Sérstaklega verði skoðað hvort núverandi fyrirkomulag þjóni hagsmunum ESB nógu vel eða hvort skoða eigi aðrar leiðir, meðal annars breyttan heildarramma eða uppfærslu eða einfaldanir ákveðinna þátta.

Vart er samt við því að búast að nokkrar alvöru viðræður um hugsanlega heildarendurskoðun EES-samningsins hefjist fyrr en í fyrsta lagi þegar niðurstaða hefur fengist í aðildarviðræðum Íslands, á hvorn veginn sem þær fara. Samþykki Íslendingar aðild þurfa Norðmenn væntanlega að fara að hugsa sér til hreyfings, og hafni Íslendingar aðildarsamningi þá má sömuleiðis búast við því að endurskoðun EES-samningsins komist fyrr eða síðar á dagskrá hér á landi einnig.

Evrópusambandið á auk þess fullt í fangi með sína efnahagsörðugleika, hrikalegan skuldavanda nokkurra ríkja með verulegri hættu fyrir evrusvæðið í heild. Þegar sú ólga verður yfirstaðin, þá má reikna með að leiðtogaráðið taki upp þráðinn og fylgi eftir því skrefi í átt til endurskoðunar, sem stigið var í desember 2010. Heildarendurskoðun EES-samningsins virðist því liggja í loftinu, þótt bið verði á slíkum þreifingum enn um sinn.



**MISSION ACCOMPLISHED** Í ræðu sinni við undirritun EES-samningsins í Portúgal árið 1992 sagðist Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra þurfa að kynna Íslendingum niðurstöðuna. Sú ræða yrði einungis tvö orð: Mission accomplished. MYND/GVA

## VÖXTUR EES-SAMNINGSINS




Þegar allt er talið hafa meira en fimm þúsund lagasetningar bæst við EES-samninginn, sem á sínum tíma tengdi saman um 1.500 lagatexta. Sumir þeirra eru reyndar ekki lengur í gildi.

HEIMILDIR: SKÝRSLA NORSKU EVRÓPUNEFNDARINNAR OG UPPLÝSINGAR Á VEFSÍÐU EFTA.

## SÉRÁLIT SEIERSTADS

„Stærsta lýðræðisvandamálið, bæði við EES og innri markaðinn, er að þessi markaðsfrjálshyggja er niðurnjörvuð í Evrópusambandssáttmála, sem ekki er hægt að breyta nema allar ríkisstjórnir ESB-ríkjanna séu sammála um það,“ skrifar Dag Seierstad, einn nefndarmanna, í séráliti sínu sem fylgir norsku skýrslunni.

Seierstad var í minnihluta í nefndinni, en hann er harður andstæðingur Evrópusambandsins og félagi í Sósíalíska vinstriflokknum sem hefur haldið uppi einarðri andstöðu við ESB í Noregi.

„Á hverju sviðinu eftir annað þvinga EES-skuldbindingar harðari samkeppni upp á norskt atvinnulíf,“ skrifar Seierstad. „EES-samningurinn eflir hvergi svigrúm Norðmanna til þess að grípa inn í gegn óheppilegum áhrifum markaðssamkeppninnar.“

Með áherslu ESB á að norsk fyrirtæki keppi á jafnréttisgrundvelli við fyrirtæki annarra EES-landa á öllum sviðum viðskipta, þá er ekkert tillit tekið til sérstöðu Noregs og fjarlægðar frá markaði.

„Á EES verður Noregur að keppa á sömu forsendum og hvert annað hérað í Þýskalandi,“ segir Seierstad. „Í þessari samkeppni sleppa Þjóðverjar og Hollendingar við alla ókostina sem fylgja norskri náttúru, loftslagi, staðsetningu og búsetumynstri. Á EES verðum við á móti að gefa frá okkur flesta þá kosti sem úthugsuð og pólitískt stýrð notkun náttúruauðlinda og uppbygging atvinnuumhverfis hefur fært okkur.

Til gamans má geta þess að Dag er eiginmaður Åsne Seierstad, sem skrifaði þekkta bók um Bóksalann í Kabúl.

## KOSTIR OG GALLAR ENDURUPPTÖKU

Í skýrslu norsku sérfræðinganefndarinnar eru taldir upp bæði kostir og gallar á því að fara af stað með kröfur um heildarendurskoðun EES-samningsins.

**Kostirnir eru meðal annars sagðir vera eftirfarandi:**

- að hægt verði að draga úr lýðræðishallanum.
- að stofnanatengsl Noregs og ESB verði skýrari
- að auðveldara verði að koma á pólitískum tengslum varðandi samband Noregs og ESB almennt
- að ekki þurfi lengur að velkjast fyrir mönnum undir hvaða tiltekna samning ákveðin málefni falla
- að Noregur gæti átt auðveldara með að tengjast ESB á málasviðum, þar sem norsk stjórnvöld hafa reynt að fá fram tengsl við ESB, ekki síst á sviði dómsmála
- að það muni ýta undir heilsteyptari Evrópustefnu í Noregi og heilsteyptari Noregsstefnu í Evrópusambandinu
- að bæði samningaferlið og að sá samningur sem hugsanlega verður að veruleika geti gert bæði umfang og eðli sambands Noregs við ESB sýnilegra og gegnsærra, og þar með gert pólitíska ábyrgð greinilegri
- að það muni styrkja vitrænar og raunhæfar umræður um Evrópumál

**Gallarnir eru hins vegar ekki síður til staðar, að mati nefndarinnar**

- að það er ekki endilega knýjandi (óþarfi að laga það sem ekki er bilað)
- að það geti orðið þungt í vöfum og erfitt að koma saman nýjum heildarramma, sem þar að auki þarf ekki að virka betur en sá sem fyrir er
- að það muni ekki óhjákvæmilega leysa lýðræðislega veikleika núverandi ástands
- að hætt sé við að þá verði opnað Pandórubox erfiðra og óþægilegra krafna frá ESB, þar á meðal krafna frá hinum 27 aðildarríkjum sem gætu viljað notfæra sér nýtt samningaferli til að knýja fram eftirgjafir frá Noregi
- að valdajafnvægi ESB-ríkjanna 27 annars vegar og EFTA-ríkjanna þriggja hins vegar sé mun óhagstæðara en þegar EES-samningurinn og Schengen-samningurinn voru gerðir
- að Norðmenn þurfi að laga samningaferli sitt að Íslandi og Liechtenstein
- að með heilsteyptari samningi geti tapast eitthvað af þeim sérlausnum sem Noregur fékk, ekki síst í Schengen-samningnum



# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

33% afsláttur

DÚNDUR-VERÐ

**998** kr. kg
Verð áður ~~1498~~ kr. kg
Grísakótilettur

**1198** kr. kg
Kjúklingur með lime og rósmarín

40% afsláttur

**2309** kr. kg
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnauta innralæri, erlent

**599** kr. kg
Ísl. matvæli, kjúklingabitar

**1698** kr. kg
Kjúklingabringur, erlendar, 1 kg

Þykkvabæjar
TILBOÐ
Franskar

**298** kr. pk.
Þykkvabæjar tilboðs franskar, 700 g

**639** kr. pk.
Daloon Shoo Van, vor-og kínarúllur

**324** kr. stk.
EF jógúrtsósur, 4 teg.

**438** kr. stk.
Kjörís Mjúkís, 4 teg., 1 l

**253** kr. pk.
Freyju Rex bitar, 200 g

**189** kr. stk.
Coke Light og Coke Zero, 2 l

GJAFAKORT KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is



**1525** kr. kg
Skólaostur í sneiðum



**198** kr. stk.
Létt og laggott með ólífuolíu, 400 g



**379** kr. pk.
LGG+, 3 teg., 6 í pk.



**498** kr. pk.
Líf músli, 750 g



**175** kr. pk.
Burger hrökkbrauð



**439** kr. pk.
Cheerios, 397 g

# Casa Fiesta í miklu úrvali! 15% afsláttur





**Casa Fiesta vörur**

Tortillas, 8 stk. í pk. 280 kr.
Tortillas, 4 stk. í pk. 253 kr.
Taco Mix 110 kr.
Fajita Mix 152 kr.
Taco sósa, 3 teg. 203 kr.
Cheese Dip 297 kr.
Sliced Jalapeno 297 kr.
Guacamole Dip 331 kr.

Öll verð með 15% afslætti



**Dove fyrir herra**
Roll on 399 kr
Sturtusápa 739 kr
Svitasprey 599 kr



**Nivea pure & natural vörur**
Natural Day Care 1179 kr.
Day Care D/S 1179 kr.
Body Lotion 689 kr.
Cleansing Milk 789 kr.
Hand Creme 579 kr.



**495** kr. stk.
Dove sturtusápa, 250 ml

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Byrjaði allt á bolludegi

Þær **Sesselja Th. Ólafsdóttir, Margrét Gylfadóttir og Maria Helena Sarabia** hleyptu árið 2008 verkefninu Vinafjölskyldur í Vesturbæ af stokkunum. *Sigríður Björg Tómasdóttir* fékk söguna af skemmtilegri hugmynd sem varð að veruleika.

Hugmyndin að Vinafjölskylduverkefninu kviknaði á bolludag árið 2006. Þá var dóttir mín í bekk með pólskum strák, þetta var þegar var sem mest af útlendingum hér. Hún hafði eins og venja er verið send með bollu í nesti. Það var og er náttúrulega afar spennandi að fá að taka bollu með í skólann, nema hvað að þennan dag var einn nemandi sem hafði ekki bollu með sér og það var pólski strákurinn. Hann vissi ekki um þennan sið og það varpaði skugga á daginn hjá bekkjarfélögunum," segir Sesselja Th. Ólafsdóttir, einn aðstandenda verkefnisins Vinafjölskyldur í Vesturbæ.

„Í framhaldinu fór ég að hugsa hvernig hægt væri að sporna við því að svona aðstæður kæmu upp og hugmyndin um vinafjölskyldur sem tækju að sér erlendar fjölskyldur varð til," segir Sesselja sem kynnti hugmyndina fyrir foreldrafélagi Vesturbæjarskóla. Þar voru tvær mæður sem höfðu mikinn áhuga á því að taka þátt í framkvæmd verkefnisins, Margrét Gylfadóttir og Maria Helena Sarabia.

„Ég er móðir tvíburastúlkna og hafði fylgst með því hvernig útlend bekkjarsystir þeirra var ekki hluti bekkjarheildarinnar og var að velta fyrir mér hvað hægt væri að gera til þess að þessi stúlka yrði ein af bekkjarfélögunum," segir Margrét sem langaði strax til þess að standa að verkefninu með Sesselju. „Við eigum okkar hefðir og venjur auk þess sem tungumálið er tálmi fyrir flesta útlendinga þannig að huga þurfti að ýmsu."



**HUGMYNDARÍKAR** Sesselja, Margrét og Maria Helena í stofunni hjá Sesselju þar sem lagt var á ráðin fyrir verkefnið Vinafjölskyldur í Vesturbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Náttfatadagur vekur spurningar

„Ég tók á þessum tíma þátt í stuðningsfjölskylduverkefninu hjá Rauða krossinum og hafði oft velt því fyrir mér hvers vegna sambærileg þjónusta væri ekki inni í skólakerfinu. Stuðningsfjölskyldur Rauða krossins leiða útlendinga inn í samfélagið, en þar vantaði upplýsingar um skólann," segir Maria Helena. „Hér eru ýmsar aðrar venjur en margir eiga að venjast, náttfatadagur til dæmis. Ein útlend móðir trúði ekki barninu sínu þegar það sagði að það ætti að koma í náttfötum í skólann," bætir hún við.

Allar búa þær í göngufæri hver við aðra í Vesturbænum. Það var því stutt að fara á fundi og þær funduðu ótal sinnum á meðan þær voru að móta verkefnið og leita leiða til þess að leysa ýmis praktísk mál sem þær vissu að þyrftu að vera alveg á hreinu áður en verkefninu væri hrint af stokkunum. „Við þurftum að berjast heilmikið fyrir því að fá verkefnið samþykkt í skólanum," segir Maria Helena. „Já það var mikið tilstand í kringum þetta, við þurftum auðvitað að fá samþykki skólans til að koma inn í starfið, skólayfirvöld veita okkur upplýsingar um útlendinga í skólanum," bætir Margrét við.

„Við þurftum að búa til formúlu sem virkaði og það tók sinn tíma, árið 2007 vorum við orðnar þrjár í þessu verkefni en það var innleitt í skólann árið 2008," segir Sesselja.

### Upplýsingamiðlun aðalatriði

Þær Sesselja, Margrét og Maria hefja skólaárið á því að kynna verkefnið og hafa þær óskað eftir sjálfboðaliðum, fjölskyldum sem væru tilbúnar til þess að gerast vinafjölskyldur. „Það hefur gengið ótrúlega vel að fá fólk til að taka þátt. Við leggjum mikið upp úr því að vinafjölskyldur eigi barn í bekk með erlenda barninu. Þannig getur fjölskyldan fylgst með og þýtt boð frá kennurum, upplýst um bekkjarkvöld og uppákomur," segir Margrét.

Þegar vinafjölskyldur taka til starfa hittast þær með Sesselju, Margréti og Mariu, ásamt erlendu fjölskyldunni. Á þeim fundi er farið yfir hvað felst í verkefninu.

„Meginhugmyndin gengur út á það að koma upplýsingum til erlendu fjölskyldunnar. Við höfum fengið styrk fyrir túlkum, en stundum er hægt að bjarga sér með google-translate, ensku eða hreinlega táknum," segir Sesselja.

Þær leggja áherslu á að vinafjölskyldurnar þrói svo tengslin með margvíslegum hætti. „Stundum verða til vinasambönd, sem er afar dýrmætt, við viljum auðvitað að lærdómurinn liggi í báðar áttir og það er frábært þegar tengslin verða mikil og góð. Börnin njóta góðs af því og njóta vitanlega góðs af því þegar foreldrar þeirra tengjast skólanum, fylgjast með og mætta á bekkjarkvöld og þar fram eftir götunum," segir Margrét. Þær stöllur fylgjast svo með því hvernig fjölskyldunum gengur. Almennt segja þær mestu þörfina fyrir aðstoð fyrsta árið en svo dragi smám saman úr henni, eftir því sem innflytjendurnir ná betri tökum á íslenskunni.

### Breiða út boðskapinn

Vinafjölskyldur í Vesturbæ hefur vakið athygli og meðal annars hafa samtökin Heimili og skóli verðlaunað verkefnið. Þrátt fyrir að þær Sesselja, Margrét og Maria sinni verkefninu í frítíma sínum fer því fjarri að þær ætli að láta duga að hafa sett þetta metnaðarfulla verkefni á laggirnar í Vesturbæjarskóla. „Það er að fara af stað hægt og rólega í Austurbæjarskóla og við höfum kynnt það í Laugarnesskóla, og vonandi fer það enn víðar," segir Sesselja að lokum. Nánar er hægt að fræðast um verkefnið á fjölda tungumála á vef Vesturbæjarskóla, www.vesturbaejarskoli.is.

## ■ MYNDUÐUST STRAX STERK VINATENGSL

Herdís Gunnarsdóttir og Laufey Karitas Einarsdóttir heyrðu báðar um verkefnið Vinafjölskyldur í Vesturbæ þegar börnin þeirra, Sólon og Sylvana, voru að hefja nám í Vesturbæjarskóla. Í bekk með börnum þeirra var hin pólska Karolina og fljótlega eftir að skólinn hófst voru Herdís og Laufey Karitas komnar í samband við móður hennar Agnezku Nowik, sem hafði þannig fengið úthlutað tveimur vinafjölskyldum.

„Reynslan af þessu verkefni hefur verið mjög góð," segir Agneszka. „Við vorum dálítið áttavillt hér í samfélaginu og vinafjölskyldurnar okkar hjálpuðu okkur til þess að kynnast skólakerfinu og taka þátt í skólalífinu. „Þetta var auðvitað sérlega gott fyrir Karolinu sem kynntist þannig öðrum krökkum strax."

Herdís segist mæla eindregið með þátttöku í verkefninu Vinafjölskyldur. „Hjá okkur hefur tekist vel til, það mynduðust strax svo sterk vinatengsl við höldum góðu sambandi enn. Þetta verkefni er þannig að manni fer strax að finnast það alveg nauðsynlegt, það hjálpar útlendingum sem eru að setjast hér að til að tengjast samfélaginu miklu betur en ella."



**GÓÐIR VINIR** Sylvana, Sólon og Karolina hafa þekkst síðan í fyrsta bekk. Þau eru góðir vinir og eru öll í 3. GH í Vesturbæjarskóla. „Þau hafa komið í heimsókn til mín," segir Karolina. „Já, við höfum oft hist fyrir utan skóla," bæta Sylvana og Sólon við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Laufey Karitas tekur undir þetta. „Mér finnst þetta hafa verið æðislegt og gaman að taka þátt í þessu verkefni. Það skiptir auðvitað miklu máli að allir skilja skilaboðin frá skólanum og þar höfum við getað hjálpað til."

Agneszka segir ýmislegt hafa komið á óvart í íslensku skólakerfi. „Hér er allt miklu afslappaðra en í Póllandi, krakkarnir ávarpa kennarann með fornafni og gleðin er við völd í skólastarfinu, ekki agi og reglur." Hún segir að þó að hún hafi ekki sömu þörf og áður á stuðningi fjölskyldnanna tveggja þá hafi trygg bönd myndast, sem sé ómetanlegt.

## ■ 20 ÁR FRÁ STAÐFESTINGU BARNASÁTTMÁLANS

Barnasáttmálinn var formlega samþykktur á allsherjarþingi S.Þ. haustið 1989. Allar aðildarþjóðir S.Þ. hafa staðfest sáttmálann nema Bandaríkin og Sómalía. Staðfestingin felur í sér að lög og reglur eigi að vera í samræmi við sáttmálann og aðildarríkin geri það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja lögunum.

Megininntak Barnasáttmálans er að gefa börnum grið, tækifæri og áhrifamátt. Um er að ræða alþjóðlega viðurkenningu á því að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram fullorðna, þeim séu tryggð full mannréttindi og eigi rétt á að alast upp við öryggi og í friði, burtséð frá búsetu, kynferði, kynþætti, trú eða félagslegum aðstæðum.

Þess má geta að sáttmálinn hefur ekki verið bundinn í lög hér á landi meðal annars vegna ákvæða í sáttmálanum um að ekki megi vista unga afbrotamenn (börn á aldrinum 15-18) með fullorðnum afbrotamönnum. Nánari umfjöllun um sáttmálann er að finna á vefsíðu umboðsmanns barna www.barn.is.

**Verkefnið Vinafjölskyldur í Vesturbæ tengist annarri grein sáttmálans**

1. Aðildarríki skulu virða og tryggja hverju barni réttindi, án mismununar af nokkru tagi, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðhátta eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns.
2. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá um að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra.

**20 ÁRA**
**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

**Í ár eru 20 ár liðin frá því að Ísland staðfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.** Í tilefni stórafmælis sáttmálans mun Fréttablaðið fjalla reglulega í helgarblaði um málefni sem tengjast Barnasáttmálanum með einum eða öðrum hætti.



netto
Kræsingar & kostakjör

# HAFÐU ÞAÐ HOLLT
## HEILSUDAGAR Í NETTÓ
## LÍFRÆNAR VÖRUR Á **25%** AFSLÆTTI Í 2 VIKUR

LÍFRÆNT 25% afsláttur







### HRÁFÆÐI FREISTING
Léttur, hollur og bragðgóður eftirréttur. Veldu súperfæði í eftirrétt. Ekkert hveiti, sykur, ger eða mjólkurvörur.



### BIONA
Niðusuðuvörur

### HVEITIKÍM
Hveitikím inniheldur fjölmörg vítamín og steinefni og er mjög prótein rikt. Hægt er að nota hveitikím í heilsuhristinginn eða gera trefjarikt brauð úr því á 5 mínútum.

LÍFRÆNT 25% afsláttur

### RAPUNZEL HAFRAFLÖGUR
Rapunzel framleiðir lífrænt ræktaðar matvörur af ástríðu og bragðgæðin eru einstök. Hafraflögurnar eru tilvaldar í hollan morgunverð.



### ENGIFERÖL:
Nú í stærri umbúðum - 330 ML
Engiferöl inniheldur engan hvítan sykur né aukefni. Veldu hollari valmöguleiki fyrir alla fjölskylduna.

**Hollur og mettandi hafragrautur**

1 dl grófir og fínir hafrar frá Rapunzel
4 dl vatn
sjávarsalt
Rísmjólk frá ISOLA (sem er unnin úr brúnum hrísgrjónum!)
Rapunzel rúsínur, apríkósur, fíkjur og/eða hörfræ eftir smekk

**Heilsuboozt**

hveitikím,
jarðaber,
Isola rismjólk,
klakar,
banani
epli

Hveitikímið ávallt sett úti síðast og hrært rólega.

Í staðin fyrir banana er hægt að setja döðlur sem hafa verið lagðar í bleyti.. og svo framvegis... svo er bara að nota ímyndunaraflið

### HRÍS-MJÓLK



### NÁTTÚRU-SAFAR



### AMISA
Glúteinlausar vörur

### HÖRFRÆOLÍA:
Hörfræolía er auðug af omega 3 sem er ein af lífsnauðsynlegu fitusýrunum.

### THE BERRY COMPANY
Ávaxtasafar

LÍFRÆNT 25% afsláttur







Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

**Tilboðin gilda 26. janúar - 9. febrúar**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

eða meðan birgðir endast

# Afmælisbarnið hefur dafnað vel

Í dag eru hundrað ár síðan Íþróttasamband Íslands var stofnað í Bárubúð í Reykjavík. *Sigurður Elvar Þórólfsson* ræddi við **Ólaf Rafnsson**, forseta Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands í tilefni aldarafmælis stærstu félagslegu hreyfingarinnar á Íslandi.

Við sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997 varð til Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Íþróttasamband Íslands, sem var stofnað þann 28. janúar árið 1912, fagnar hundrað ára afmæli sínu í dag. Eitt af meginverkefnum ÍSÍ er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi auk þess að styðja við þróun hvers kyns íþrótta, jafnt almennings- sem afreksíþrótta. Fyrsta spurningin til Ólafs var hvort hann sjái fyrir sér að hlutverki ÍSÍ eigi eftir breytast?

„Grundvallarhlutverk ÍSÍ er að skapa umgjörð fyrir íþróttastarfsemi sem regnhlíf yfir sína sambandsaðila, sem samanstanda af annars vegar íþróttahéruðum og hins vegar sérsamböndum einstakra íþróttagreina. ÍSÍ hvetur og styður dyggilega við sína sambandsaðila, en innan þeirra vébanda fer svo fram hin eiginlega íþróttalega starfsemi. Það er ekkert sem gefur tilefni til að bylta því hlutverki, en hins vegar hefur orðið og mun verða talsverð þróun í því hvernig þessu hlutverki er sinnt og í hverju það felst.

Í dag endurspeglast áherslur Íþrótta- og Ólympíusambandsins í þeim þremur sviðum sem bera uppi starfsemina, Afreks- og Ólympíusviði, Almenningsíþróttasviði og Fræðslu- og þróunarsviði. Hefur undanfarin misseri verið unnið skipulega að því að endurskoða bæði innra sem ytra skipulag hreyfingarinnar og var niðurstaða þess ferlis staðfest á síðasta Íþróttaþingi.



**STÓRAFMÆLI** Ólafur Rafnsson er sá sjötti í röð forseta ÍSÍ frá upphafi. Forverar hans í þessu embætti eru Axel V. Tulinius, 1912-1926, Benedikt G. Waage, 1926-1962, Gísli Halldórsson, 1962-1980, Sveinn Björnsson, 1980-1991 og Ellert B. Schram, 1991-2006. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fylgjum þróun samfélagsins

*Hver er staðan í dag hjá afmælisbarninu og hvernig sérðu fyrir þér stöðuna eftir 10, 50, 100 ár?*

„Afmælisbarnið hefur dafnað vel á einni öld, og vonandi náð að fylgja samfélagslegri þróun. Þótt grunngildi og hlutverk hreyfingarinnar haldist í megindráttum óbreytt þá hafa viðfangsefni og ytri samfélagslegar kröfur tekið talsverðum breytingum. Ég hygg að sú þróun muni halda áfram samhliða breytingum á þjóðfélagsháttum almennt og að annarri öld liðinni munu þau viðfangsefni sem við erum að fást við í dag að hluta til verða fortíðinni að bráð líkt og þau sem brýnust voru í upphafi síðustu aldar. Ef ég á að leyfa mér að spá fyrir um framtíðina þá hygg ég að talsvert þurfi að sinna því að verja þann pýramída sem íþróttahreyfingin starfar innan, sjálfstæði hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum, lagalegri óvissu og viðskiptalegri starfsemi.

> Starf sjálfboðaliða á Íslandi, hvort heldur er í íþróttahreyfingunni, björgunarsveitum eða hjálparstarfi, nýtur ekki verðskuldaðrar virðingar að mínu mati, og úr því þarf að bæta.

Ytri ógnir gagnvart hefðbundnum íþróttalegum gildum eru raunverulegar, og má sem dæmi nefna ólöglega veðmálastarfsemi og viðskiptalegt eignarhald á íþróttafélögum, sem þekkist víða erlendis. Tækniþróun mun hafa mikil áhrif á ásýnd, miðlun og viðskiptalega þróun íþrótta, og ekki síður á leikreglur, dómgæslu og mælanleika árangurs.

Þá trúi ég því að vægi íþróttaiðkunar í baráttu gegn lífstílssjúkdómum og félagslegum vandamálum verði meira, en að sama skapi þarf að gæta að því að verja íþróttapýramídann og rjúfa ekki sjálfbært jafnvægi á milli grasrótar og afreksstarfs til að svo megi verða. Almenningsíþróttir og heilbrigðir lífshættir byggja fyrst og fremst á hvatningu og fyrirmyndum afreksstarfsins.“

### Verðlaunin sameina þjóðina

*Íþróttaafrek Íslendinga á Ólympíuleikum, hvaða þýðingu hafa þau fyrir Ísland að þínu mati?*

„Ólympíuleikar nútímans hafa náð að skapa sér algera sérstöðu varðandi áhuga á einstökum viðburði, sem langstærsta íþrótta- og menningarhátíð heimsins. Þetta hefur leitt til þess að nær allir íþróttamenn sem stefna að hæstu afrekum í sinni íþróttagrein setja Ólympíuleika í forgang á sínum ferli, eigi þeir möguleika á því.

Það mun verða æ erfiðara fyrir smáþjóðir að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum og í ljósi þeirrar athygli og virðingar sem slík verðlaun njóta í dag hafa þau óumdeilanlega mikla þýðingu fyrir hvert það samfélag sem þau öðlast. Flestar þjóðir verja miklum fjármunum til að komast í þá stöðu að öðlast slík verðlaun. Okkur ætti auðvitað að vera í fersku minni hversu vel verðlaun á Ólympíuleikum hafa sameinað þjóðina, og ég hygg að ekkert einstakt afl í samfélaginu stuðli meira að einingu og samstöðu þjóðarinnar en árangur okkar besta afreksfólks. Á slíku höfum við ef til vill aldrei þurft jafn mikið að halda og nú.“

*Íþróttahreyfingin er fjölmenn, margir sem vinna í grasrótarstarfinu og halda þessu gangandi. En er nóg virðing borin fyrir því starfi sem unnið er til þess að íslenskt afreksfólk geti náð sem allra lengst?*

„Þátttakendur í íþróttahreyfingunni eru samofnir þjóðinni og verða illa aðskildir frá henni. Innan vébanda hreyfingarinnar eru skráðir nær 150 þúsund félagar, en auk þess eru fjölmargir aðilar sem koma beint og óbeint að starfseminni án þess að vera þar sérstaklega skráðir. Má þar ekki síst nefna foreldra. Fyrir dyrum stendur hjá ÍSÍ að hefja skipulega skráningu sjálfboðaliðastarfsins í hreyfingunni, annars vegar til að fá haldbærar upplýsingar um umfang þess starfs, og gera þannig upp þau verðmæti með sjálfstæðum reikningsskilum sem ég hef nefnt „efnahagsreikning mannauðs“ en ekki síður með það fyrir augum að skapa skipulegan grunn til þess að veita viðurkenningar til sjálfboðaliðanna. Starf sjálfboðaliða á Íslandi, hvort heldur



er í íþróttahreyfingunni, björgunarsveitum eða hjálparstarfi, nýtur ekki verðskuldaðrar virðingar að mínu mati og úr því þarf að bæta. Þetta er sú auðlegð sem við þurfum að leggja aukna rækt við, og engin kreppa getur svipt okkur.“

**Stöðug barátta um fjármagn**

*Staða afreksfólks hefur verið mikið í umræðunni að undanförnu. Endalaus barátta um fjármagn. Hefur þú einhverja skýringu á því af hverju það gengur svona hægt að fá aukið fjármagn í afreksíþróttir?*

„Barátta um nægilegt fjármagn hefur alltaf fylgt íþróttahreyfingunni og svo mun líklega verða um ókomna tíð. Varðandi skýringu á því að hægt gangi að fá aukið fjármagn til afreksstarfs felst hún auðvitað fyrst og síðast í því efnahagshruni sem varð hér haustið 2008, og eftir atvikum viðhorfum og forgangsröðun stjórnvalda frá þeim tíma. Ég hef náð í þessu embætti að upplifa bæði góðæri og kreppu. Fyrir 5-6 árum tókst okkur að gera fyrstu föstu samninga við ríkisvaldið um framlög til reksturs sérsambanda og ferðakostnað fyrir keppni innanlands, samhliða öflugri uppbyggingu einstakra sveitarfélaga á íþróttamannvirkjum og niðurgreiðslu æfingagjalda yngstu iðkenda. Þetta voru allt stór og byltingarkennd skref, þótt mikið af þessu hafi verið dregið saman við hrun og samningar við ráðuneyti jafnvel ekki verið efndir að fullu, heldur þvert á móti skornir niður á fjárlögum. Varðandi Afrekssjóð ÍSÍ þá var gerður samningur árið 2003 til fimm ára, og rann út í árslok 2008 – eins heppileg tímasetning og það reyndist síðar vera. Við höfðum nýlega stigið niður af Arnarhóli í fagnaðarvímu með silfurdrengjunum frá Peking, og áttum í september afar jákvæða fundi bæði með okkar stuðningsaðilum og ríkisvaldinu um verulega aukningu framlaga. Fáeinum vikum síðar hrundi íslenskt efnahagslíf, og málin þróuðust í þveröfuga átt. Stöðugar viðræður hafa átt sér stað við stjórnvöld um endurnýjun framangreindra samninga, og að okkar mati eiga engar upplýsingar að vera þokukenndar um stöðu mála, heldur snýst málið nú fyrst og síðast um vilja og forgangsröðun stjórnvalda.“

*Ólympíuleikarnir fara fram í sumar í London á Englandi. Hvaða væntingar hefur þú til íslenska afreksfólksins sem þar munu keppa?*

„Um þessar mundir er íþróttafólk okkar í hinum ýmsu íþróttagreinum að vinna að því að tryggja sér þátttöku á Ólympíuleikunum í London í sumar. Á síðustu leikum vorum við með 27 þátttakendur og komum heim með ein silfurverðlaun, og það í hópíþrótt, sem verður að teljast undraverður árangur fyrir smáþjóð á borð við Ísland. Við vonum að bæði stjórnvöld og íslenska þjóðin muni styðja við bakið á öllu okkar afreksfólki sem möguleika á að ná inn á leikana, og jafnvel vinna þar til verðlauna. Það eina sem ég get lofað er að þau munu öll verða íslenskri þjóð til sóma.“

## FJÓRUM SINNUM Á VERÐLAUNAPALLI Á ÓLYMPÍULEIKUM

Ísland tók fyrst þátt í Ólympíuleikunum í London 1908 og svo aftur í Stokkhólmi 1912. Ísland tók ekki þátt í Ólympíuleikum 1924, 1928 og 1932 vegna slæms efnahagsástands. Síðan 1936 hafa Íslendingar tekið þátt í öllum leikum nema vetrarleikunum í Sapporo í Japan 1972. Fjórum sinnum hafa Íslendingar staðið á verðlaunapalli á Ólympíuleikum. Fyrstur Íslendinga til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum var Vilhjálmur Einarsson, silfurverðlaunahafi í þrístökki í Melbourne í Ástralíu árið 1956. Bjarni Friðriksson vann bronsverðlaun í -95 kg flokki í júdó árið 1984 í Los Angeles í Bandaríkjunum. Vala Flosadóttir hlaut bronsverðlaun í stangarstökki í Sydney í Ástralíu árið 2000. Ísland hlaut síðan silfurverðlaun í handknattleik karla á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.



MYND/PJETUR

## 28. JANÚAR 1912

Íþróttasamband Íslands var stofnað á fundi í Bárubúð 28. janúar 1912 að frumkvæði Sigurjóns Péturssonar, sem þá var vafalítið fremsti íþróttamaður landsins. Sigurjón hafði hvatt til þess að stofnað yrði íþróttasamband fyrir öll íþróttafélög Íslands því „það sem mest stæði hérlendum íþróttum fyrir þrifum væri það, að hvert félag húkti sér og algerlega vantaði sameiginlegan blæ á íþróttirnar.“ Þá taldi Sigurjón að sambandið ætti að ala upp menn til að senda á erlend íþróttamót eins og t.d. Ólympíuleika. Í byrjun heyrðu sextán íþróttagreinar undir sambandið en í dag eru sérsamböndin alls 28 og 8 íþróttanefndir eru starfandi hjá íþróttagreinum sem eru enn ekki orðnar að sérsambandi. Brýnasta verkefnið var undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í Stokkhólmi 1912, en á þeim leikum áttu Íslendingar sjö keppendur.





**Sendu ljósmynd frá uppáhaldsborginni þinni**
Finndu eina mynd úr myndasafninu þínu, farðu inn á www.icelandair.is/ferdaminning og sendu mynd með sögu.
Þú gætir verið á leið til uppáhaldsborgarinnar þinnar í boði Icelandair.

ICELANDAIR

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Þessi ferð gefur frá 1.800 til 5.400 Vildarpunkta aðra leiðina.



**GRÆNMETI OG ÁVEXTIR** Nauðsynlegt er að borða 400 grömm af grænmeti og ávöxtum daglega. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um matarvenjur Íslendinga.

# Gott er að borða gulrótina

Taki fólk ekki inn lýsi eða fjölvítamíntöflur er nær borðleggjandi að það líður einhvern bætiefnaskort samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar á mataræði Íslendinga. *Óli Kristján Ármannsson* kafaði aðeins nánar í skýrsluna „Hvað borða Íslendingar“ og rýnir í hvernig berja megi í brestina í mataræðinu. Þróunin hefur verið í rétta átt allt frá 1939 þegar mataræðið var fyrst kannað.

Transfituslagurinn er unninn samkvæmt því sem fram kemur í nýrri landskönnun á mataræði Íslendinga og eru þær nú nær horfnar hér úr öllum mat, öðrum en þeim þar sem transfita er til staðar frá náttúrunnar hendi. Viðbætt transfita (það er að segja jurta- og fræolíur sem hertar hafa verið að hluta) hefur nefnilega verið bönnuð hér líkt og í fjölda Evrópulanda.

Í helstu niðurstöðum könnunarinnar, sem birt var í vikunni, kemur fram að mataræði landans hafi heldur þokast nær ráðleggingum um heilsusamlegt mataræði.

Ýmislegt bjátar hins vegar enn þá á í mataræði þjóðarinnar að mati næringarfræðinga. Fita plagar þjóðina, á margvíslegan máta. Of mikið er borðað af mettuðum fitusýrum, sem koma jú í magni úr mjólkurvörum og osti, kjötvörum og margvíslegu feitmeti. Svo er fólk líka heldur þungt, en í mataræðiskönnuninni nýju kemur líka fram að sé miðað við staðla Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar þá séu hér tveir þriðju hlutar karla og helmingur kvenna yfir kjörþyngd.

Síðan bjátar nokkuð á hvað varðar ráðlagða neyslu á grænmeti og ávöxtum, og trefjum og svo hallar heldur á bætiefni á borð við D-vítamín, B-vítamínið fólat og járn. Af þessu þrennu er D-vítamín skorturinn litinn einna alvarlegustum augum og hafa þegar verið boðaðar aðgerðir til þess að bregðast við honum. Nær allir sem ekki taka lýsi eða taka einhvers konar vítamíntöflur þjást af D-vítamínskorti og verður því áður en langt um líður hafin íblöndun á vítamíninu í léttmjólk og það í töluvert meira magni en er nú þegar að finna í svokallaðri Fjörmjólk.

Hér verður því leitast við að rýna aðeins í þá flokka sem hallar á í mataræði landsmanna og því velt upp hvernig megi bæta úr. Mataræði hér á landi hefur verið kannað reglulega allt frá árinu 1939, að því er fram kom við kynningu á skýrslunni „Hvað borða Íslendingar“, núna fyrir helgina og hefur allan tímann þokast nær ráðleggingum næringarfræðinga. Má því ætla að nokkurrar bjartsýni gæti meðal næringarfræðinga fyrir næstu könnun og verður hér lagst á árar með þeim í umfjöllun um heilnæmt fæði.

## Meðalmanninn vantar enn tvo fimmtu upp á

Krafan um að fólk uppfylli dagsþörf sína á grænmeti og ávöxtum með því að borða af því 400 grömm á dag kann að hljóma íþyngjandi. En eins og sést á vigtinni hér til hliðar eru 400 grömm fljót að koma og þarf kannski ekki að bæta svo miklu við salatið og gúrkusneiðarnar sem oft fylgja á kvöldmatardisknum til þess að markinu sé náð.

Ef til vill þarf því ekki svo mikið í viðbót til þess að markmiðum verði náð í næstu mataræðiskönnun, því í þeirri nýjustu kemur fram að ávaxtaneysla hefur aukist hér á landi um 54 prósent frá árinu 2002 og er nú að meðaltali 119 grömm. Grænmetisneyslan hefur hins vegar aukist aðeins minna, eða um fimmtung á sama tíma og mælist meðaldagneysla á því nú 120 grömm. Saman ná þessar tölur hins vegar ekki nema 239 grömmum eða rétt tæpum 60 prósentum af ráðlögðum dagsskammti. Þá þarf meðalmaðurinn bara að auka neyslu sína um tvo fimmtu og markinu er náð.



### 400 grömm af grænmeti og ávöxtum

Fólk ræður því nokk sjálft hvaða samsetningu það velur af grænmeti og ávöxtum yfir daginn og í einstökum máltíðum. Vigtin hér til hliðar gefur hins vegar nokkra hugmynd um hversu umfangsmikill ráðlagður dagskammtur kann að vera.

## FLESTIR BORÐA KJÖT

Nær allir, eða 98 prósent þeirra sem þátt tóku í nýrri neyslukönnun, segjast borða kjöt að minnsta kosti einu sinni í viku og helmingur segist borða kjöt fjórum sinnum í viku eða oftar. Karlar borða kjöt oftar en konur og yngra fólkið oftar en það eldra.

Aðeins færri borða fisk í sama mæli, en 91 prósent fólks borðar fisk að minnsta kosti einu sinni í viku, 70 prósent tvisvar og þriðjungur þrisvar í viku eða oftar. „Aldursskiptingin er þó önnur með fiskneysluna, þar borða þeir eldri (61 til 80 ára) oftar fisk og neyslan er mjög svipuð á milli kynjanna,“ segir í niðurstöðum könnunarinnar.

Kjöt- og fiskmeti (ásamt reyndar hnetum og baunum) er sagt mikilvæg uppspretta próteins, vítamína og steinefna. Hins vegar þarf fólk víst aðeins að hafa varann á því að í feitu kjöti, til dæmis lamba-, nauta- og svínakjöti, er hlutfallslega mikið af mettaðri fitu, en hún getur leitt til aukins kólesteróls í blóði og þar með aukið hættuna á kransæðasjúkdómum.

Æskilegt er sagt að borða fisk að minnsta kosti tvisvar í viku, auk þess að nota líka fiskálegg og fisksalat á brauð. Þá er fólki ráðlagt að velja fitulítið kjöt og kjötafurðir með minna en 10g af fitu í 100g skammti.

## ■ LANDSMENN ÞURFA AÐ BORÐA MEIRA KORNMETI OG D-VÍTAMÍN

### Bæta þarf sér upp bætiefnaskortinn



Skortur á D-vítamíni er ein alvarlegasta brotalömin á mataræði Íslendinga að mati aðstandenda nýrrar könnunar á því hvað landinn lætur í sig. „Konur fá minna af D-vítamíni en karlar enda taka þær síður lýsi og borða minna af fiski en þetta eru helstu D-vítamíngjafar fæðunnar,“ segir í samanteknum niðurstöðum könnunarinnar. Grípa á til sérstakra aðgerða til að auka hlutfall D-vítamíns í almennu fæði, svo sem að blanda því í léttmjólk, en þangað til geta þeir sem telja sig þjást af D-vítamínskorti annað hvort hafið bætiefnaát, eða breytt mataræði sínu. Eigi að taka á mataræðinu er helst að auka við fiskátið, en sérstaklega er það feitur fiskur, svo sem lax eða lúða sem er ríkur af D-vítamíni. Gæta þarf þó þess að fara ekki offari í inntökunni því ofskömmtun af D-vítamíni skolast ekki af sjálfu sér úr líkamanum eins og gerist með C-vítamínið.

Þá leiddi könnunin í ljós að meðalneysla á B-vítamíninu fólati er undir ráðlögðum dagskammti, einkum meðal ungra kvenna sem einungis ná 68 prósentum af ráðlögðum dagskammti úr fæðunni einni. Fólat er helst að finna í morgunkorni, grænmeti, ávöxtum og brauði. Þannig gætu ungar konur mögulega slegið tvær flugur í einu höggi með því að auka grænmetisát um leið og þær skipta yfir í heilkornabrauð. Þar gæti meira að segja verið komin hjálp við járnskorti líka, en konur á barneignaraldri fá að meðaltali ekki nema 70 prósent af járnþörfinni úr matnum einum. Járn er náttúrulega að finna í kjöti, en einnig í grænmeti, brauði og morgunkorni.

### Heilkorn kunna að leysa margan vanda

Trefjaefnaneysla er lág hér á landi,“ sagði Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði, þegar kynnt var í vikunni könnun á mataræði Íslendinga. „Og það er bara af því að gæðin á þessum matvælum sem innihalda kolvetni, sem eru úr jurtaríkinu, eru bara ekki nógu mikil. Mikið unnar kornvörur eru mjög áberandi og lítið af grænmeti og ávöxtum.“ Þá var vakin á því athygli að flest það brauð sem hér hafi verið kallað „gróft“ væri það ekki í raun og myndi flokkast sem fín í flestum okkar nágrannalöndum. Bakarar gætu lyft grettistaki í matvælamálum þjóðarinnar með því að auka framboð á grófum brauðum. „Núna eru að koma á markað fleiri brauð úr heilkorni og mætti lyfta því betur upp. Það er ekki bara verið að horfa á trefjarnar heldur að allt kornið sé nýtt þegar verið er að mala,“ sagði Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor í matvæla- og næringarfræðideild Háskólans.

Á vef Lýðheilsustofnunar, sem nú heyrir undir Landlækni, kemur fram að til kornvara teljist hafrar, rúgur, hveiti, bygg, hrísgrjón, maís og annað korn svo og afurðir úr þessum vörum, svo sem brauð, grautar á borð við hafragraut, pasta og morgunkorn. Kartöflur eru svo bæði í flokki kornvara og grænmetis.

„Trefjaríkur matur, svo sem heilkorna vörur, skipta miklu máli til að meltingin sé góð,“ segir á vefnum og bent er á að trefjaríkur matur, svo sem úr heilkorni, geti hjálpað til við að halda þyngdinni innan eðlilegra marka þar sem hann veiti mettunartilfinningu og fyllingu. „Þeir sem neyta trefjaríkrar fæðu, svo sem heilkornsvara, ásamt öðrum hollum mat, eiga síður á hættu að fá langvinna sjúkdóma á borð við hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki af gerð tvö (fullorðinssykursýki) og sumar tegundir krabbameina.“



## VANMETA NAMMIÁT



Algengast er að fólk borði sælgæti nokkrum sinnum í viku og um tíundi hver í könnuninni „Hvað borða Íslendingar?“ segist borða sælgæti daglega eða oftar. Um átta prósent segjast aldrei borða sælgæti.

Neysluhlutfall sælgætis er sagt mjög svipað og árið 2002. Sælgæti virðist hins vegar vera sú matvara sem helst er vanmetin í könnuninni ef tekið er mið af framboði og sölutölum.

Ungir karlar á aldrinum 18 til 30 ára eru sagðir drekka oftar sykraða gosdrykki og íþrótta- og orkudrykki en aðrir hópar. Ungar konur eru hins vegar sá hópur sem oftast drekkur sykurlausa gosdrykki.

Landlæknisembættið, Matvælastofnun og Rannsóknarstofa í næringarfræði mælast hins vegar til þess að fólk reyni fremur að auka á vatnsdrykkju til að slá á þorsta.


*Tilboðin gilda til 31. janúar
PATRICK
Polar Stretch
Verð:
8.900 kr
Nú aðeins:
7.565 kr
PAULA
Polar Stretch
Verð:
9.900 kr
Nú aðeins:
8.415 kr
NOR WEAR
SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!
HIN ÁRLEGA RISAÚTSALA
ICEWEAR Í SUÐURHRAUNI!
15% afsláttur á öllum vörum sem ekki eru á útsölu!
ICE WEAR
NORWEAR FOR ALL CONDITIONS
Velkomin í verslun okkar:
Suðurhraun 12c, 210 Garðabær / sími: 555 7409
10-18 alla virka daga / 11-18 laugardaginn 28. jan / 12-16 sunnudaginn 29. jan
www.icewear.is




31

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 6 | | 7 | | | | |
| | | | | | | 2 | 9 | |
| | 1 | | 3 | | 4 | 6 | | 7 |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 3 | 2 | 7 | | 1 | 4 | 6 | |
| | 9 | | | | | 1 | | |
| 6 | | 1 | 9 | | 7 | | 4 | |
| | 5 | 7 | | | | | | |
| | | | | 6 | | 9 | | 2 |

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Í BÓNUS LAUGARDAGUR OPNUM KL. 10




1198 KR. KG

ALI **BAYONNE-SKINKA**
ÚR LÆRI / 1.FLOKKUR



**FERSKUR GRÍSABÓGUR**
698 KR.KG

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS




1995 KR. KG

KJÖRFUGL **FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**



998 KR. KG

NF FROSNIR **ÝSUBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR




1398 KR. KG

NF FROSIN **ÍSLENSK BLEIKJA**
*BEINLAUS MEÐ ROÐI*



998 KR. KG

NF FROSNIR **ÞORSKBITAR**
ROÐ OG BEINLAUSIR

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



1695 KR. KG

KS FROSINN **LAMBAHRYGGUR**

KS
**FROSIÐ LAMBA KJÖT**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



1359 KR. KG

KS FROSIÐ **LAMBALÆRI**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



259 KR. KG

KS FROSIN **LAMBALIFUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



998 KR. KG

KS FROSINN **LAMBAFRAMPARTUR /BÓGUR**

ÓDÝRT Í BÓNUS **ÓDÝRT Í BÓNUS** ÓDÝRT Í BÓNUS



298 KR. KG

KS FROSIN **LAMBAHJÖRTU**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**DÆMDUR** Luis Suárez og Patrice Evra í leiknum afdrifaríka í október. Í kjölfarið var sá fyrrnefndi dæmdur í átta leikja bann. NORDICPHOTOS/AFP

# LEIKURINN sem allir óttast

Andrúmsloftið er spennuþrungið fyrir stórleik **Liverpool og Manchester United** í enska bikarnum, sem fram fer í dag, vegna atburða síðustu mánaða. *Kjartan Guðmundsson* velti fyrir sér viðureigninni sem margir hræðast að gæti endað í vitleysu – leysist upp í slagsmál eða önnur vandræði.

Við vinnum náið með báðum félögum, lögreglunni í Manchester og stuðningsmannasamtökunum í aðdraganda leiksins, meðan á honum stendur og að honum loknum. Ef athygli okkar verður vakin á óviðeigandi ummælum eða hegðun meðal áhorfenda verður tekið á því af festu,“ segir í yfirlýsingu sem lögreglan á Merseyside-svæðinu, varnarþingi Liverpool, sendi frá sér í vikunni vegna viðureignar Liverpool og erkifjendanna í Manchester United í ensku bikarkeppninni sem fram fer í dag.

Leikir þessara tveggja sigursælustu liða í sögu enskrar knattspyrnu hafa áratugum saman verið þrungnir spennu. Utanaðkomandi aðstæður valda því þó að margir hræðast óvenju mikið að upp úr sjóði milli aðdáenda liðanna tveggja í dag með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Yfirlýsing Merseyside-lögreglunnar ber þessum titringi berlega vitni.

### Suárez dæmdur í bann

Forsagan er sú að 20. desember síðastliðinn var Luis Suárez, framherji Liverpool frá Úrúgvæ, dæmdur í átta leikja bann og 40.000 punda sekt af enska knattspyrnusambandinu fyrir að viðhafa móðgandi orðbragð í garð Patrice Evra, hins franska varnarmanns Manchester United, í leik liðanna í ensku deildinni á Anfield, heimavelli Liverpool, í október. Eftir leikinn kærði Evra Suárez fyrir að hafa beitt sig kynþáttaníði. Suárez neitaði ásökununum og bæði félögin studdu sína leikmenn í hvívetna. Knattspyrnusambandið skipaði nefnd sem gerði rannsókn á atvikinu og voru niðurstöður hennar, sem birtar voru í 115 síðna langri skýrslu, á þá leið að Suárez hefði gerst brotlegur við reglur sambandsins.

Í grófum dráttum gekk vörn Suárez út á að orðið negro, sem Suárez var dæmdur fyrir að nota um Evra, gæti haft allt aðra og jákvæðari merkingu í Suður-Ameríku en í Evrópu. Þessu hafnaði rannsóknarnefndin og tók jafnframt fram að Frakkinn hefði verið áreiðanlegt vitni, öfugt við Úrúgvæjann.

Stjórnendur Liverpool ákváðu að áfrýja ekki úrskurði nefndarinnar en ítrekuðu trú sína á sakleysi Suárez og héldu því fram að í raun og veru hefði ekkert saknæmt sannast á leikmanninn. Í sama streng tóku ýmsir sem rýndu í skýrsluna og sögðu hana einungis réttlætingu á fyrirframgefinni niðurstöðu. Aðrir fögnuðu banninu á Suárez og sögðu það lið í þeirri viðleitni að losa knattspyrnuna við allt sem flokkast getur undir kynþáttaníð fyrir fullt og allt.

### Umtal í kringum Liverpool

Sjálft bannið á Suárez er þó einungis hluti af titringnum sem einkennt hefur atburðarásina. Skömmu áður en dómurinn á hendur Suárez féll hituðu leikmenn Liverpool upp fyrir deildarleik gegn Wigan í stuttermabolum með mynd af leikmanninum á, til að sýna honum stuðning. Meðal þeirra sem klæddust téðum stuttermabolum var Glen Johnson, þeldökkur varnarmaður liðsins, og hlaut hann bágt fyrir hjá mörgum vegna þessa. Sjálfur sagðist Johnson hafa sínar ástæður fyrir því að styðja Suárez, en þetta uppátæki leikmannanna mæltist víða illa fyrir og ekki síst hjá bresku pressunni.

Ekki skánaði svo umtalið í kringum Liverpool eftir bikarleik gegn Oldham í byrjun janúar. Þá brast Tom Adeyemi, hinn tvítugi miðjumaður Oldham, í grát eftir að svo virtist sem einn áhorfandi eða fleiri í Liverpool-stúkunni hefðu verið með kynþáttafordóma gagnvart leikmanninum. Einn var handtekinn vegna málsins, en það mun enn vera í rannsókn.

### Allt á suðupunkti

Þegar rígurinn milli stuðningsfólks félaganna tveggja er tekinn með í reikninginn verður því að teljast ansi líklegt að allt verði á suðupunkti í leiknum í dag. Þá bætist við sú staðreynd að stuðningsmenn síðarnefnda liðsins verða rúmlega helmingi fleiri á Anfield en vanalegt er vegna reglna ensku bikarkeppninnar, sem eykur líkurnar á vandræðum talsvert. Luis Suárez er enn í leikbanni en Patrice Evra mun vera leikfær og líklegur til að vera í byrjunarliðinu.

Forsvarsmenn Liverpool og Manchester United hafa fundað sín á milli og biðlað til aðdáenda sinna að sýna stillingu. Knattspyrnunnar vegna hljóta vonir allra að standa til þess að þeim verði að ósk sinni.



ALEX FERGUSON



KENNY DALGLISH

## ALLRA AUGU BEINAST AÐ ÞESSUM LEIK



Sigurður Hlöðversson, útvarpsmaður, hugmyndasmiður og ritari Stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi, sér ekki fyrir sér nein risavandamál tengd stórleiknum á Anfield í dag.

„Ég hugsa að allir komist heilir frá leiknum, bæði leikmenn og áhorfendur, en það verður svakaleg spenna og allra augu munu beinast að þessum leik. Síðustu árin hafa ekki verið vandræði milli stuðningsfólks þessara liða, engin slagsmál og engin læti. Menn hafa verið að syngja söngva um hitt liðið í stúkunni og svona rígur er bara eðlilegur og skemmtilegur, svo lengi sem ekki er verið að níða menn niður heldur hía á þá. Liverpool átti lengi metið yfir flesta Englandsmeistaratitla og hafði montréttinn, sem núna hefur færst yfir til Manchester United og það virðist ekkert sérstaklega bjart fram undan hjá Liverpool þessa dagana. Stuðningsmenn liðsins mega heldur ekki við miklu því það er vel fylgst með þeim. En þetta er alltaf eins, það er alltaf þröngur hópur sem skemmir fyrir heildinni.“

Sigurður telur að Alex Ferguson eigi að láta Patrice Evra spila leikinn. „Ég held að það hafi ekki hvarflað að Ferguson að spila honum ekki. Ég held að hann lesi varla blöðin og taki ekki eftir neinu umtali heldur meti hlutina út frá sjálfum sér. Þetta er svipað og ef ríkisstjórn Íslands hegðaði sér í samræmi við símatíma Útvarps Sögu. Það þykjast allir vita hvernig á að gera hlutina.“

Sigurður spáir sínum mönnum 0-2 sigri á Anfield í dag. „Ég ætla að leyfa mér að spá því að ef Evra spilar leikinn þá skorar hann síðara markið og gerir allt vitlaust.“

## FÆSTIR AÐ HUGSA UM FÓTBOLTANN



Aldrei þessu vant eru fæstir að hugsa um sjálfan fótboltann í þessum leik. Ég hef orðið mjög var við það hjá stuðningsfólki beggja liða,“ segir Kristján Atli Ragnarsson, ritstjóri á Kop.is, íslenskri stuðningsvefsíðu Liverpool.

Kristján Atli segir úrslit leiksins skipta minna máli en að leikurinn fari vel fram, innan vallar og utan, og að engir eftirmálar verði af honum. „Það hefur verið svo mikill hiti út af þessu máli með Suárez og Evra í fjölmiðlum og milli aðdáenda, rifrildi á netinu og ég veit ekki hvað og hvað, að margir hafa af því stórar áhyggjur að það verði mikil læti fyrir utan Anfield. Ef eitthvert hneykslismál kæmi upp, til að mynda varðandi meðferðina á Patrice Evra ef hann spilar, yrði það miklu skaðlegra fyrir Liverpool en nokkurn tíma að tapa fyrir Manchester United í þessum bikarleik. Liverpool hefur átt undir högg að sækja og mátt sæta mikilli gagnrýni út af þessu máli og margir stuðningsmenn eru logandi hræddir um að eitthvað fari illa.“

Kristján segist helst hafa kosið að stjórar liðanna, Kenny Dalglish og Alex Ferguson, hefðu komist að samkomulagi um að nota ekki Suárez og Evra í leikjum erkifjendanna svo stuttu eftir atburðinn. „Það er spurning hvernig Ferguson metur þetta, en mér finnst líklegt að Evra spili því hann er fyrirliði og einn af traustustu leikmönnum liðsins. Auðvitað eru stjórarnir að hugsa um að vinna fótboltaleiki og ekkert annað og vilja því hafa þessa menn til taks.

Aðspurður spáir Kristján sínum mönnum 1-0 sigri í leik þar sem allt verður í járnum. „Ef einhver skorar sigurmarkið gegn Manchester United er það Steven Gerrard. Annað kemur ekki til greina.“



fjölskyldan
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
janúar 2012

## Narfi Hjartarson

Er með grasafræðibakteríu og stundar plönturækt af miklum móð.

SÍÐA 2





## Spennandi sport

Þóra Þrastardóttir stofnar knapaklúbb fyrir börn og unglinga.

SÍÐA 6




# Færri krakkar fá vinnu en vilja

Vinnan göfgar manninn, segir máltækið. Það sýnir sig glöggt meðal þriggja unglinga sem vinna með grunnskólanámi sínu og eru hér teknir tali.

Unglingar í dag þekkja ekki annað en að vera unglingar í kreppu og maður heyrir marga kvarta yfir því að fá ekki pening fyrir því sem þeir vilja fá," segir Katla Líf Örnólfsdóttir nemandi í 10. bekk Snælandsskóla í Kópavogi. Hún starfar aðra hverja helgi í bakaríinu Café Konditori Copenhagen á átta tíma vöktum.

„Ég fór að vinna til að verða sjálfstæðari. Það var ýmislegt sem mig langaði að kaupa en fékk ekki pening fyrir hjá foreldrum mínum. Þá var fínt að hafa vinnu til að geta veitt sér það sem mann langar í," útskýrir Katla Líf.

Hún segir þónokkra úr sínum árgangi vinna með skólanum, flesta við verslun og þjónustu.

„En færri fá vinnu en vilja, eins og vinkonur mínar sem sótt hafa um hlutastörf án árangurs. Þær segjast oft öfunda mig fyrir að eiga næga vasapeninga."

Katla Líf segir góða tilfinningu að vinna og að launin dugi vel til þess sem hún þarf, að sinni.

„Að vinna hefur kennt mér margt og er líka góður skóli. Maður þarf að taka ábyrgð á sjálfum sér, vakna snemma um helgar og mæta stundvíslega til vinnu, ásamt því að sýna ábyrgð gagnvart afgreiðslu, peningum og hreinlæti. Mér finnst gott að gera gagn í stað þess að sofa fram á miðjan dag og hanga svo í tölvunni þar til dagurinn er búinn. Þótt þannig helgar geti verið þægilegar af og til, skilur vinnan meira eftir sig en hitt," segir Katla Líf sem er elst í stórum systkinahópi. - þlg

FRAMHALD Á SÍÐU 4



**Gaman í vinnunni** Katla Líf Örnólfsdóttir er glöð með vinnuna í bakaríinu og segir hana góðan skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MIÐVIKUDAG
ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
Allt að 50% afsláttur
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Blomberg þvottavélar frá 79.990
Allt að 25% afsláttur

Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg, Candy og Severin með 15-30% afslætti

Ofnar, helluborð og háfar
Allt að 50% afsláttur

Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990



Ragnheiður Tryggvadóttir
skrifar

# Af sem áður var

Ég hef gaman af að fletta tímaritum um hönnun, húsgögn og arkitektúr og gat nostrað dálítið við eigið heimili hér í eina tíð, þegar ég var í stuði. Andleg líðan mín sveiflaðist þá gjarnan eftir útganginum heima hjá mér. Mér leið voða vel ef allt var á sínum stað og vel raðað, var hins vegar tætt í skapi í takt við draslganginn.

Andlegt ástand mitt sveiflast enn þá eftir útganginum heima en í dag er þó varla hægt að tala um sveiflur í þessu samhengi, meira um stöðugt ástand, stöðugt, tætt ástand. Heimili mitt hefur nefnilega tekið stakkaskiptum síðustu fimm ár og þeim stundum þar sem allt er í röð og reglu hefur fækkað. Svo mikið reyndar að gestum sem reka inn nefið verður oft á að taka andköf af undrun, ef það er fínt inni. Ég hef meira að segja verið spurð hvort skipt hafi verið um gólfefni í íbúðinni en þá hafði ég einmitt skúrað þann sama dag!

Ástæðan fyrir þessu öllu saman er fjölgun á íbúum um tvo og ekki bara um einhverja tvo heldur um tvö börn! Með tilkomu barnanna breyttist allur minn lífsstíll og heimilisbragur svo um munaði og strax frá fyrsta degi settu þau mark sitt á hvert einasta herbergi í húsinu: Stofu, eldhús og bað og líka mitt herbergi. Sjónvarpsherbergið, sem gekk ýmist undir heitinu Bíóherbergið eða Salur 7, breyttist í fjólublátt barnaherbergi með leikföngum úti um allt. Snyrtivörurnar sem áður voru í stællegum körfum á baðskenknum við spegilinn eru nú allar komnar upp í læstan skáp og sjaldan gripið til þeirra. Í þeirra stað eru komnir staflar af blautklútum og klósettrúllum. Inn á baðherbergið hafa líka bæst við tvær þvottakörfur og úr þeim flóir iðulega út á gólf. Rauða sófasettið í stofunni er blettótt og ég þori ekki að taka fram við nokkurn mann eftir hvað þessir blettir eru. Lága sófaborðið með glerplötunni var selt á Barnalandi, eftir að börnin höfðu gatað á sér ennið nokkrum sinnum. Mottan var líka látin fjúka, sá litli flækti alltaf fæturna í henni og datt. Borðstofuborðið var einnig látið fara því á því voru hvöss horn í höfuðhæð. Borð með rúnnuðum hornum kom í staðinn. Það var reyndar bara fallegt til að byrja með, hvítt og stællegt, þangað til börnin mættu með tússlitina. Ég er hætt að sjá út um gluggana fyrir litlum lófaförum sem þekja rúðurnar jafnharðan og ég pússa þau af. Þurrkgrindin sem ég kom áður fyrir inni í svefnherbergi, úr augsýn gesta, stendur nú iðulega inni í stofu því rúmið tekur upp allan gólfflöt í svefnherberginu … við keyptum sko stærra rúm, það þarf að vera pláss fyrir alla.

Þegar ég horfi yfir heimilið mitt núna á það því lítið skylt við myndirnar í tímaritunum sem ég hafði svo gaman af að fletta. En ég skoða þessi blöð heldur ekkert lengur, hef bara engan tíma til þess.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Roald Eyvinddson og Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Gunnar V. Andrésson Pennar: Friðrika Benónýsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Vera Einarsdóttir, Þórdís Lilja Gunnarsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: Benedikt Jónsson benediktj@365.is



**Ræktar tré** „Mér finnst hlynurinn skemmtilegastur, hann verður svo stór og fallegur," segir Narfi Hjartarson, fjórtán ára Patreksfirðingur, sem stundar trjárækt og kryddjurtarækt af miklum móð. MYND: HAUKUR MÁR SIGURÐSSON

# Allt frá franskri furu til krassandi chili-pipars

**Narfi Hjartarson** fékk grasafræðibakteríuna fyrir tveimur árum og hefur nú þegar komið sér upp myndarlegum trjálundi auk þess sem herbergið hans er fullt af kryddjurtum.

Ég byrjaði að stúdera grasafræðina fyrir tveimur árum og er alveg sokkinn á kaf í hana," segir Narfi Hjartarson, fjórtán ára Patreksfirðingur sem stundar plönturækt af miklum móð. „Þetta er eiginlega í blóðinu," segir hann spurður hvað hafi kveikt áhugann. „Amma mín hefur mikinn plöntuáhuga og svo er þetta bara svo skemmtilegt."

Narfi takmarkar sig ekki við ákveðna tegund jurta heldur ræktar allt sem hugurinn girnist nema helst blóm. „Ég hef ræktað allt frá franskri furu niður í eitthvað til þess að éta," segir hann. „Furan liggur í dvala eins og er en ég vona að hún plumi sig í vor. Hún mun auðvitað vakna af dvalanum þegar fer að hlýna en ekki er víst að hún lifi það af ef síðan kemur frost." Narfi sáði furunum í mjólkurfernur og þær tóku strax við sér. „Ég flutti þær svo út í trjálundinn okkar í fyrravor og þær urðu sjö til tíu sentimetrar á hæð í fyrrasumar, en nú eru þær sem sagt bara að hvíla sig."

Narfa finnst trjáræktin skemmtilegust og er kominn með dágott úrval í trjálundinn sinn. „Núna er ég með koparreyni, silfurreyni, ilmreyni, birki og fleiri tegundir. Mér finnst hlynurinn samt skemmtilegastur, hann verður svo stór og fallegur."

Fyrir utan trjáræktina er það ræktun kryddjurta sem hrífur Narfa mest. „Mér finnst þær mjög skemmtilegar," segir hann. „Það er líka svo gaman að elda." Er matargerð áhugamál líka? „Nei, eiginlega ekki, en það er gaman að borða það sem maður ræktar sjálfur." Það fylgir því þó ekki alltaf óblandin ánægja að borða eigin ræktun. „Ég ræktaði chilipipar sem heitir hot scotch, sleit hann af greininni og setti hann á pitsu og mig sveið alla nóttina og daginn eftir," segir Narfi hlæjandi.

Narfi segist stefna að því að læra grasafræði í framtíðinni en það verði þó kannski frekar áhugamál en aðalatvinna. „Mig langar líka að fara í fiskeldisfræði. Held það sé mikil framtíð í því," segir þessi fjórtán ára grasafræðingur. - fsb








## BARNVÆNT

### Myndir úr nýjum barnabókum

Þetta vilja börnin sjá! nefnist sýning með myndskreytingum úr nýútkomnum barnabókum sem verður opnuð í Gerðubergi á morgun klukkan 14. Mikið verður um dýrðir því við opnunina verða líka Dimmalimmverðlaunin veitt fyrir bestu myndskreytingarnar í íslenskum barnabókum árið 2011.

Sýningin stendur til 1. apríl og er opin virka daga frá klukkan 11-17 og um helgar frá 13-16. Starfsfólk Gerðubergs og Borgarbókasafnsins mun bjóða átta ára skólabörnum upp á skemmtilega dagskrá á sýningartímabilinu þar sem þau fá að skoða Þetta vilja börnin sjá! og sýningu Páls Guðmundssonar á Húsafelli, Glitrar á hjarnið. Einnig fá þau að taka þátt í spennandi leikjum á bókasafninu.





# M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.



# vinna
göfgar og bætir...

# Biður aldrei um vasapening

Mér finnst að krakkar sem vinna ekki með skóla fari á mis við mikið. Þeir fá til dæmis ekki jafn góða ferilskrá til framtíðar og missa af oft frábærum launum,“ segir Arnar Freyr Einarsson 15 ára nemandi í 10. bekk við Hólabrekkuskóla í Efra-Breiðholti.

Arnar var aðeins þrettán ára þegar hann hóf störf hjá Bónus, en nýlega fékk hann stöðuhækkun, úr kerrum yfir á afgreiðslukassa.

„Að vera á kassa er mikil breyting og ekki eins erfitt. Því fylgir aukin ábyrgð og oft mjög mikið að gera. Viðskiptavinirnir eru virkilega ágætir og ósköp kurteisir. Ég upplifi nánast aldrei óþolinmæði eða pirring í þeim við kassann.“

Arnar segir vandalaust fyrir unglinga að vinna aðeins með skólanum og það bitni síst á náminu.

„Ég vinn tvo daga í viku, þrjá tíma í senn og tek aukavaktir ef vantar. Það er virkilega gaman, maður er meira innan um fólk og hefur eitthvað gagnlegt fyrir stafni í stað þess að hanga yfir engu og láta dagana líða. Mér finnst því gott að vinna og upplifi að ég leggi mitt af mörkum til samfélagsins,“ segir Arnar sem er einn örfárra jafnaldra sinna í skólanum sem vinna með námi.

„Vinirnir eru stundum öfundsjúkir því þeir eiga ekki eins mikinn pening, og finnst ég seigur að hafa haldið þetta út svona lengi. Ég legg launin að mestu fyrir, en nota þau líka í ýmislegt annað því ég bið foreldra mína aldrei um vasapeninga. Ég er kominn nokkuð langt með að safna mér fyrir bíl og ætla að fjárfesta í nýlegum bíl þegar ég er kominn með bílpróf.“ - þlg



**Dugnaðarforkur** Arnar Freyr Einarsson segir gaman að vinna á kassa í Bónus þar sem hann uppsker góð laun í félagi við góða vinnufélaga. Megnið af laununum leggur hann inn á banka til að eiga fyrir bíl á bílprófsárinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Gott að bera ábyrgð

Aðalmálið með vinnunni var í upphafi að kaupa mér nýjan gítar, en síðan hef ég lagt reglulega fyrir til að safna mér fyrir framhaldsskólaárunum,“ segir Gunnur Arndís Halldórsdóttir nemandi í 10. bekk grunnskólans á Hólmavík.

Í haust þarf hún að yfirgefa heimahagana til að sækja framhaldsskóla á Akureyri eða í Reykjavík.

„Það leggst ágætlega í mig, en þá þarf ég að hugsa um mig sjálf og hafa efni á því,“ segir Gunnur sem uppsker um 30 þúsund krónur í mánaðarlaun fyrir afleysingavinnu í kaupfélaginu og sjoppunni, sem eru samtengdir vinnustaðir.

Gunnur hefur átt heima á Hólmavík alla ævi, en í hennar árgangi eru fimm aðrir unglingar.

„Mér finnst dýrmætt að vinna með skólanum því það gefur reynslu og reynsla er góð fyrir framtíðina. Þá veit maður deili á flestum í sveitarfélaginu og alltaf gaman að hitta viðskiptavinina,“ segir Gunnur sem í seinni tíð hefur oftar staðið vaktina í sjoppunni en á afgreiðslukassa kaupfélagins.

„Ég kann best við mig á grillinu því ég er heilmikill kokkur í mér og hef yndi af að útbúa réttina á matseðlinum. Þá finnst mér gaman að unglingi sé treyst fyrir því ábyrgðarhlutverki að meðhöndla peninga.“

Gunnur vinnur tólf tíma vaktir, sem hún segir stundum taka á þegar skóladagur er framundan.

„Stundum dregst vinnudaginn enn á langinn þegar bílstjórar koma rétt fyrir lokun frá Reykjavík og þurfa að hvíla sig í ákveðinn tíma áður en þeir mega halda áfram. Það er einna erfiðast við vinnuna, en annars finnst mér hún bara ánægjuleg.“ - þlg



**Skynsöm og dugleg** Gunnur Arndís Halldórsdóttir er einn af unglingum landsbyggðarinnar sem þarf að kveðja heimahagana til að sækja framhaldsskóla á hausti komanda. Hún vinnur til að safna fé til vistarinnar. MYND/RAGNHEIÐUR GUNNARSDÓTTIR



**Handverk frú Magneu Þorkelsdóttur** er heiti sýningar sem verður opnuð á 3. hæð í Þjóðminjasafni Íslands í dag. Magnea biskupsfrú var mikil hannyrðakona sem saumaði fjölda þjóðbúninga bæði á sig og afkomendur sína. Á sýningunni verða valdir búningar úr safni fjölskyldunnar.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

Útsala - Útsala
allt að
50% afsláttur

Verð áður
~~34.900,-~~
Verð nú
17.450,-
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16,
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI

;HEILSA

**Sölufulltrúar:**
**Jóna María**
jmh@365.is 512 5473
**Brynja Dan**
brynjadan@365.is 512 5465
**Snorri**
snorris@365.is 512 5457

Þórhallur Gunnarsson, leikari og dagsskrárgerðarmaður, nýtur listagyðjunnar, fótbolta og leti um helgar

# *Ánægður ef konan er ánægð*

**„Um helgar reyni ég að vera eins latur og ég get," segir Þórhallur sem um helgina ætlar þó að gera víðreist á milli leikhúsa, sjá frumsýningar Djöflaeyjunnar hjá Leikfélagi Akureyrar og Vindsins vinar míns í Þjóðleikhúsinu.**

**„Ég stunda mikið menningarlífið sem sameinar áhuga minn og atvinnu. Ég reyni að sjá sem mest af kvikmyndum, leiksýningum og myndlistarsýningum, enda fátt skemmtilegra ef vel tekst til."**

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

vísir
TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
*Nemendaþjónustan sf* www.namsadstod.is s. 557 9233

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA
Sérverslun með
Gabor®
FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16


LAGERSALA
EKKI MISSA AF ÞESSU!
Laugardaginn 28. janúar
milli kl 13-17
Allur fatnaður frá 1500-3500 kr.
Skart á 30% afsláttur.
- Fatnaður, mikið á eldri konur stærðir small-3xl.
- Eyrnalokkar 500-1500 kr.
- Klútar, slæður 500-2500 kr.
- Hárskraut, buddur og ýmislegt smádót
- Leggings 1990 kr.
- 1500 kr. slá
Lyngháls 10.
v/hliðina á Heiðrúnu ÁTVR.
(þýsk-íslenska húsinu)

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Garðyrkjufélag Íslands** er þegar farið að huga að vorinu. Það heldur kynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun frá 12.30 til 15.30 á útleigu garðlanda í grenndargörðum. Einnig verður kynnt starfsemi Matjurtaklúbbsins.







HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ
GÓÐVERKI?
ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ




Hannes Óli Ágústsson og Hilmir Jensson leika Einn og Annan í nýjasta verki Jon Fosse, Ég er vindurinn, sem frumsýnt verður annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Fólk getur orðið úrvinda af því að hafa það gott

**Leikhópurinn Sómi þjóðar frumsýnir nýjasta verk norska leikskáldsins Jon Fosse, Ég er vindurinn, í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Hópinn skipar ungt fólk sem lengi hefur haft brennandi áhuga á leiklist.**

„Verkið segir frá tveimur mönnum sem eru á siglingu einhvers staðar á óræðum stað,“ segir Hannes Óli Ágústsson leikari sem ásamt Hilmi Jenssyni leikur í Ég er vindurinn eftir Jon Fosse, sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. „Mennirnir heita bara Einn og Annar, bera engin nöfn. Einn er eigandi bátsins, orðinn dálítið þreyttur á lífinu og samfélaginu og Annar reynir að stappa í hann stálinu. Á ferðalaginu tengjast þeir og trúa hvor öðrum fyrir ýmsu. Söguþráður er ekki aðalatriði heldur er kjarni verksins samskipti þessara tveggja manna og það hvernig hversdagslífið getur dregið úr manni allan þrótt. Við vitnum gjarnan í orð trommuleikara í norskri svartmálmshljómsveit sem við sáum í heimildarmynd tala um „the exhaustion of easy living“ eða hversu úrvinda maður getur orðið af því að hafa það gott.“

Leikhópurinn Sómi þjóðar var stofnaður í haust utan um sýninguna Gálma eftir Tryggva Gunnarsson, sem sýnd var í Norðurpólnum. Hannes segir hópinn samanstanda af ungu leiklistarfólki sem hafi kynnst áður en það lagði leiklistina fyrir sig, flest í Stúdentaleikhúsinu. Leikstjóri er Ingibjörg Huld Haraldsdóttir sem útskrifaðist úr Fræðum og framkvæmd við LHÍ síðastliðið vor. „Þetta er fyrsta atvinnuverkefnið hennar en við Hilmir lékum báðir í lokaverkefninu hennar, Spuna eftir Ionesco, og það var strax ljóst að hún er gríðarlega metnaðarfullur og flottur leikstjóri, þannig að þegar við Hilmir förum að ræða um að setja upp þessa sýningu vildum við fá hana til liðs við okkur. Reyndar er hún eiginkona Hilmis, en það var nú ekki ástæðan fyrir valinu,“ segir Hannes Óli.

Ég er Vindurinn frá árinu 2007 er nýjasta verk Fosse og gæti jafnframt verið það síðasta en Fosse gaf nýlega út þá yfirlýsingu að hann væri alfarið hættur að skrifa fyrir leikhús.

Hilmir Jensson þýddi verkið og aðrir sem að sýningunni standa eru Anna María Tómasdóttir sem hannar búninga, Vala Gestsdóttir sem sér um tónlist og hljóðmynd, ljósahönnun er í höndum Karls Sigurðssonar og um ljósmyndir og kynningarefni sér Rut Rúnars. Önnur sýning verður 4. febrúar og Hannes Óli vill benda leikhúsáhugafólki á að sýningafjöldi er takmarkaður svo það er ekki eftir neinu að bíða með að tryggja sér miða.

*fridrikab@frettabladid.is*

Framhald af forsíðu

Helgum Þórhalls tilheyrir líka að horfa á enska boltann, það er að segja ef Liverpool á leik. „Ég missi aldrei af leik með Liverpool og horfi því á liðið mitt keppa við Manchester United í dag. Ég hef annars alls engan áhuga á hinum liðunum,“ segir hann hlæjandi og svo er það stórafmæli vinar í kvöld.

„Sunnudagar eru heilagir að því leyti að ég hef engan áhuga á því að skipuleggja þá. Þeir mæta mér eins og þeir koma, enda eini raunverulegi frídagur vikunnar,“ segir Þórhallur sem er með mörg járn í eldinum hjá RÚV eins og vanalega, en auk þess að birtast áhorfendum í Djöflaeyjunni er hann með umræðuþátt um forsetaembættið á prjónunum og gegnir fjölmörgum hlutverkum í hugmynda- og þróunarvinnu í íslenskri þáttagerð.

„Nei, ég sakna ekki Kastljóssins og ástæða þess að ég ákvað að hætta á sínum tíma var að ég hafði verið með fréttatengdan dægurmálaþátt í sjónvarpi á hverjum einasta degi í tíu ár, með tilheyrandi „deadline“ á hverju kvöldi. Það er hvorki heilsusamlegt né fjölskylduvænt til lengdar, auk þess sem enginn ætti að staldra of lengi við það sama í skapandi vinnu, að mínu mati.“



„Ég sakna ekki Kastljóssins,“ segir Þórhallur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrir rúmu ári fékk Þórhallur litla afastelpu í afmælisgjöf. Það segir hann einnig ástæðu þess að hann hafi viljað verja tíma sínum á fleiri stöðum en vinnustaðnum öllum stundum.

„Það er ekki hægt að láta sig dreyma um neitt skemmtilegra en að vera afi. Telpan býr nú í Svíþjóð með foreldrum sínum en við höldum skipulagða Skype-fundi og ég hlakka mikið til að fara utan til þeirra í næsta mánuði,“ segir Þórhallur sem oftar en ekki hefur verið efstur í huga íslenskra kvenna þegar kemur að kynþokka. Hvaða skýringu hefur Þórhallur á því?

„Stórt er spurt, en á meðan konan mín sér eitthvað við mig er ég ánægður,“ segir hann hlæjandi.

*thordis@frettabladid.is*




BYLGJAN 25 ÁRA 989
Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur
alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# Álfholt 32
220 Hafnarfjörður
Auðveld kaup!! Mörg herbergi.

**Stærð: 149,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 24.500.000**

RE/MAX Senter

Opið Hús



**Opið hús á sunnudaginn kl 15.00 - 15.30** | **Verð: 31.600.000**




Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is



Auðveld kaup!! Nánast Yfirtaka!!RE/MAX SENTER kynnir : Rúmgóð og falleg 149,5 fm, 5 herbergja íbúð á 3ju hæð og í risi í góðu fjölbýli. Auðvelt er að hafa 6 svefnherbergi í íbúðinni. Mjög gott útsýni.
Áhvílandi lán 30.235.000 greiðslubyrði pr mán 156.000kr.
Forstofa með flísum á gólfi og forstofuskáp. Gangur með parketi á gólfi. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til suðurs og hurð út á rúmgóðar suðursvalir. Eldhús með korkflísum á gólfi, fallegri innréttingu, borðkrók og glugga. Rúmgott herbergi með plastparketi á gólfi. Þetta herbergi var áður tvö og væri einfalt að breyta aftur. Herbergi með plastparketi á gólfi og skápum. Baðherbergi með flísum á gólfi, innréttingu, tengi fyrir þvottavél, baðkari og glugga. Flísalagður hringstigi er upp á efri hæðina. Hol með flísum á gólfi og þakglugga. Rúmgott herbergi með plastparketi á gólfi, fjórum þakgluggum og lúgu inn í geymslu sem er meðfram súðinni. Gert er ráð fyrir að hægt sé að skipta þessu herbergi í tvö. Herbergi með plastparketi á gólfi. Baðherbergi með flísum á gólfi, innréttingu, sturtu, salerni og þakglugga.

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is



---

# Fornaströnd 5
170 Seltjarnarnes
Einbýlishús á einni hæð

**Stærð: 228,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 7**
**Byggingarár: 1974**
**Fasteignamat: 51.500.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha

Opið Hús



**Sunnudag milli kl. 14:00-14:30** | **Verð: 0**




Brynjólfur
Sölufulltrúi
**820-8080**
binni@remax.is



Sylvía
Sölufulltrúi
**820-8181**
sylvia@remax.is



Fallegt mikið endurnýjað einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr og einstökum garði.
Húsið skiptist í stofu og borðstofu með útgengi á sólpall, gott fjölskyldu herbergi með innbyggðu hljóðkerfi. Fjögur svefnherbergi, hjónaherbergi með útgengi á sólpall. Rúmgott eldhús, allt nýlegt.
Baðherbergi og gestasalerni. Parket og flísar á gólfum.
Bílskúr er mjög rúmgóður og innaf bílskúr er þvottahús og þaðan gengið inn í eldhúsið. Útgengi úr bílskúr út í garð baka til.
Garðurinn er einstaklega fallegur og mikið lagt í sólpalla. Heitur pottur er í garði.
Sjón er sögu ríkari.
Allar nánari upplýsingar veita Brynjólfur í síma 820-8080, Sylvía í síma 820-8081 og Reynir Logi Ólafsson hdl.lgf. í síma 477 7777

Reynir Logi
Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is



**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

---

# Sörlaskjól 62
107 Reykjavík
Falleg hæð í þríbýli með bílskúr !

**Stærð: 110,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1950**
**Fasteignamat: 26.300.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind

Opið Hús





Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Anton Máni Svans
Sölufulltrúi
**615 0005**
antonmani@remax.is



**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 29.JAN KL.16-16:30** | **Verð: 32.900.000**

Mjög falleg og mikið endurnýjuð hæð í þríbýli með nýlegum bílskúr og frábæru sjávarútsýni.
Búið að klæða húsið, gera við þak, endurnýja rafmagn, skólp viðgert og fóðrað, parket og eldhús síðan 2005, baðherbergi síðan 2007. Sameiginlegur inngangur með einum öðrum.
Eignin skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, borðstofu, stofu, tvö svefnherbergi og bílskúr.
Björt og falleg eign á frábærum stað með fallegu útsýni.
Allar upplýsingar veitir Hannes í s.699-5008 og hannes@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

---

# Markland 2
108 Reykjavík
Falleg 3ja herbergja jarðhæð

**Stærð: 70.8 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1972**
**Fasteignamat: 16.050.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is



**SUNNUDAG 29.JAN FRÁ 14:00 - 14:30** | **Verð: 21.900.000**

Mjög fallega 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði við Markland 2 í Fossvoginu.
Eignin skiptist í: Forstofa með skápum. Eldhúsið með borðkrók. Hjónaherbergið með góðum skápum. Barnaherbergi.Baðherbergið með baðkari og sturtuhengi. Stofau með útgengi í sérgarð. Sérgeymsla er á hæðinni ásamt sameiginlegu þvottahúsi og hjólageymslu.

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

---

# Tunguvegur 28
108 Reykjavík
Falleg 4ra herbergja ásamt bílskúr

**Stærð: 145,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1957**
**Fasteignamat: 27.400.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is



**SUNNUDAG 29.JAN FRÁ 15:00 - 15:30** | **Verð: 29.900.000**

Vel skipulagðt 108fm fjögurra herbergja íbúð ásamt nýlegum 37,3fm bílskúr á 1.hæð í tvíbýli við Tunguveg 28 í Rvík. Samtals um 145fm.

Eignin skiptist í: Sameiginleg forstofu með fatahengi.Tvö barnaherbergi,Hjónaherbergi,Eldhús með borðkrók.Baðherbergið með baðkari. Stofu með útgengi út á fallegan sér-sólpall.
Bílskúrinn sem var byggður 2009. Sérgeymsla og þvotthús er í kjallara

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

---

Skr u fasteignina na hj okkur og vi seljum hana!

RE/MAX Lind

# Óska eftir!

Kjartan og Gunndís óska eftir
í hverfi 104-108, 200 eða 220
3ja herbergja með bílskúr eða 4ra herbergja
helst mikið áhvílandi



***Þórarinn Hdl.***
Lögg. fasteignasali
thorarinn@remax.is



***Jóhanna Íris***
**662 1166**
johanna@remax.is



***Sigríður***
**663 3219**
sigga@remax.is

---


# Tunguvegur 28
108 Reykjavík
Falleg 4ra herbergja ásamt bílskúr

**Stærð: 145,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1957**
**Fasteignamat: 27.400.000**

RE/MAX Lind

Opið Hús





Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
**699-3702**
gv@remax.is



**SUNNUDAG 29.JAN FRÁ 15:00 - 15:30** | **Verð: 29.900.000**

Vel skipulagðt 108fm fjögurra herbergja íbúð ásamt nýlegum 37,3fm bílskúr á 1.hæð í tvíbýli við Tunguveg 28 í Rvík. Samtals um 145fm.

Eignin skiptist í: Sameiginleg forstofu með fatahengi.Tvö barnaherbergi,Hjónaherbergi,Eldhús með borðkrók.Baðherbergið með baðkari. Stofu með útgengi út á fallegan sér-sólpall.
Bílskúrinn sem var byggður 2009. Sérgeymsla og þvotthús er í kjallara

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**


---

# Fannafold 168
112 Reykjavík
Fjölskylduvænt parhús í Grafarvogi

**Stærð: 135,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 3-4**
**Byggingarár: 1987**
**Fasteignamat: 27.150.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter

Opið Hús





Sara Björg
Sölufulltrúi
**8440548**
sara@remax.is



**Laugardaginn 28. janúar kl.17:00-17:30** | **Verð: 37.900.000**

RE/MAX Senter kynnir gott parhús á fjölskylduvænum stað í Grafarvogi. Komið er inn í rúmgóða forstofu með flísum á gólfi, innangengt er í bílskúr úr forstofu. Tvö svefnherbergi eru á neðri hæðinni. Á efri hæð björt stofa, rúmgott baðherbergi, svefnherbergi með innfeldum skápum, snyrtilegt eldhús með eyju og stórar suðursvalir sem bjóða upp á stækkunarmöguleika.
Allar upplýsingar um eignina gefur Sara Björg Sigurðardóttir í s. 844-0548 eða Ástþór Reynir í s.414-4700

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is



**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**




# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 70% | 57,5% | Fréttablaðið | 73,0% | 59,4% |
| Morgunblaðið | 25% | 26,8% | Morgunblaðið | 32,1% | 33,1% |
| DV | 13,1% | 11,6% | DV | 13,3% | 12,2% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,9% | Fréttatíminn | 54,8% | 40,8% |
| Finnur.is | 30,2% | 22,6% | Finnur.is | 38,8% | 29,5% |
| Monitor | 25,3% | 22,5% | Monitor | 25,5% | 23,7% |
| Viðskiptablaðið | 7,6% | 7,6% | Viðskiptablaðið | 10,2% | 9,1% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Október til desember 2011, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunardeildarstjóri Dag- og göngudeild augnlækninga

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri skurðlækningasviðs.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg ábyrgð
- Fjárhagsleg ábyrgð
- Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

- Hjúkrunarmenntun
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla í starfsmannastjórnun æskileg
- Leiðtoga- og samskiptahæfni
- Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt

### Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 11. febrúar 2012. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. apríl 2012, til 5 ára.
- Upplýsingar veitir Þórdís Wium, mannauðsráðgjafi, netfang thordisw@landspitali.is, sími 543 1150.
- Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
- Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum.
- Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A við Hringbraut.

Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð hjá LSH mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

---

Umboðsmaður skuldara

### Embætti umboðsmanns skuldara auglýsir stöður lögfræðinga lausar til umsóknar

**Meðal verkefna** eru lögfræðiráðgjöf til einstaklinga í skuldavanda, umsjón með greiðsluaðlögun, úrvinnsla umsókna og erinda, samningagerð og eftirfylgni verkefna þeirra sem umboðsmaður skuldara ber ábyrgð á.

**Hæfniskröfur** eru embættispróf, meistarapróf eða BA próf í lögfræði auk marktækrar starfsreynslu. Áhersla er lögð á skipulögð og fagleg vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 12. febrúar nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ** veitir nánari upplýsingar um störfin í síma 588 3031, sjá nánar **www.stra.is**.

**Í boði eru spennandi störf í ört vaxandi starfsumhverfi. Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst 2010. Stofnunin heyrir undir velferðaráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

STRÁ

---

NORÐURÁL Century ALUMINUM

## Upplýsingafulltrúi

*Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Fjöldi starfsmanna er á sjötta hundrað og árleg framleiðslugeta fyrirtækisins um 280 þúsund tonn af hágæða áli.*

*Hjá Norðuráli starfar fólk með afar fjölbreytta menntun og bakgrunn. Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til vinnu.*

*Norðurál er í eigu Century Aluminum sem er með höfuðstöðvar í Monterey í Kaliforníu í Bandaríkjunum.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.nordural.is***

Norðurál óskar eftir að ráða starfsmann í verkefni sem tengjast miðlun upplýsinga, samskiptum og samfélagsverkefnum. Upplýsingafulltrúi starfar með öllum einingum Norðuráls og mun því starfa á Grundartanga, í Reykjavík og á Suðurnesjum.

### Helstu verkefni

- Umsjón með innri upplýsingamálum fyrirtækisins
- Upplýsingamiðlun til starfsfólks og á milli eininga fyrirtækisins
- Utanumhald um útgáfu fréttabréfa, innra net, vefsvæði og aðrar leiðir til samskipta
- Framkvæmd atburða á vegum Norðuráls
- Umsjón með móttöku gesta og kynningum

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Lipurð í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking á stjórnun upplýsinga og miðlun þeirra
- Reynsla af skrifum og miðlun upplýsinga og samskiptum við fjölmiðla
- Áhugi og metnaður til að vinna að miðlun upplýsinga og samskiptum hjá einu af stærstu fyrirtækjum Íslands
- Sterk öryggisvitund

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfi viðkomandi í starfið.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta

▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir



*Okkar rannsóknir – allra hagur!*

## *Vilt þú matreiða fyrir fólk sem elskar mat?*

Matís óskar eftir að ráða matreiðslumann/matráð til starfa í mötuneyti starfsmanna að Vínlandsleið 12 í Reykjavík.

**Starfssvið**

Starfið felst í að vinna samhliða matráði Matís við umsjón mötuneytis þar sem boðið er upp á morgunverð og hádegisverð sem er eldaður frá grunni. Matís leggur mikla áherslu á framleiðslu fjölbreyttra, ferskra og hollra rétta fyrir starfsfólk og gesti en í höfuðstöðvum Matís í Reykjavík starfa u.þ.b. 100 manns. Vinnutími er frá kl. 8:00 – 14:00, 75% staða.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun á sviði matreiðslu og/eða mjög góð þekking á fjölbreyttri matargerð
- Reynsla af matreiðslu í stóreldhúsum/mötuneytum
- Snyrtimennska og stundvísi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður til að ná árangri í starfi
- Nýjungagirni og vilji til að þróast í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2012

## *Vilt þú stjórna skjölum?*

Matís óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi skjalastjóra til starfa á einni af starfsstöðvum Matís.

**Starfssvið**

- Umsjón, þróun og eftirfylgni með skjalastjórnunarstefnu Matís
- Gerð og framfylgd verkferla á sviði skjalamála
- Umsjón með rafrænni vistun skjala
- Umsjón með skjalageymslum Matís
- Aðstoða og leiðbeina starfsfólki um rétta notkun skjalavörslukerfis
- Yfirlestur með tilliti til málfars og stafsetningar á ýmsu birtu efni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði
- Góð þekking og reynsla af rafrænum skjalastjórnunarkerfum
- Þekking á SharePoint skjalavistunarkerfum er kostur
- Þekking á lögum og reglum er lúta að vistun og varðveislu skjala
- Góð íslenskukunnátta
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli
- Skipulagshæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2012

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís www.matis.is/atvinna

Nánari upplýsingar veitir Jón H. Arnarson, mannauðsstjóri í síma 422 5000 eða í gegnum tölvupóst á netfangið jon.h.arnarson@matis.is

Matís starfar á eftirfarandi stöðum: Reykjavík, Akureyri, Flúðum, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Neskaupstað, Sauðárkróki og Vestmannaeyjum

Matís | Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík | 422 5000, www.matis.is




*Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starfið sem þar fer fram. Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfræðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu höfð í fyrirrúmi við opinbera hagskýrslugerð. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess í starfsemi stofnunarinnar. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is.*

# *Laus störf hjá Hagstofu Íslands*

## Sérfræðingar á efnahagssviði

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða tvo metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn til vinnu við nýtt verkefni um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Hagstofan vinnur nú að undirbúningi söfnunar á ýtarlegum upplýsingum um fjárhagsstöðu íslenskra heimila og fyrirtækja sem birta á reglulega. Starfið felst í undirbúningi, skipulagningu og þróun verkefnisins og rekstri þess.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf sem gagnast í starfi.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu er nauðsynleg.
- ✓ Reynsla af gagnagrunnsvinnslu (SQL) er kostur.
- ✓ Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- ✓ Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur: 13. febrúar 2012**

## Sérfræðingur við rannsóknir og gagnasöfnun

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa í Rannsóknir og gagnasöfnun. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofunnar.

**Starfssvið**

- ✓ Umsjón með faglegum vinnubrögðum við gagnasöfnun og gerð rannsókna.
- ✓ Undirbúa og skipuleggja söfnun gagna frá fyrirtækjum og stofnunum.
- ✓ Vinna við framkvæmd fyrirtækjarannsókna.
- ✓ Forvinna gögn úr rannsóknum og gera þau aðgengileg til úrvinnslu.
- ✓ Þátttaka í teymi sem vinnur að mótun og þróun aðferða við gagnasöfnun.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur.
- ✓ Góð aðferðafræði- og tölfræðikunnátta er nauðsynleg.
- ✓ Góð þekking á tölfræðihugbúnaði (svo sem R, SPSS, STATA).
- ✓ Reynsla af gagnasöfnun er kostur.
- ✓ Góð samstarfs- og samskiptahæfni.
- ✓ Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur: 6. febrúar 2012**

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að þeir sem ráðnir verða geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Póstfang: *Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík.*
Netfang: *starfsumsokn@hagstofa.is.*
Upplýsingar: Ólafur Arnar Þórðarson *[olafur.thordarson@hagstofa.is].*

Borgartúni 21a 150 Reykjavík ☏ 528 1000

Hagstofa Íslands

# Hugbúnaðar-sérfræðingar

Marel leitar að öflugum hugbúnaðarsérfræðingum með bakgrunn í kerfis-, tölvunar- eða verkfræði til að starfa við þróun, sölu, ráðgjöf, innleiðingu og prófanir á Innova kerfishugbúnaði frá Marel. Við leitum að fólki með góða samskiptahæfni sem hefur gaman af teymisvinnu í skapandi alþjóðlegu umhverfi. Öll teymisvinna í hugbúnaðargerð er unnin samkvæmt Scrum aðferðafræði.

Innova er einn öflugasti kerfishugbúnaður sem notaður er fyrir framleiðslueftirlit stýringu í matvælaiðnaði. Yfir 600 Innova kerfi eru í notkun í helstu matvælafyrirtækjum heims. Nú starfa yfir 50 manns við að styðja ört stækkandi hóp viðskiptavina.

## Forritari

**Starfssvið:**

- Greining, hönnun og forritun
- Innleiðing kerfa hjá viðskiptavinum
- Stuðningur við þjónustunet Marel

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af forritun og hugbúnaðargerð
- Góð þekking á Visual Studio, C# og MS SQL Server

## Kerfisráðgjafi

**Starfssvið:**

- Uppsetning, kennsla, þjónusta og ráðgjöf vegna vinnslukerfa
- Greiningar og breytingar á framleiðsluferlum
- Aðstoð við þjónustusérfræðinga dótturfyrirtækja Marel

**Hæfniskröfur:**

- Færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- Hæfni í að greina framleiðsluferli

## Sérfræðingur í hugbúnaðarprófunum

**Starfssvið:**

- Hugbúnaðarprófanir í samráði við þróunarteymi á Íslandi, Danmörku og Hollandi
- Þátttaka í stefnumótun í prófunarmálum

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af framkvæmd hugbúnaðarprófana
- Reynsla af byggingu hugbúnaðar (MS/TFS Build)

## Söluráðgjafi

**Starfssvið:**

- Greining á viðskiptatækifærum
- Almenn söluráðgjöf og gerð tilboða
- Gerð markaðs- og söluefnis

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölu og markaðsetningu hugbúnaðarlausna
- Þekking á matvælaiðnaði er kostur

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3900 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Umsóknarfrestur er til og með 6. febrúar nk. Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jens Bjarnason, jens.bjarnason@marel.com, í síma 563 8000.



www.marel.com

marel

# Ert þú Jákvæð keppnismanneskja?

**Söludeild Já leitar að frábærum vinnufélaga til að bætast í hópinn sem samanstendur einmitt af öðrum jákvæðum keppnismanneskjum. Um er að ræða starf við að selja auglýsingar í miðla Já.**

**Helstu verkefni**
· Sala auglýsinga
· Samskipti við auglýsendur
· Tilboðsgerð og gerð samninga

**Hæfniskröfur**
· Sjálfstæð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
· Góð tölvukunnátta, Word, Excel og PowerPoint
· Reynsla af sölu á fyrirtækja-markaði er kostur

**Umsóknir og nánari upplýsingar:**

Umsóknarfrestur er til og með **13. febrúar nk.**

Ef þú heldur að þú sért sá eða sú sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið **dagny@ja.is**

Nánari upplýsingar veitir Dagný Laxdal í síma 522 3271.

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn og auðvelda samskipti þess á milli. Já hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sjá fyrir og mæta nýjum þörfum viðskiptavina, að skapa öflugt og spennandi starfsumhverfi, þróa verðmæt viðskiptasambönd og bera sig saman við þá bestu.

118 · Gulu síðurnar · Já.is · Stjörnur.is · Símaskrá · Já í símann · i.ja.is

já -er svarið

ENNEMM / SÍA / NM49789

---

# Þjónustustjóri í UT

Svar tækni ehf leitar að þjónustustjóra/tæknistjóra með viðskiptafræði menntun og reynslu af tækni.

**Við erum:**
- Þjónustu og sölufyrirtæki í símtækni og öryggismyndavélum
- Vaxandi fyrirtæki með mikla möguleika og góð vörumerki
- Erum leiðandi á þeim mörkuðum er við störfum á

**Við leitum að:**
- Viðskiptafræðing með reynslu og áhuga á tæknimálum til að hámarka nýtingu tæknimanna félagsins.
- Reynsla af netkerfum, símkerfum og öryggismyndavélum æskileg
- Örugg og fagleg samskipti við viðskiptavini nauðsynleg
- Góð íslensku kunnátta nauðsynleg sem og framsetning í rituðu máli
- Sjálfstæði í vinnu og frumkvæði til að leysa erfið vandamál
- Geta leitt hóp tæknimanna til framtíðar og verið leiðtogi þeirra
- Hafa gaman af nýrri tækni og vera tengiliður á milli tækni- og sölu-deildar.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. febrúar 2012.**
**Umsóknum, með góðri ferilskrá, skal senda á netfangið umsokn@svar.is**

svar) tækni

---

# SÖLUMAÐUR VARAHLUTA

**VB-Vörumeðhöndun leitar eftir framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi sölumanni til framtíðarstarfa í vaxandi fyrirtæki á spennandi markaði.**

Um er að ræða 100% starf. Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða tölvu- og enskukunnáttu, reynslu af sölumennsku, vilja til að tileinka sér tækninýjungar og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila á netfang: sveinn.m.sveinsson@vbvorumedhondlun.is fyrir 3. febrúar 2012.

Nánari upplýsingar gefur Sveinn M. Sveinsson í síma 414-8664 / 822-8617.

VB VÖRUMEÐHÖNDLUN ehf.
VB Material Handling ltd.

**Járnháls 2-4 / 110 Reykjavík / Sími 414-8600**

---

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# Lyfja hf. auglýsir eftir lyfjafræðingum



ÍSLENSKA SIA.IS LYF 58045 01.12

Við leitum að sjálfstæðu, skipulögðu og metnaðar-fullu starfsfólki sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

## Stöður lyfjafræðinga á Egilsstöðum og á Blönduósi eru lausar til umsóknar

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Í boði er krefjandi starf á skemmtilegum vinnustað.

**Hæfniskröfur:**
Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi.

Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson starfsmannastjóri í síma **530-3800** eða **hallur@lyfja.is**

Umsóknarfrestur er til **12. febrúar 2012** og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.**

---

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur | Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

# SPENNANDI STARF
**-hjá frábæru þjónustufyrirtæki**

**Starfsmaður óskast á flotasvið Bílaleigu Akureyrar í Reykjavík**

**Lýsing á starfi:**
Flotasvið hefur umsjón með skráningu bíla, eftirlit, eftir-fylgni og sölu notaðra bíla, ásamt tilfallandi verkefnum eins og almennri afgreiðslu bílaleigu og símsvörun.

**Hæfniskröfur:**
- Rík þjónustulund.
- Reynsla úr bílgreininni er æskileg.
- Góð almenn þekking á bílum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður og geta unnið sjálfstætt.

**Umsóknir sendist til:**
atvinna@holdur.is fyrir 5.feb næstkomandi.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 2300 bíla í rekstri komandi sumar og fimmtán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 120 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

---



# Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



## Verkefnastjóri breytingaumsókna

Starfið tilheyrir deildinni breytingum og tæknisamningum sem er á skráningarsviði. Hlutverk deildarinnar er tvíþætt, annars vegar sér deildin um hluta tæknisamningagerðar við alla viðskiptavini Actavis og hins vegar að taka saman breytingapakka og tilkynna viðskiptavinum um fyrirhugaðar breytingar á lyfjum. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við erlenda viðskiptavini, lyfjayfirvöld og aðrar deildir/dótturfyrirtæki Actavis.

## Starfsmaður í tæknideild

Tæknideild er hluti af starfsemi Actavis hf. og sér um viðhald og eftirlit með tækjabúnaði í verksmiðju og rannsóknarstofu fyrirtækisins, sem staðsett er í Hafnarfirði. Unnið er eftir skriflegum leiðbeiningum og öll viðhaldsvinna er skráð í þjónustuskýrslur/viðhaldsforrit. Um er að ræða vaktavinnu á tvískiptum vöktum, dag- og kvöldvaktir auk bakvakta um nætur og helgar.

## Starfsmaður í þjónustuteymi gæðaeftirlitsdeildar

Gæðaeftirlitsdeild er ein af fjórum deildum gæðasviðs Actavis hf. Þjónustuteymi gæðaeftirlitsdeildar hefur það megin hlutverk að sjá um framkvæmd sýnatöku og umsýslu sýna af öllum aðföngum sem notuð eru við framleiðsluna, svo sem hráefnum, pökkunarefnum, millivöru og vatni.

Skoðið myndbandið *Svona verða töflur til* á www.actavis.is

Nánari upplýsingar um störfin má finna á www.actavis.is undir ***Störf í boði.***

## Verkefnastjóri lyfjaupplýsinga

Lyfjaupplýsingadeild tilheyrir skráningasviði Actavis Group og ber ábyrgð á gerð lyfjaupplýsinga (product information) þegar verið er að sækja um markaðsleyfi fyrir lyf á alþjóðavísu sem og viðhald á lyfjaupplýsingum eftir veitingu markaðsleyfa. Til lyfjaupplýsinga telst samantekt um eiginleika viðkomandi lyfs, áletrun umbúða og upplýsingar í fylgiseðli sem ætlaður er notendum lyfsins. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við starfsmenn skráningarsviðs og lyfjagátarsviðs Actavis samsteypunnar bæði hérlendis og erlendis og er einnig í samskiptum við skráningaryfirvöld.

## Starfsmaður í bókhald

Actavis Group PTC, eitt dótturfyrirtækja Actavis Group, leitar að öflugum starfsmanni í bókhaldsdeild sína. Actavis Group PTC starfar á alþjóðamarkaði við rannsóknir, þróun og sölu í lyfjaiðnaði og sinnir margþættri þjónustustarfsemi tengdri samstæðunni allri innanlands sem utan. Starfsmaður í bókhaldi sér um daglegar bókanir reikninga og greiðslna, afstemmingar og tekur þátt í ýmsum öðrum verkefnum.

## Sérfræðingur í áætlanadeild

Actavis hf. óskar eftir að ráða starfsmann í áætlanadeild við skipulag framleiðslu. Deildin tilheyrir vörustjórnunarsviði og sér um alla áætlanagerð vegna framleiðslu Actavis á Íslandi. Markmið deildarinnar er að tryggja sem besta nýtingu á framleiðslutækjum Actavis hf. og áreiðanleika í þjónustu. Sérfræðingur í áætlanadeild sér um uppröðun framleiðslu á tiltekin tæki, eftirfylgni áætlana og er í miklum samskiptum við viðskiptavini og aðrar deildir innan Actavis.



**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

actavis

Nánari upplýsingar veitir **Jenný Sif Steingrímsdóttir**, jsteingrimsdottir@actavis.is.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **5. febrúar nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

# Kerfisstjóri

## Háskóli Íslands óskar eftir að ráða UNIX/Linux kerfisstjóra

*Um er að ræða starf kerfisstjóra hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands, www.rhi.hi.is*

*Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín.*

*Nýr starfsmaður verður hluti af öflugu kerfisstjórateymi sem þróar fjölbreyttar og sérhæfðar kerfislausnir fyrir háskólasamfélagið.*

*Reiknistofnun býður góða vinnuaðstöðu við Sturlugötu, gott mötuneyti, jákvætt og gefandi starfsumhverfi.*

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði raungreina
- Haldbær reynsla af rekstri Unix/Linux-kerfa
- Þekking og skilningur á rekstri stórra tölvukerfa
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Umsækjandi sé lærdómsfús, góður í hópavinnu og hafi frumkvæði

### Starfssvið:

- Uppsetning og rekstur Unix/Linux-kerfa
- Kerfisaðlögun
- Skipulagning og vandamálagreining
- Rekstur og eftirlit
- Þjónusta við notendur

Umsóknarfrestur er til 6. febrúar 2012.

Sjá nánar: www.starfatorg.is og www.hi.is/is/skolinn/laus_storf

Nánari upplýsingar veitir Magnús Gíslason, deildarstjóri kerfisdeildar hjá Reiknistofnun Háskóla Íslands. Sími **525 4750**, netfang **magnus@hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

PIPAR\TBWA • SÍA • 120287

---

# BEITNINGARFÓLK ÓSKAST

Stakkavík ehf. óskar eftir að ráða vant fólk í beitningar á starfsstöðvar sínar í **Grindavík** og **Sandgerði**.

*Mikil vinna í boði og hægt að byrja strax!*

Stakkavík ehf

Upplýsingar gefur: Hermann Ólafsson í s. 893-8887

---

# SKJÓL

## Hjúkrunarheimili Sumarafleysingar

**Óskum eftir HJÚKRUNARFRÆÐINGUM, til afleysinga í sumar.**

**Hæfniskröfur:**
Hjúkrunarfræðingar með íslenskt starfsleyfi. Áhugi á að starfa með öldruðum, frumkvæði og góð samskiptahæfni.

**Skjól** er hjúkrunarheimili aldraðra þar sem hjúkrun er veitt í hlýlegu umhverfi.

Upplýsingar veitir:
Guðný H. Guðmundsdóttir
Framkvæmdarstjóri hjúkrunar
Sími 522 5600, netfang gudny@skjol.is

**Hjúkrunarheimili**
Kleppsvegi 64. 104 Reykjavík.

---

www.skra.is
www.island.is

# Lögfræðingur hjá Þjóðskrá Íslands

## Starf lögfræðings í almannaskráningardeild Þjóðskrár Íslands er laust til umsóknar.

Starfið felst m.a. í daglegri umsýslu með verkefnum deildarinnar, úrlausn lögfræðilegra viðfangsefna, uppbyggingu gæðaferla og stefnumörkun, þjálfun starfsmanna og upplýsingagjöf til starfsmanna og almennings. Starfsstöðin er í Reykjavík

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Góð þekking á stjórnsýslurétti og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Reynsla af lögfræðistörfum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku.
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.

Leitað er að einstaklingi sem sýnir frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og hefur hæfni til að vinna sjálfstætt og með öðrum að fjölbreyttum verkefnum. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund.

Um er að ræða fullt starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2012.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg J. Helgadóttir mannauðsstjóri hjá Þjóðskrá Íslands á netfanginu sjh@skra.is.

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. **Umsóknir óskast sendar á netfangið sjh@skra.is.**

Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND

---

# SÖLUSTJÓRI



Krefjandi, áhugavert og líflegt starf fyrir einstakling með leiðtogahæfileika, getu til að hrinda verkefnum í framkæmd, hrífa fólk með sér og þörf fyrir að ná árangri.

Starfið er stjórnunarstarf og felur í sér yfirumsjón með söludeild og mannaforráð. Sölustjóri er hluti af stjórnunarteymi Hreyfingar og tekur virkan þátt í markaðstarfi og stefnumótun fyrirtækisins. Tekur auk þess beinan þátt í kynningu- og sölu á þeirri þjónustu sem er í boði með símtölum og móttöku viðskiptavina.

Hæfniskröfur: Reynsla af sölustjórnun og mannaforráðum. Leiðtogahæfileikar, drifkraftur og frumkvæði, skipulagshæfileikar, framúrskarandi samskiptahæfni og þörf fyrir að ná markmiðum.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 7. febrúar.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

---

**www.vinna.is**

vinna.is sími: 511 1144

Skemmtigarðurinn GRAFARVOGI

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

SKEMMTIGARÐURINN ER AFÞREYINGARFYRIRTÆKI Í ÖRUM VEXTI SEM STARFRÆKIR INNAN- OG UTANHÚSS SKEMMTIGARÐA Á TVEIMUR STÖÐUM Í SMÁRALIND OG GRAFARVOGI. SKEMMTIGARÐURINN LEITAST VIÐ AÐ BJÓÐA UPP Á FJÖLBREYTTA AFÞREYINGU FYRIR FJÖLSKYLDUR, VINAHÓPA, FYRIRTÆKI OG FERÐAMENN Í ÆVINTÝRALEGU UMHVERFI.

# VILTU TAKA ÞÁTT Í AÐ BYGGJA UPP LEIÐANDI FYRIRTÆKI Í AFÞREYINGU Á ÍSLANDI?

## VIÐ LEITUM AÐ FRÁBÆRU STARFSFÓLKI:

### REKSTRARSTJÓRI FYRIR SKEMMTIGARÐINN Í SMÁRALIND OG GRAFARVOGI

Starfssvið:

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Áætlanagerð og frávikagreiningar
- Stefnumótun
- Markaðsmál
- Starfsmannamál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla af rekstri og umsýslu fjármála
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð Word- og Excelkunnátta

Vinnutími: Virka daga frá kl. 10 til 18 og tvo laugardaga í mánuði frá kl. 13 til 17.
*Umsóknir óskast útfylltar á www.hagvangur.is fyrir 5. febrúar nk.*
Nánari upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir hjá Hagvangi, rannveig@hagvangur.is

### HÓPEFLIS- OG VIÐBURÐARSTJÓRI

Starfið felur í sér að stýra og þróa hópeflis- og viðburðadeild Skemmtigarðsins í Grafarvogi. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er ófeiminn við að leiða og skemmta hópum. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, drifkrafti og sköpunarhæfileikum sem nýtast við frekari vöruþróun fyrir viðskiptavini.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla úr sambærilegum rekstri æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Frumkvæði og frumleiki
- Góð tölvukunnátta á Word, Excel og Outlook

*Umsóknir óskast sendar á vinna@skemmtigardur.is merkt: Hópeflis- og viðburðastjóri.*

### VAKTSTJÓRI Í SMÁRALIND

Starfssvið:

- Mannaforráð og skipulagning vakta
- Eftirfylgni með verkferlum starfsmanna
- Stjórnun Skemmtigarðsins á opnunartíma

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af vaktstjórn eða sambærilegu
- Rekstrarleg innsýn er kostur
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki
- Aldurstakmark 22 ára

Vinnutími: Vaktavinna.
*Umsóknir óskast sendar á vinna@skemmtigardur.is merkt: Vaktstjóri.*

### SÖLUMENN

Ef þú telur þig hafa góða færni í mannlegum samskiptum, mikla skipulagshæfileika, óbilandi metnað og langar að vinna í jákvæðu umhverfi við að selja skemmtun til hópa, fyrirtækja, ferðaheildsala o.fl. þá er þetta starfið fyrir þig. Góðir tekjumöguleikar fyrir metnaðarfulla aðila. Árangurstengd laun.

*Umsóknir óskast sendar á vinna@skemmtigardur.is merkt: Sölumaður*

### VEITINGASTJÓRI, SPORTBAR

Ertu hugmyndaríkur einstaklingur sem elskar að taka á móti fólki og halda veislur? Hefurðu reynslu í veitingasölu? Starfið felur í sér að taka á móti afmælis-, skóla-, vina- og fyrirtækjahópum og sjá um afgreiðslu og rekstur sportbars á efri hæð Skemmtigarðsins í Smáralind. Vinnutími seinnipart dags, kvöld og helgar.

*Umsóknir óskast sendar á vinna@skemmtigardur.is merkt: Sportbarinn/veitingastjóri.*

### ALMENN AFGREIÐSLUSTÖRF

Við leitum að brosmildu og þjónustulunduðu starfsfólki í almenn afgreiðslustörf í Smáralind. Um er að ræða hlutastarf og vaktavinnu. Aldurstakmark 20 ára.

*Umsóknir óskast sendar á vinna@skemmtigardur.is merkt: Almenn afgreiðslustörf.*

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár fyrir öll störfin nema rekstrarstjórann sendist á vinna@skemmtigardur.is og er umsóknarfrestur til og með 5. febrúar nk. *Umsóknir um rekstrarstjóra stöðuna óskast útfylltar á www.hagvangur.is*

HAGVANGUR

FERÐASKIPULEGGJANDI FERÐAMÁLASTOFA LEYFISHAFI









S A F

Skemmtigarðurinn Smáralind og Grafarvogi, s: 534 1900 www.skemmtigardur.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Umsjónarmaður í eldhúsi

**Velferðarsvið auglýsir eftir starfsmanni í umsjón eldhúss. Um er að ræða fullt starf, tímabundið vegna afleysinga. Starfið felur í sér umsjón með borðstofu Dagþjálfunar að Lindargötu 59.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með morgunmat
- Pantar og tekur á móti mat frá framleiðslueldhúsi
- Framreiðsla og frágangur á hádegismat og síðdegiskaffi
Nissan Terrano árg '03. 3 L tdi. 33" breyttur. Ný dekk. Álfelgur, lúga, 7 manna. Ek. 70 þ. uppl. 867-7604

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörulyfta MBB 1500kg árg 03 blað 170x250 cm v 190 þús m vsk 8931050 eftir kl 14.

Viljum kaupa sendibíl / kassabíl með lyftu, 8-12 tonna. Lengd kassa æskileg 6 til 7 m. Upplýsingar sendist til sendibilar@hotmail.com

## Húsbílar



Til sölu Grand Cherokee skráður 2010 ekinn 14 þúsund. Góður í vetrarfærðina, ný nagladekk. Uppl. í síma 894-7466.




## Hópferðabílar



**Ford Transit**

Til sölu Ford Transit 17 farþega, árg. '07. Uppl. í s. 893 8339.

## Vörubílar




**Vörubíla og vinnuvéladekk**

Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050- okspares@simnet.is

**Snjókeðjur**

315/80-22,5 8mm. Þrenn pör undir vörubíl, eins og ný, til sölu. Sími 6901762 bjorn@skrauta.is

## Vélsleðar



ski-doo rs 600 sdi með beinni innspýtingu árg 2007 ekinn 3300 er með nýtt 44mm belti sem er ekið 200 km á! flottur leiksleði og tilbúinn í allt! kom vel útur söluskoðun hjá ellingsen! gerið tilboð í s.7700299 eða agust299@yahoo.com

Eigum notaða og nýja sleða í miklu úrvali Útsalan á Scott fatnaði í fullum gangi. Upplýsingar á www.ellingsen.is Eða í síma 840-1757 & 820-1418.



Til sölu Polaris RMK 900, árg. 2005. Uppl. í s. 898 9313.



Artic Cat Crossfire 1000 EFI Sno Pro árg. 2008 , ek. 340 km, 136", brúsagrindur, algjör gullmoli ! Uppl. 665-1710

Polaris Switchback 800 árg. 2004. Gullmoli Til sölu lítið notaður og mjög vel með farin Polaris Switchback 800 144 tommu belti. Ekinn aðeins 1990 mílur. Búnaður í sleða: Kúplings-kit, púströr o.fl. frá SLP. Sleðinn er 150+ hestöfl. 46mm deep snow belti skrúfað með carbít skrúfum. Stillanlegir Fox demparar að framan og í búkka. Polaris töskur. Festing fyrir GPS. Kortaljós. 12V tengi. Brúsafestingar. Dráttarbeisli og hlífðarpanna. Snarvenda (bakkgír), rafstart og hiti í handföngum. Lítur út eins og nýr. Verð 780.000. Upplýsingar: Gulli í síma 6658066

## Hjólhýsi

Hjólhýsi óskast í skiptum við comby tjaldvagn. Milligr. 400þús. Uppl. í s. 567 1377 / 863 6347.

## Vinnuvélar



**Terex 3713 sx til sölu**

Til sölu Terex skotbómulyftari - 3700kg - 12m - lítið notaður og í topp standi! Árgerð 2007. Lyfta.is - Sími 421 4037 - www.lyfta.is

Allir varahlutir og þjónusta fyrir
**JCB**
vinnuvélar
Sími 527-2600
www.Vélavit.is

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**

Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.






Smíðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.





# BYLTING Í ÞÆGINDUM

**Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.**

Stöð 2 Netfrelsi gerir þér kleift að horfa á eftirlætis þættina þína í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni – þegar þér hentar.

**Nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2**

Allt uppáhaldsefnið þitt, innlent og erlent er aðgengilegt í tvær vikur eftir frumsýningu. Farðu inn á stöð2.is, veldu Netfrelsi, skráðu þig og byrjaðu að horfa - en hver þáttur kostar aðeins 30 Stöðvar 2 punkta fyrstu tvo mánuðina. **Nýttu þér Stöð 2 Netfrelsi – hvar og hvenær sem er!**

SNJALLSÍMI SPJALDTÖLVA TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - HEILSA**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. Uppl í 8916447 Óli

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, geðhjúkrunarfræðingur, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.



Næsta BYRJENDANÁMSKEIÐ Í YOGA hefst 31. janúar. Yogastöðin Heilsubót www.yogastodin.com S: 5885711 og 6918565

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

ICELANDIC COURSES - 1-4. INFOS AT www.lingva.is, tel. 663-7163. Start next Monday

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum o.fl. S. 897 5484/3327.

## Dýrahald



Gæðahvolpar Labradorhvolpar undan frábærum hundum til sölu. Gotið uppfyllir kröfur Retriever-deildar HRFÍ. Tilbúnir til afhendingar, ættbókarfærðir, bólusettir, heilbrigðisskoðaðir, örmerktir og líf- og sjúkdómatryggðir. Upplýs. í síma 8603999 / 5652383. Heimasíða: http://www.simplesite.com/birtuhvolpar



Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu, ættb.færðir hjá H.R.F.Í. Tilb. til afh. mán. mót feb/mars Uppl. í S. 822 0383/822 2118.

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
4. september 1969
Félag allra hundeigenda

**Langar þig í hund?**
Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hunda ásamt góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu félagsins, www.hrfi.is



**DVERG SCHNAUZER**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar undan verðlaunahundum með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. Afhendast líf og sjúkdómatryggðir í ár. Uppl. í s. 897 6229.

## Fasteignir

**SG smiður ehf. Er að byggja 198 fm einbýlishús við Þrúðsali.**



Eitt hús óselt, selst fullbúið að innan og utan frágengið með lóð. Skipti koma til greina á minni eignum. Sýningarhús að Þrúðsölum 5

**Framkvæmdarstjóri verður á staðnum milli 14-16 í dag. Uppl. í síma 892 4624**



**Dverg Schnauzer hvolpar, undan verðlauna foreldrum.**
Eigum nokkra gullmola eftir 2 svartir rakkar fæddir 17 nóv, 2 p&s rakkar og 1 p&s tík fædd 23 nóv. Öll gullfalleg, tilbúin til afhendingar, skilast ættbókarfærð og örmerkt. Sjá facebook.com/Sifurloppu Uppl. veitir Margrét s: 8216222 / 5646272.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Herbergi í 101!**
**Til leigu fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði, eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax. Á besta stað í bænum. Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.**

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Til leigu 90fm raðhús í Garðabæ á rólegum stað s8418000 Sýnt 29 jan Laust strax

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3. herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi til leigu í Seljahverfi Breiðholti. Langtímaleiga, reglusemi áskilin. Laus 1. feb. Verð 120þ. Uppl. í s. 664 8363.

3 herb. íbúð til leigu, í nágrenni Rvk. 20 mín. keyrsla til Rvk. S. 869 5212./618 1616

Herb. til leigu með aðgang að öllu 200 kóp. v.45þ. 1mán. + trygg. Uppl. 660 0550.

Einbýlishús til leigu, um 340 m2m. bílskúr á veðursælum stað í botnlanga í austurbæ Kópavogs. Friðsælt, veðursæld, skógur, alger barnaparadís, stutt í allt, næg bílastæði. halldorjonss@gmail.com eða 892 1630.

Herbergi við Kringluna til leigu, einnig herbergi við Lund í Svíþjóð. Uppl. í S: 899-2060

Vantar þig íbúð á leigu í Reykjavík? kíktu á skyggnisbraut.is eða hringdu í síma 660-1794

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

## Húsnæði óskast

Fjölskylda sem er ad flytja heim í sumar óskar eftir húsnæði 180 -300 fm. Rvk 103, 104, 105, 107, 108, Kópavogur, Hafnafjördur, Mosfellsb. Verðhugmynd 40-50 millj. Leiga kemur einnig til greina. Áhugasamir hafi samband gegnum tölvupost posturr@hotmail.com.

Fjöldskylda leitar að 2ja herb. eða stúdíóíbúð. 109 , 110 , 112 , kóp eða hfj. Uppl. í s. 865 7007.

Óska eftir herb. til leigu m. sér inng. eldunaraðst. wc. má vera sturtuaðst. Uppl. 849 9457

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

Bílskúr til leigu í Móhellu Hafnarf. Leigverð 37.000 kr. á mán. Sími 898-9313.

Góð 4h. íbúð í lyftuhúsi til leigu í 108 Rvk á 150 þkr. Uppl. 8670567, 6648101

Til leigu snyrtilegt 120fm iðnaðarhúsnæði við höfnina í Hafnarfirði, gott útisvæði, stór innkeyrsluhurð. Uppl. s. 893 9678

Til leigu 2 björt og snyrtileg skrifstofuherb. 29fm hvort á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. s. 893 9678

Til leigu rúml. 200fm gott iðnaðarhúsnæði, með 2 stórum innkeyrsluhurðum á góðum stað í Hafnarfirði. Uppl. s. 893 9678

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til langtímaleigu, til geymslu á bíl. Greiðslugeta 15-18 þ. á mán. Þarf að vera með hita. Uppl. 867 6664

## Gisting

**GÓÐ GISTING**
**Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma
891 8612 | +45 271 11038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Laghentur, sjálfstæður og harðduglegur maður óskast til starfa hjá húsgagnaframleiðanda.

**Vinna heima**
Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 821 4445

Óskum eftir íslenskumælandi fólki í úthringistarf. Uppl í síma 661-7407 og 692-6671

**Handflakari óskast.**
Vanur handflakari óskast til starfa sem fyrst. 2 vanar konur óskast til starfa vanar beinhreinsun og til almennra fiskbúðarstarfa. Vinnutími c.a. 7.30-15.30. Umsóknir skal senda á kristjan@fiskikongurinn.is eða Kristjan 896 0602 Fiskikóngurinn Sogavegi 3.

**PÍPARAR ÓSKAST**
Vantar sveina eða meistara í pípulögnum. Uppl. s. 842 2001 & 842 2000.

## Atvinna óskast

**Óska eftir starfi**
25 ára gamall maður með Ba próf óskar eftir atvinnutækifæri, áhugasamir hafi samband á sverrir86@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Ævintýri?**
Íslenskar konur í ævintýraleit. Nú eru nokkrar nýjar auglýsingar. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920.

**KK Cross**
Karlmaður, 47, hefur gaman af fötum kvenna, vill kynnast KK. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8710.

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Fundir

**Aðalfundur Handraðans, verður haldinn í Laugalandi Eyjafjarðarsveit 11. febrúar kl. 11:00**

**Dagskrá:**

**Venjuleg aðalfundarstörf.**

**Óskað eftir tillögum að nýju nafni á félagið þar sem nafnið Handraðinn er þegar í notkun.**

**Veitingar.**

**Fyrirlestur Jennýar Karlsdóttur: Jurtalitun fyrr og nú.**

# HEILSA



BYLGJAN 989



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

# Salgados Portúgal

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Stórfjölskyldan saman á Salgados

Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar frá 8. maí*






## Algjör lúxus á ótrúlegu verði!

**Verð frá 96.110 kr.**
**og 15.000 Vildarpunktar**

Netverð á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð m/3 svefnherb. fyrir 6, í 7 nætur, 22. maí. Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð án Vildarpunkta 106.110 kr. Verð m.v. 2 fullorðna 121.960 kr. án Vildarpunkta.

## Salgados ★★★★★

Nú er tækifærið til að fara með ömmustelpuna og afastrákinn á sólarströnd.
Salgados er draumastaðurinn fyrir fjölskyldur sem þurfa gistingu fyrir marga.
Glæsilegar íbúðir, raðhús með einkasundlaug og lúxusaðstaða á hreint ótrúlegu verði.
Allt til alls og stutt í afþreyingu fyrir allar kynslóðir.



RÚMGÓÐ FYRSTA FLOKKS GISTING





GOLFVÖLLUR Á SVÆÐINU



RAÐHÚS MEÐ EINKASUNDLAUG

Salgados býður upp á:
- Frábært verð
- Ný glæsileg gisting
- Rúmgóð gisting sem tekur 8 manns!
- Við ströndina
- Alvöru matvörubúð, ekki sjoppa
- Morgunverður og 1/2 fæði í boði
- Frítt í stóra líkamsræktarstöð
- Barnaklúbbur og tennisvellir
- 18 holu golfvöllur, fjölskyldutilboð

Skammt frá Salgados:
- Albufeira, veitingastaðir og djamm
- Vatnsrennibrautargarður
- Sjávardýragarður
- Verslunarmiðstöðvar; stutt í H&M

*Fyrsta brottför er 8. maí og næsta 22. maí, upp frá því er flogið vikulega.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

SPENNANDI
# SJÁVARRÉTTA TILBOÐ

GEYSIR BISTRO & BAR
FERSKT & FREISTANDI
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.
Hvítvínssoðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.
Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

GEYSIR
Bistro
Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is




## tómstundir

leikum og lærum ...





**Spennandi sport** Þóra Þrastardóttir segir vel tekið á móti hressum krökkum með áhuga á hestamennsku. Í vetur verði einnig í boði námskeið fyrir þá sem eru minna reyndir.

# Krakkarnir fá að vera sinn eigin herra

Nýstofnaður **knapaklúbbur Reiðskólans Faxabóls** kemur til móts við börn og unglinga sem langar að stunda hestamennsku eins og hinn almenni reiðmaður yfir vetrartímann.

Hugmyndin er að þarna geti börn og unglingar stundað hestamennsku eins og hinn almenni reiðmaður og yfir vetrartímann," segir Þóra Þrastardóttir, kennari hjá Reiðskólanum Faxabóli, sem hefur stofnað nýjan knapaklúbb fyrir ungmenni í hesthúsi skólans að Faxabóli 11 í Víðidal.

Þóra hefur lengi alið með sér þann draum að stofna knapaklúbb fyrir börn með reynslu af hestamennsku. Hún segist hafa skynjað þörf fyrir slíkan klúbb af starfi sínu við reiðskólann. „Ég er búin að reka Faxaból í ellefu ár og þar erum við með fimm hálfsmánaðar námskeið á sumrin og útreiðarnámskeið á haustin með leiðsögn inni á velli. Krakkarnir koma margir aftur og aftur á námskeið þannig að við skiptum þeim niður eftir getu. Mörg eru komin það langt að næsta skref var að bjóða nýtt námskeið þar sem reyndi meira á þau."

Að sögn Þóru er nauðsynlegt að krakkarnir séu orðnir það þjálfaðir að þeir geti lagt á sjálfir og riðið út. „Þeir þurfa að búa yfir ákveðinni kunnáttu og vera að lágmarki tólf ára," segir hún en tekur fram að starfsfólk Faxabóls verði á staðnum til leiðbeiningar og kennslu. „Við verðum meira svona öryggisnet en ekki beint að hjálpa til með þetta hefðbundna. Markmiðið er að þau fái að vera sinn eigin herra."

Hver nemandi fær sinn hest yfir veturinn ásamt öllum búnaði og sérmerkta möppu þar sem safnað verður saman fræðsluefni um hesta og hestamennsku jafnt og þétt yfir veturinn. „Þetta er því tilvalið fyrir krakka sem eiga ekki hest eða fjölskyldu í hestamennsku en vilja láta á það reyna hvort þetta sé eitthvað sem þá langi til að leggja á sig og ílengjast í. Enda er þetta tímafrekt, bindandi og dýrt sport þótt skemmtilegt sé," segir Þóra og bætir við að eitt námskeið í tilraunaskyni sé jafnframt ódýrara en að leigja húsnæði undir hest.

Er nóg af plássum í boði? „Við getum aðeins tekið við takmörkuðum fjölda nemenda en þetta er tilvalið tækifæri fyrir vini eða vinkonur til að stunda hestamennskuna saman eða kynnast öðrum hressum og kátum hestakrökkum," segir Þóra sem veitir allar upplýsingar í síma 822-2225.

# Norðurlöndin í nútíð og samtíð

Opnuð hefur verið ný norræn vefsíða fyrir börn og unglinga á Norðurlöndunum á slóðinni www.dr.dk/norden. Vefsíðan er sameiginlegur norrænn vefur um Norðurlöndin og er sérstaklega ætlaður skólanemendum á grunnskólastigi. Á vefnum eru upplýsingar um öll Norðurlöndin á dönsku, norsku, sænsku, finnsku og íslensku. Myndskeið og stuttir textar segja sögu Norðurlandanna.

Saga Norðurlandanna fær verðugan sess og hægt er að hlusta á á lýsingar af blóðugum bardögum og hetjudáðum frá ýmsum tímum. Einnig er landafræðinni gert hátt undir höfði og sagt frá þúsund vatna landinu Finnlandi, eldfjöllum Íslands. Svíþjóð með sínum miklu skógum og fallega skerjagarði og flatlandinu Danmörku. Þá er efni helgað Sömum í norðurhluta Skandinavíu og mannlífinu á Grænlandi, Álandi og í Færeyjum.



**Annar heimur** Rækilega er sagt frá lifnaðarháttum Sama á nýju vefsíðunni.




BYLGJAN 989
Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

KJARNAFÆÐI

Nú klæðum við áleggið okkar í **gull**
...því það á það svo **sannarlega** skilið




25
ÁRA

Veldu gæði, veldu Kjarnafæði

## GAGN&GAMAN



**Flettibækur** Á vefsíðunni Lestu.is er að finna myndskreyttar flettibækur fyrir yngstu börnin. Sem stendur er hægt að velja um fjóra titla, Björninn sem aldrei varð reiður, Gullbrá og birnirnir þrír, Jói og baunagrasið og Ljóti andarunginn, en til stendur að fjölga bókunum hratt á næstu mánuðum. Lestu.is býður jafnframt upp á þjónustuna „prentað eftir pöntun“ þannig að foreldrar og aðrir sem gleðja vilja börnin geta pantað bækurnar útprentaðar ef það hentar áhugasviði barnanna betur.



**Snjóþotur** Snjórinn á landinu gefur tilefni til skemmtilegra stunda úti við og stórar snjóþotur sem rúma fullorðinn og eitt til tvö börn geta enn aukið á ánægjuna af útivistinni. Slíkar þotur eru framleiddar á Grenivík og aðalmaðurinn bak við þær er Sigurbjörn Höskuldsson, framkvæmdastjóri Kaldbaksferða. Hann kallar þoturnar líka Kaldbaksþotur. „Þetta er ekta fjölskyldugræja. Það er hægt að halda ættarmót á þotunni! Það hafði engum dottið í hug að fullorðnir hefðu gaman af að renna sér en þessi þota er vinsæl hjá fjölskyldufólki og mörgum finnst frábært að hafa hana í sumarbústaðnum,“ segir Sigurbjörn.









ALLTAF
# LÁGT VERÐ
- ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 52215022/39/53/183/190/213
COLORS loftljós
18 eða 30 cm,
G9 halógen.
Verð frá:
9.990kr.



Vnr. 52220195
Kúpull, 30 cm.
990kr.



Vnr. 52225295
Ljósakróna,
messing, 5 arma.
17.900kr.

Vnr. 52236855
LIZZ loftljós, E27,
hvítt eða svart.
2.900kr.

Vnr. 52236034
SOUL loftljós,
hvítt, 6W, E27.
5.900kr.

Vnr. 52211060
NEW YORK,
loftljós, 5 litir.
19.900kr.




Vnr. 54710125-6
Hálkusalt, gróft salt,
5 kg eða 25 kg.
Verð frá:
595kr.



SKÓFLUR!
Margar stærðir
og gerðir
Verð frá:
2.555kr.

## KAFFIHORN
BYKO BREIDD
Kökuhlaðborð og kaffi á aðeins 490kr.
Laugardag og sunnudag frá kl. 11:30 - 16:00

Vnr. 52236589
Skermir, 35x35 cm.
4.740kr.

Vnr. 52237047
CULT borðlampi
4.900kr.

Vnr. 52233848-50
KINGSTON gólflampi,
tveir halogen kastarar
á dimmer, stál, messing
eða svartur
11.990kr.

Vnr. 52235463-6
Halogenperur,
18/28/42/53W, 3 stk.
790kr.

30% SPARNAÐUR
28W HALOGENPERA
GEFUR 40W.

Vnr. 51353180-1
Glóperur, mattar,
E27, 40 eða 60W,
10 stk. í pakka.
699kr.

Vnr. 52235467-9
halógensparperur, G9,
18/28/42W, 2 stk. í pakka.
475kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is



**ÚLFUR, DIDDA OG KRUMMI** „Af hverju vilja þau hafa mig með á ljósmyndinni þegar ég er ekki einu sinni í myndinni?“ spurði Krummi, yngri sonur Diddu, áður en ljósmyndari smellti af, en lét sig svo hafa það. Mæðginin þrjú léku öll í bíómyndinni Skrapp út eftir Sólveigu Anspach. Krummi leikur hins vegar ekki í óbeinu framhaldi myndarinnar, Queen of Montreuil, þar sem Krummi, sem var skrifaður inn í myndina, var yngri en hinn raunverulegi Krummi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# *Skruppu út fyrir þægindarammann*

Síðastliðið haust dvöldu skáldkonan Didda og synir hennar tveir í úthverfi Parísar, þar sem **Didda** og **Úlfur**, sá eldri, léku í óbeinu framhaldi af Skrapp út eftir Sólveigu Anspach. Þau sögðu ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** frá tvífara yngri sonarins, Krumma, sem þau hittu í lest í París, hvernig Didda sigraðist á lofthræðslunni og frönskuáskoruninni sem Úlfur stóðst með prýði.

Margir skemmtu sér vel yfir bíómyndinni Skrapp út, eftir Sólveigu Anspach, þar sem skáldkonan Didda var í aðalhlutverki sem dópsalinn Anna. Með henni í myndinni léku synir hennar tveir, Úlfur og Krummi, auk fjölmargra ógleymanlegra karaktera af götum Reykjavíkurborgar. Nú er Didda aftur væntanleg á bíótjaldið en í þetta sinn bara með eldri soninn sér við hlið. Bíómyndin Queen of Montreuil á sér stað í Frakklandi og fjallar um íbúa í Montreuil, úthverfi norðaustur af París. Frumsýningardagur hefur ekki verið fastsettur, en líkast til verður myndin frumsýnd í Frakklandi með vorinu.

Sagan hverfist ekki um Önnu í þetta sinn, heldur er hún í hliðarhlutverki. Handritshöfundur og leikstjóri er sem fyrr Sólveig Anspach.

Didda: „Þetta er saga af ekkjunni Agathe, sem er leikin af Florence Loiret, sætri og skemmtilegri franskri leikkonu. Sagan fjallar um ferðalag hennar að sækja ösku ástmanns síns til útlanda. Karakterarnir okkar Úlfs ganga svo eins og borðar í gegnum myndina.“

Úlfur: „Við leikum sömu persónurnar og við gerðum í Skrapp út. Okkar söguþráður pikkar upp þar sem skildi við í hinni myndinni, en við erum þarna sem aukakarakterar og léttum aðeins upp á söguþráðinn…“

Didda: „Já, eða ruglum hann svolítið. Það er ruglandi að hafa útlendinga á vappi í miðri krísu. Það flækir málið.“

Úlfur: „En við leysum málin líka.“

Didda: „Já. Vandamálið okkar er að við erum föst þarna, en Agathe finnur leið til að afflækja sitt vandamál, með því að hjálpa okkur.“

Þess má geta að tveimur öðrum Íslendingum bregður fyrir í Queen of Montreuil, þeim Frosta Jóni „Gringó“ Runólfssyni og Óttarri Proppé, sem báðir komu fyrir í Skrapp út. Þeir leika í gegnum Skype frá Íslandi.

## Krummi orðinn of gamall

Skrapp út snerist um löngun dópsalans Önnu til að komast burt frá kúnnahópnum og fara með strákana sína í annan heim. Hún býður símann sinn, með skrautlegum kúnnahópnum, til sölu og leggur af stað til Jamaíku. Í Queen of Montreuil er Anna á leiðinni til baka, en það vantar annan soninn. Krummi hefur orðið eftir á Jamaíku. Hinn eiginlegi Krummi, yngri sonur Diddu, leikur þó ekki í Queen of Montreuil þó að yngri sonur Önnu komi þar við sögu.

Úlfur: „Krummi sem var skrifaður inn í myndina var ekki orðinn eins gamall og Krummi okkar er orðinn.“

Didda: „Krumma fannst þetta stórmerkilegt, að vera orðinn of gamall til að leika í bíómynd, því hann er bara tólf ára. Það var kannski dálítið svekkjandi fyrir hann að vera ekki með, en hann kom samt út, svo það var allt í lagi. Í myndinni er Anna að reyna að redda sér vinnu til að fá yngri son sinn heim til sín aftur, en hann varð eftir hjá frænku sinni á Jamaíku. Það er ungur franskur leikari sem leikur hann, allt öðruvísi en Krummi minn!“

Úlfur: „Það hefði líka verið erfitt að finna leikara sem er alveg eins og Krummi.“

Didda: „Já, reyndar. En samt rákumst við mann í lestinni í París, þegar Krummi var úti hjá okkur, sem leit hreinilega alveg eins út og hann, nema hann var svona 24 ára gamall. Krummi er tólf ára.“

Úlfur: „Þeir sátu þarna í sömu stellingunni, með sama svipinn og horfðust í augu.“

Didda: „Þetta var magnað augnablik.“

## Líf og fjör í krananum

Til þess að redda sér peningum fær Anna vinnu á byggingarkrana. Það þótti Diddu, sem hefur alla tíð verið lofthrædd, á endanum bara líf og fjör. „Ég hef alltaf verið lofthrædd en Sólveig lét mig nú samt fara upp í þennan krana. Það var bara gott að komast að því að ég er ekki jafn lofthrædd og ég hélt! Og gaman að sjá útsýnið yfir Montreuil.“

Senur þeirra Diddu og Úlfs voru teknar upp í október og nóvember síðastliðnum í Montreuil. Þau mæðgin kunnu vel við sig í hverfinu.

Didda: „Mér skilst að þetta sé hverfi sem engan hafi langað að eiga heima í, en þetta er svona lítið, kósí og fallegt.“

Úlfur: „Já, mér finnst þetta flott hverfi. Það er líka náttúra í því, heilu garðarnir fullir af ferskjutrjám…“

Didda: „Þarna búa margir sígaunar, með sín hjólhýsi. Það er einmitt sígaunakóngur sem kemur fyrir í sögunni. Reyndar eru mjög margir sem koma fyrir í myndinni sem búa þarna, eins og var í Skrapp út.“

Úlfur: „Fyrir mörgum árum keypti Sólveig og margir hennar vinir íbúðir eða hús þarna, meðan það var hræódýrt. En nú þykir það orðið eftirsóknarvert að vera þarna, þetta er svona listamannahverfi en um leið er þarna fullt af innflytjendum og sígaunum.“

Didda: „Já, þetta er mikið mix, sem er mjög sjarmerandi.“

## Með fullt af frönskum línum

Þetta er þriðja bíómyndin eftir Sólveigu Anspach sem Didda leikur í. Á undan Skrapp út var það Stormviðri, árið 2003, en Didda hlaut Edduverðlaunin sem leikkona ársins fyrir það hlutverk.

Vinskapur þeirra hófst þegar Didda vakti forvitni Sólveigar á Prikinu. Í kjölfarið bað hún hana um að leika í mynd eftir sig. Svo hitti hún auðvitað syni hennar, hreifst af þeim líka og þannig hófst sameiginlegur kvikmyndaferill þeirra mæðgina sem sér ekki fyrir endann á.

Didda: „Hún varð náttúrulega að kynnast þeim, til að kynnast mér. Ég var alltaf með þá með mér, nú eða þeir með mig á öxlunum! Kannski fannst Sólveigu fyndið hvaða sjónarhorn ég hef á það að vera foreldri… segja já, ef hlutirnir eru spennandi, alveg sama þó að það setji þig út úr þægindarammanum! Leika í bíómynd ef þú ert beðinn um það og svona,“ segir Didda og Úlfur kinkar kolli. Hann þurfti líka að stíga vel út fyrir sinn þægindaramma með leiknum í Queen of Montreuil, meðal annars með því að tala frönsku í sínum senum, tungumál sem hann hafði engin tök á.

Úlfur: „Ég var með fullt af frönskum línum, því ég átti að kunna að tala frönsku.“

Didda skellihlær að þessu og greinilegt að hún hefur haft gaman af því að sjá son sinn takast á við þetta verkefni, enda talaði hann enga frönsku áður en hann fór út í haust.

Úlfur: „Ég átti að kunna undarlega góða frönsku. Svo ég varð bara að læra hana!“

Didda: „Ég var dauðfegin að þurfa ekki að beygla þetta inn í heilann á mér. Það hefði verið alveg hrikalegt.“

## Gott að vera á Grund

Þau Didda og Úlfur vinna bæði tvö á Dvalar- og elliheimilinu Grund. Þau tilheyra sömu deildinni, en leiðir þeirra liggja sjaldan saman í vinnunni þar sem Úlfur vinnur næturvaktir en Didda dagvaktir. Þau kunna bæði vel við sig á Grund.

Úlfur: „Það kom mér nú eiginlega bara á óvart hvað er gott að vera þarna.“

Didda: „Já, það er líka gott að gera gagn. Ég er starfsmaður í umönnun, sem þýðir að ég aðstoða vini mína á fætur og í rúmið og hitt og þetta. Eftir svona samveru verða þetta vinir manns. Þarna er gott fólk.“

Úlfur: „Þó að ég vinni á nóttunni þarf ég fyrst og fremst að vera til staðar og hjálpa til, enda vakir sumt eldra fólk á nóttunni rétt eins og yngra fólk. Það vantar kannski eitthvað eða á erfitt með að sofna.“

Þau Didda og Úlfur segjast ekki vera hjálpsamari en hver annar, þó þau vinni bæði við umönnun annarra.

Úlfur: „Ég lít ekki á mig sem neinn dýrling. Ég er til dæmis ekkert endilega sá sem myndi koma að hugga þig ef þú sætir þarna grátandi…“

Didda: „Maður þarf heldur ekki endilega að vera flinkastur í samskiptum og alls ekki að lynda við alla, til að vinna þarna. Ég get kannski verið algjört hross við samstarfsfólk mitt, þó ég sé fín við fólkið sem býr þarna. En þetta er vinna sem maður lærir heilmikið af. Maður lærir af samskiptum við fólk og af því að reyna að leysa úr litlum vandamálum. Reyna að skilja og vera manneskja. Mér finnst það eiginlega það ágætasta við þessa vinnu.“

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

# LOKADAGUR

VALDAR VÖRUR Á ENN LÆGRA VERÐI

KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afsl.**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afsl.**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**
**Whirlpool ofnar helluborð og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
**42" sjónvörp frá 99.995**
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Í DAG LAUGARDAG

TAKMARKAÐ MAGN
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*
OPIÐ Í DAG 11-16

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

# Krossgáta



**Lárétt**
**1.** Hala viljugar í leifarnar (11)
**6.** Dópteiti ber vott um hófsemd (8)
**10.** Einstaklega fínir feður (4)
**11.** Rista hjálparlaust og af stillingu (9)
**12.** Réttur djöflasöngur léttir róðurinn (6)
**13.** Múgur risti rússneskar (7)
**14.** Dalbotns iðja dregst við fold og fætur (7)
**15.** Bið um málmslíki númer 14 úr Mývatni (5)
**16.** Kvartaðir um tíma (7)
**19.** Sé augljós rúm (9)
**22.** Hreyfingar kurla kast (10)
**23.** Gerir það gott eftir þorrann (3)
**25.** Settu bæði pappír og silfur í fornan þjóðarhvamm (8)
**26.** Kátínu og klæði fín, jafnvel grín og hjálín, færðu fyrir fólamín (8)
**29.** Líkar þursinn, enda höfðingi heim að sækja (10)
**30.** Endurbæti afkima til að flækja dómsmál (9)
**32.** Laug vík í húsi með mælitækinu (10)
**33.** Brattara þak gerir húsið háfleygara (8)
**35.** Aðeins þeir bestu keppa á kennarasviði (13)
**36.** Rétt bornir rétt áðan (8)
**38.** Stormar sleginn og stormsleginn? (11)
**39.** Mengaðir ekki troðninga (8)

**Lóðrétt**
**1.** Sög dugar aur í forynjufréttir og skottuskýrslur (11)
**2.** Hrygg skutli á bæ sem heitir Lóðarlok? (9)
**3.** Já, ljótt hvað hún sleit honum út (7)
**4.** Sérðu nokkuð ólundarfugl á Kvartanakambi? (10)
**5.** Þessi fjandafæla gafst upp á rólunum uppúr ´89 (10)
**6.** Hugar að eigin belg í erlendum stórverslunum (9)
**7.** Umstang elskar auðmaðurinn (7)
**8.** Viðhorf stórfiska er að ekki sé nauðsynlegt að skjóta þá en stunda frekar þetta (11)
**9.** Fegra umgjörð um öngul í stærra orði (10)
**17.** Sukkrúntur er svaka keyrsla (10)
**18.** Hefja ekki leik því henni varð ekki barna auðið (6)
**20.** Ekkert vit í þessari bévuðu vísbendingu (8)
**21.** Tekst nefnd aftur að finna staðgengla stjóranna? (12)
**24.** Tónverkið um súra trekantinn í háloftunum er þunnt en þarft (9)
**26.** Framburður um spjót sem vessi er lygimál (9)
**27.** Æði utan keppni bendir til fjarstæðu (10)
**28.** Baktalir söng í viðlögum (9)
**29.** Gólar nú týran sú (6)
**31.** Skoða skjal og finn því flest til foráttu (8)
**34.** Heyrir gólfið marra þegar hún röltir (5)
**37.** Stafar þessi þögn af fámenni eða óvild? (3)



M I K L I -
H V E L L U R

Lausnarorð síðustu viku var **miklihvellur**.

## Vegleg verðlaun



Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr. Vinningshafi síðustu viku var **Kristbjörg Kjeld, Reykjavík.**

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem hefur verið milli tannanna á Íslendingum í ríflega áratug en þó aldrei jafn mikið og síðustu vikurnar. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „28. janúar“.


NÝ NÁMSKEIÐ Í LJÓSINU

*Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur*

**Námskeið fyrir aðstandendur (20 ára og eldri)**

Ætlað þeim sem eiga fjölskyldumeðlim sem er að ganga í gegnum krabbameinsmeðferð. Námskeið sem byggist á fræðslu og umræðum.

**Hefst: miðvikudaginn 1. feb. kl. 19.30-21.30, 7 skipti.**

**Námskeið fyrir börn 7, 8 og 9 ára**

Ætlað þeim sem eiga fjölskyldumeðlim með krabbamein. Uppbyggjandi námskeið fyrir börn. Unnið með traust, sjálfsmynd og samskipti í gegnum leiki og gefandi verkefni.

**Hefst fimmtudaginn 2. feb. kl. 16.30-18.00, 10 skipti.**

**Karlmenn og krabbamein - fræðslufundir**

Uppbyggjandi fræðsla með mismunandi fyrirlesurum, maki eða náinn aðstandandi er velkominn með í fyrsta tímann.

**Kynningarfundur 6. feb. kl. 17.30.**
**Hefst mánudaginn 13 feb. kl. 17.30-19.00, 10 skipti.**

**Upplýsingar á www.ljosid.is**
**Skráning í síma 561 3770**

Langholtsvegi 43 Sími 561 3770
ljosid@ljosid.org www.ljosid.is

LJÓSIÐ


Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1986

# Challenger rifnaði í sundur í beinni sjónvarpsútsendingu

**Sjö geimfarar létust í hörmulegu slysi við geimskot.**

Á þessum degi fyrir réttum 26 árum, hinn 28. janúar árið 1986, fórst bandaríska geimskutlan Challenger rúmri mínútu eftir að henni var skotið áleiðis á braut um jörðu frá Canaveral-höfða á Flórída.

Sjö geimfarar létu lífið í slysinu sem átti eftir að vekja athygli um allan heim og varð meðal annars til þess að Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, endurskoðaði frá grunni öll ferli og vinnubrögð sem við komu geimskotum.

Rannsókn sem gerð var í kjölfar slyssins leiddi í ljós margs konar ágalla á fjölmörgu sem við kom skotinu og aðdraganda þess.

Skotinu seinkaði meðal annars um marga daga vegna tæknilegra örðugleika auk þess sem kalsaveður setti strik í reikninginn.

Sex dögum eftir að upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir rann stundin upp. Hundruð manna voru viðstödd skotið, þar á meðal fjölskylda Christu McAuliffe, grunnskólakennara sem fékk að fara með í geimferðina, fyrst óbreyttra borgara, til að vekja áhuga nemenda á vísindum og geimferðum. Auk þess fylgdust milljónir manna með skotinu í beinni sjónvarpsútsendingu.

Hrifningin breyttist þó í skelfingu 73 sekúndum eftir að Challenger hóf sig á loft, þegar skutlan sprakk í eldhafi í 14 km hæð frá jörðu.

Við eftirgrennslan kom í ljós að þéttihringur við annan eldsneytistankinn hafði skemmst í kuldanum þennan dag. Hann rofnaði svo skömmu eftir gangsetningu, með þeim afleiðingum að tengi fór í sundur og gerði gat á eldsneytistankinn. Hluti ástæðunnar var talið vera álag hjá NASA sem lagði áherslu á að senda 24 ferðir upp í geim á ári.



**INN Í EILÍFÐINA** Geimskutlan Challenger hefst á loft frá Canaveral-höfða. Rúmri mínútu síðar sprakk eldsneytistankur skutlunnar sem svo rifnaði í tætlur í 14 kílómetra hæð. NORDICPHOTOS/AFP

Challenger sprakk í tætlur en flugstjórnarklefinn fór af í einu lagi og féll til jarðar. Ýmislegt bendir til þess að geimfararnir hafi verið á lífi eftir sprenginguna, en látist þegar klefinn lenti í Atlantshafinu.

Eftir slysið gerði NASA tveggja ára hlé á geimferðum á meðan gengið var úr skugga um að ekkert slíkt gerðist aftur. Það kom þó ekki í veg fyrir að önnur skutla, Columbia að nafni, færist við lendingu árið 2003.

Geimskutluáætlun NASA var þó við lýði allt þar til á síðasta ári þegar Atlantis lenti eftir sína síðustu ferð og batt þar með enda á 30 ára sögu.

Í stað geimskutlunnar notast NASA nú við „einnota“ eldflaugar til geimferða. -þj

Heimildir: History.com og Britannica

# Úrval ljósa á betra verði



# ÚTSÖLULOK!

## 10-70% afsláttur

Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# ÚTSALA

## Pottaplöntur, gjafavara, kerti o.fl.

## 20-70% afsláttur

### Skemmtun í Blómavali

**Heillakeðja barnanna lokahelgi, dagskrá laugardag**

**Teiknisamkeppni**
**– í Blómavali um allt land**
Keppt í þremur flokkum:
5 ára og yngri, 6 til 11 ára og 12 ára og eldri.
Vegleg verðlaun fyrir þrjár bestu myndirnar í hverjum flokki.

**Börnin rækta**
**– í Blómavali um allt land**
Öll börn sem koma í Blómaval í dag fá gefins blómapott og fræ. Börnin fá leiðsögn við gróðursetninguna.

**Kanínuklapp**
SKÚTUVOGI, LAUGARDAG
kl. 13 - 17
Allir krakkar fá að klappa kanínunum okkar!

**Börnin fá gefins ís**
SKÚTUVOGI, LAUGARDAG
kl. 14 - 16
Allir krakkar fá ís

### Túlipanavöndur 15 stk

Komdu og náðu þér í fallegan túlípanavönd á

**1.699 kr.**

Allur ágóði rennur óskertur til Barnaheilla.

Verðdæmi
Ástareldur
999 kr
~~1.499 kr~~

## POTTA PLÖNTUR
## 30-50% afsláttur

Verðdæmi
Friðarlilja
999 kr
~~1.499 kr~~

Tilboðsverð
Orkidea
1.999 kr

### KAFFI GARÐUR SKÚTUVOGI
opið til kl. 17 um helgar.

Pylsa eða pizza og kók **199 kr.**

### Útivistar fatnaður
## 20-30% afsláttur

### Búsáhöld
## 30-70% afsláttur

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar


RISA
ÚTSALA
Húsasmiðjunnar og Blómavals
Hand verkfæri
25-40% afsláttur
ÚTSALA
mikið úrval
20-70%
afsláttur
Heimilistæki
20-30% afsláttur
Smáraftæki
20-30% afsláttur
Gólfefni
20-70% afsláttur
Innimálning
20% afsláttur
LJÓS
30-70% afsláttur
Hreinlætistæki
20-50% afsláttur
BLACK&DECKER
LITHIUM
14.4v
JOTUN
PROFF
pva interiør
blómaval
HÚSASMIÐJAN

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÓRHILDUR LÍNDAL LÖGFRÆÐINGUR Á AFMÆLI Í DAG.**

*„Að vissu leyti má líkja uppvaxtarárum barna við námssamning. Þá læra þau leikreglur lífsins og spreyta sig á þeim, í öruggri umgjörð sem fullorðnir hafa búið þeim.“*

## Merkisatburðir

1825 Hið Konunglega norræna fornfræðafélag er stofnað í Kaupmannahöfn.

1907 Sláturfélag Árnesinga og Rangæinga er stofnað, samvinnufélag bænda sem síðar varð Sláturfélag Suðurlands.

1912 Sjö íþróttafélög stofna Íþróttasamband Íslands í Bárubúð.

1924 Ofsaveður af útsuðri er víða um land með stórfelldu tjóni, meðal annars skipsskaða.

2002 Astrid Lindgren, sænski barnabókahöfundurinn, deyr, 95 ára að aldri.

ÞÓRUNN ELÍSABET SVEINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUÐUR: ER SEXTUG Í DAG

# Allt sem er fallegt hefur áhrif

„Ég er mjög blessuð í lífinu. Fæ að starfa við það sem mér þykir skemmtilegast, á dásamleg börn og yndislegan eiginmann,“ segir Þórunn Elísabet Sveinsdóttir, búningahönnuður og myndlistarmaður, þegar hún, í tilefni sextugsafmælis, lítur yfir þann spotta sem hún hefur tölt. „Svo á ég barnabörn og þau eiga alls konar dýr; ketti, broddgelti, páfagauka, allt með sín nöfn og sína persónuleika,“ bætir hún við glaðlega. Skyldi hún eiga von á öllum þessum söfnuði í afmælið? „Nei, ég ætla ekki að halda upp á það. Þetta er ekki þannig afmæli. Ég held kannski partí þegar ég verð sextíu og sex.“ – Ekki When I'm 64? spyr blaðamaður og þykist sniðugur. „Nei, mér fannst það alltaf óbærilega leiðinlegt lag,“ ansar hún ákveðin.

Þórunn Elísabet hefur starfað mikið við leikhúsin og á glæsilegan feril sem búningahönnuður. Hún kveðst alltaf vera að sinna skemmtilegum verkefnum. Alltaf. „Ég er aðallega í myndlistinni núna. Það er gefandi en stundum svolítið erfitt, maður er alltaf að beygla einhver efni að vilja sínum og er misglaður með útkomuna,“ segir hún brosandi. En hvaðan koma hugmyndirnar? „Ég veit það ekki, ég hef bara alltaf verið svona, að eltast við að ná einhverju öðru út úr hlutunum en þeir eru. Allt sem er fallegt hefur áhrif. Eins og það að vakna í morgun og allt á kafi í snjó. Hljóðmyndin önnur en venjulega – engir fuglar – hvert fóru þeir?“



ÞÓRUNN ELÍSABET „Hljóðmyndin önnur en venjulega – engir fuglar – hvert fóru þeir?“ spyr búningahönnuðurinn og myndlistarkonan á kafi í snjó. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar forvitnast er um upprunann segist Þórunn Elísabet vera alls staðar að. „Ég er fædd á Siglufirði en fjölskyldan flutti suður, meira að segja suður með sjó. Ég var í sveit sem krakki fyrir norðan og austan og fór svo í skóla á Vestfjörðum, þannig að mér finnst ég bara ákaflega góður Íslendingur. Eini partur landsins sem ég hef ekki fengið í æð er Austurlandið en ég hef reynt að ráða bót á því með því að ferðast þar um.“

Hvað gerðist hér og hvað er ekki aðalatriði hjá Þórunni Elísabetu. „Ég er með þeim ósköpum fædd að mig dreymir dagdrauma og bý til veruleikann svolítið eins og mér sýnist. Er hætt að reyna að festa eitthvað í minni, það streymir allt fram án þess að ég stjórni því.“

Meðal viðfangsefnanna þessa dagana er að læra á tölvuna. „Krakkarnir mínir hafa verið mér hjálplegir og meira að segja barnabörnin eru komin ljósár á undan mér. En það er gaman að segja frá því að litlu stelpurnar eru farnar að panta saumatíma hjá ömmu sinni, þannig miðla kynslóðirnar hverri annarri af kunnáttu sinni.“

gun@frettabladid.is

---



†

*Okkar yndislegi sonur og bróðir,*

**Birgir Árni Birgisson**

Eyrargötu 3, Ísafirði,

sem lést mánudaginn 23. janúar, verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast Birgis er bent á Minningarsjóð sem stofnaður hefur verið í hans nafni í Íslandsbanka á Ísafirði. Reiknnr. 0556-14-401040. Kt. 281175-3199.

**Anna Kristín Hauksdóttir**
**Þorsteinn Sigtryggsson**
**Birgir Ragnarsson**
**Matthildur Pálsdóttir**
**María Sonja**
**Drífa Birgitta**
**Pétur Þór**
**Örvar Ingi**
**Jón Þorberg**
**Ragnar Helgi**

---



†

*Okkar ástkæra*

**Svava Sigurðardóttir**

andaðist í Skógarbæ 26. janúar sl., áður til heimilis að Skúlagötu 20.

Jarðarför verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rúdolf Ingólfsson**
**Unnur Ingólfsdóttir**
**Jean Jensen**

---



†

*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Ingólfur Árnason**

vélstjóri, lengst af til heimilis að Rauðagerði 32,

sem lést að hjúkrunarheimilinu Mörk, föstudaginn 13. janúar, verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 30. janúar kl. 15.00.

**Ingibjörg Árnadóttir**
**Þorbjörg Kjartansdóttir**
**Þuríður Árnadóttir**
**Júlíus J. Daníelsson**
**Sigurður Jónsson**
**Vibeke Jónsson**
**Arnheiður Árnadóttir**
**Theódór Óskarsson**
**Halldóra Árnadóttir**
**Benedikt Sveinn Kristjánsson**
**og systkinabörn**

---



†

*Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar unnustu minnar, dóttur, systur og stjúpmóður,*

**G. Eyrúnar Gunnarsdóttur.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir einstaka og hlýja umönnun.

**Árni Snær Kristjánsson**
**Jóhann Grétar Árnason**
**Gunnar Þórðarson**
**Rannveig Rúna Viggósdóttir**
**Unnur Guðný Gunnarsdóttir**
**Gísli Jóhannsson**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Njálsson**

Efstaleiti 14, Reykjavík,

lést aðfaranótt 23. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 30. janúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Þroskahjálp eða Rauða krossinn.

**Guðný Þorsteinsdóttir**
**Halldóra Sigurðardóttir**
**Viðar Símonarson**
**Anna Sjöfn Sigurðardóttir**
**Guðmundur Páll Ásgeirsson**
**Ólafur Njáll Sigurðsson**
**Birna Bergsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,*

**Geirlaugu Gróu Geirsdóttur**

(Gógó) frá Ólafsvík.

**Alda Jóhannesdóttir**
**Magnús Þórðarson**
**Fanney Jóhannesdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Vigfús Vigfússon**
**Jóhannes Jóhannesson**
**Björg Guðlaugsdóttir**
**Margeir Jóhannesson**
**Gunnþórunn Gunnarsdóttir**
**Aðalheiður Jóhannesdóttir**
**Heimir Einarsson**
**Edda Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Við þökkum alla þá samúð, vináttu og allan þann stuðning sem okkur hefur verið sýndur við umönnun og andlát dóttur okkar, systur, barnabarns og frænku,*

**Þórhildar Nóttar Mýrdal.**

Sérstakar þakkir færum við heimaþjónustu barna, starfsfólki Rjóðurs og starfsfólki Barnaspítalans og Gjörgæsludeildar Landspítalans við Hringbraut.

**Jón Gunnar Mýrdal**
**Steinunn Björg Gunnarsdóttir**
**Patrekur Emil Mýrdal**
**og fjölskyldur okkar.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir



Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



Alvöru Fjölþjálfi sem stenst kröfur.
Hrikalega öflugt æfingatæki sem
hentar vel til brennslu eða þolæfinga,
fer vel með hné. Alveg hljóðlaust.
151.920
20%
afsláttur
af þrektækjum
118.400
TILBOÐSDAGAR
ÞÚ FÆRÐ NÆSTUM ALLT
FYRIR LÍKAMSRÆKTINA Í GÁP
Everlast boxvörur í úrvali
Verð 1.990
Verð frá 5.990
Ketilbjöllur í úrvali
600 kr/kg
103.920
Nuddrúlla 16x45 cm
3.990
Verð frá 19.900
Æfingaboltar
verð frá 3.990
Mikið úrval af alvöru Yogadýnum, Hot
Yoga handklæði, belti, kubbar ofl
Mikið úrval af æfingadýnum
verð frá 3.990
GÁP
HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200
GÁP býður upp á Alvöru æfingatæki fyrir Fyrirtæki og líkamsræktar-
stöðvar frá STARTRAC einnig sértæk íþróttagólfefni frá PAVIGYM
GÁP setti upp öll tæki og gólfefni fyrir Reebok Fitness Holtagörðum
www.reebokfitness.is
Reebok
FITNESS
WWW.GAP.IS



*Hjartans þakkir til þeirra fjölmörgu sem sýnt hafa fjölskyldunni samúð og kærleik vegna fráfalls ástvinar okkar,*

**Óskars Maríussonar**
Árskógum 6, Reykjavík.

Alúðarþakkir færum við starfsfólki deildanna 11-A, 11-B og 11-G Landspítalans við Hringbraut, sem og Heimahlynningu Landspítalans fyrir hlýju og umhyggju.

**Kristbjörg Þórhallsdóttir**
**Maríus Óskarsson Katrín Hildur Jónasdóttir**
**Hrafnhildur Ósk og Marta Sonja Maríusarbörn**
**Ragnar Óskarsson**
**Halldór Leví, Þormar Elí, Hafsteinn Veigar, Ragna Sól Ragnarsbörn og Bjarni Birgir Fáfnisson**
**Þórhallur Óskarsson Lilja Björgvinsdóttir**
**Björgvin Rúnar og Kristbjörg Þórhallsbörn**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þóra Jónsdóttir Thorlacius**
frá Moldhaugum,

lést þann 23. janúar sl. á Dvalarheimilinu Hlíð. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 3. febrúar kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnþór Jón Þorsteinsson Guðlaug H. Jónsdóttir**
**Ester Þorsteinsdóttir**
**Þröstur Þorsteinsson Saard Wijannarong**
**Rósa Þuríður Þorsteinsdóttir Bjarni Rafn Ingvason**
**Eygló Helga Þorsteinsdóttir Baldur Jón Helgason**
**Margrét Harpa Þorsteinsdóttir Oddur Helgi Halldórsson**
**Ása Björk Þorsteinsdóttir Kristþór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Loftur Gunnarsson**

verður jarðsunginn þriðjudaginn 31. janúar frá Garðakirkju kl. 13.00.

**Þórunn Brandsdóttir Björn Erlendsson**
**Gunnar H. Loftsson**
**Kolbrún P. Gunnarsdóttir Gunnar Hilmarsson**
**Brandur Gunnarsson Þórunn Högnadóttir**
**Ellen Á. Björnsdóttir Hafþór Óðinsson**
**Tinna Óðinsdóttir**
**systkinabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Svandís Ottósdóttir**
læknaritari,
Kirkjusandi 1, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 21. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Pétur Guðmundsson**
**Birgir Rafn Þráinsson**
**Eva Hrund Pétursdóttir Kári Kárason**
**Sólrún Edda Pétursdóttir Þorgils Ólafur Einarsson**
**Óskar Freyr Pétursson Ása Björg Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, stuðning og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður og ömmu,*

**Rögnu Jóhannsdóttur**
Brúnavegi 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar H-2 Hrafnistu Reykjavík fyrir góða umönnun og hlýju.

**Stefanía Björg Stefánsdóttir**
**Guðni Stefán Pétursson**



*Kær bróðir okkar,*

**Kristinn S. Jósepsson**
frá Patreksfirði,
til heimilis á Hrafnistu í Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans 19. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Guðríður Jósepsdóttir Söbstad**
**Reynir Jósepsson**



*Alúðarþakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sólveigar Guttormsdóttur.**

Starfsfólki Dvalarheimilis aldraðra, Borgarnesi, færum við sérstakar þakkir fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Kristín Finndís Jónsdóttir**
**Jón Helgi Jónsson Ragna Sólveig Eyjólfsdóttir**
**Gunnar Magnús Jónsson María Stefánsdóttir**
**og ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær faðir okkar,*

**Ingimundur Eyjólfsson**
Hafnarbraut 23, Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 22. janúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

**Jón Þórir Ingimundarson**
**Elín Ingimundardóttir**
**Vigdís Gígja Ingimundardóttir**



*Bróðir okkar og mágur,*

**Garðar Aðalsteinn Sveinsson**
rafvirki, frá Vestmannaeyjum,
Blöndubakka 3, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. janúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 31. janúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Ágústa Sveinsdóttir**
**Berent Theodór Sveinsson Laufey Guðbrandsdóttir**
**Tryggvi Sveinsson Þóra Eiríksdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórstína Jóhannsdóttir**

lést aðfaranótt fimmtudagsins 26. janúar 2012 á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Hilmar T. Björnsson Unnur Sigtryggsdóttir**
**Berta Júlía Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Sveinsson (Billi)**
netagerðarmeistari frá Siglufirði,
Seiðakvísl 3, Reykjavík,

sem andaðist 21. janúar sl. á Hjúkrunarheimilinu Eir, verður jarðsettur frá Grafarvogskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

**Elísabet Kristinsdóttir**
**Þóra Sjöfn Guðmundsdóttir Reynir Vignir**
**Sveinn Guðmundsson**
**Birna Guðmundsdóttir Kolbeinn Finnsson**
**barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Guðlaug Sigurðardóttir**
Skipalóni 27, Hafnarfirði,

andaðist 25. janúar á Landspítalanum. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurður S. Szarvas Elisabeth Haugen**
**Sindri Ó. Szarvas**
**Andri A. Szarvas**
**Sveinn Sigurðsson Kolbrún Oddbergsdóttir**
**Pétur Sigurðsson**
**Agnes Sigurðardóttir Björn Birgir Björgvinsson**
**Gunnar Sigurðsson Hafdís Jensdóttir**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur T. Guðmundsson**
áður til heimilis að Álfhólsvegi 72, Kópavogi,

sem lést þriðjudaginn 17. janúar, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 30. janúar kl. 13.00.

**Sveinn G. Guðmundsson Gerður K. Karlsdóttir**
**Bjarni Guðmundsson Ida M. Semey**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**


CHICAGO TOWN
LEIKURINN
1
Safnaðu kóðum sem eru inni í pakkanum
2
Stimplaðu inn kóðann á vefsíðuna
www.chicagotown.com/freetuckinstuff
3
Safnaðu nógu mörgum kóðum og þú getur fengið fjölda vinninga!
DEEP DISH iPhone dokku
Aðeins 25 kóðar
DEEP DISH Gaffall & diskur
Aðeins 18 kóðar
DEEP DISH Pizzuskeri
Aðeins 15 kóðar
DEEP DISH Tímaklukka
Aðeins 10 kóðar
DEEP DISH Kanna
Aðeins 5 kóðar
Byrjaðu að safna í dag, allar nánari upplýsingar eru á:
www.chicagotown.com/freetuckinstuff
Collect codes, get online and get yourself
FREE TUCK IN STUFF
2 FOUR CHEESE PIZZAS
Deep Dish Cutter
Deep Dish Knork & Baking Plate
Deep Dish iPod Dock
CHICAGO TOWN
2 PEPPERONI PIZZAS
THE Deep DISH
SUMMARY OF TERMS AND CONDITIONS
2x170g (340g) e
Nældu þér í Chicago Town Deep Dish í dag
og byrjaðu að safna!

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**LÍNA LANGSOKKUR ER SKEMMTILEG STELPA.**
Lag um hana er að finna á youtube og það má finna með því að slá inn vefslóðina www.youtube.com/watch?v=XiSsDikFiM0

## Fjallabúinn Róbert fer til byggða

19

Bragi Halldórsson

„Nú held ég að ég sé kominn með nóg af bæjum og skólum í bili," tilkynnti Róbert einn daginn. „Svo ég hef ákveðið að halda heim til fjalla aftur." „Við munum sko sakna þín," sagði Konráð. „Lærdómssúpan verður ekki eins skemmtileg án þín," bætti hann við sposkur á svipinn. „En er ekki erfitt að rata upp á fjöll í öllum þessum snjó sem er núna?" spurði Lísaloppa." „Iss, það verður ekkert mál," sagði Róbert. Það mátti þó heyra á röddinni að hann var ekki alveg viss. Haldið þið að hann rati?

Getið þið hjálpað honum að rata í gegnum völundarhúsið heim til fjallanna sinna?





Saga María Sæþórsdóttir, sjö ára, les oft bækur fyrir litlu systur sína, hana Sölku Elínu. Þegar hún les fyrir sjálfa sig finnst henni hins vegar skemmtilegast að lesa fyndnar bækur. Hræðilegar sögur vill hún ekki sjá, því þá verður hún bæði hrædd og spennt.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

# BYRJUÐ AÐ SKRIFA BÓK

**Saga María Sæþórsdóttir er nýorðin 7 ára og er í fyrsta bekk í Langholtsskóla. Henni finnst mjög gaman að lesa bækur. Hún les oft fyrir litlu systur sína, Sölku Elínu sem er þriggja ára og kann ekki að lesa sjálf. Einhvern tímann munu þær kannski lesa bók eftir Sögu Maríu, því hún er byrjuð að skrifa sína eigin bók.**

*Ertu búin að læra að lesa?* Já, ég lærði pínu að lesa í leikskólanum og svo meira þegar ég byrjaði í Langholtsskóla.

*Er það ekkert erfitt?* Smá, en annars er það rosa létt.

*Lestu oftast sjálf, eða lesa mamma þín og pabbi fyrir þig?* Ég les oftast sjálf og svo lesa pabbi og mamma stundum fyrir okkur stelpurnar þegar við förum að sofa.

*Kann litla systir þín nokkuð að lesa?* Nei, hún kann ekki að lesa en stundum þykist hún samt kunna það og bullar þá bara þegar hún er með opna bókina.

*En lestu stundum fyrir litlu systur þína?* Já, ég les oft fyrir hana þegar við erum farnar upp í rúm á kvöldin og svo líka þegar við erum að leika á daginn.

*Hvernig sögur finnst litlu systur þinni skemmtilegast að heyra?* Söguna um Skellibjöllu og Fróða sóða. Og líka um fílafjölskylduna í Fimm mínútna friður.

*En hvernig bækur þykir þér sjálfri skemmtilegast að lesa?* Fyndnar sögur eins og Aladdín og Ég fer út að aka. Og svo finnst mér líka Litla hafmeyjan skemmtileg saga.

*En eru til leiðinlegar bækur og hvernig eru þær?* Já, smábarnabækur eru leiðinlegar bækur. Já og svo hræðilegar sögur sem ég verð hrædd við og of spennt og titra öll.

*Er einhver bók sem þú getur lesið aftur og aftur og er alltaf jafn skemmtileg?* Já, Disney-bækurnar mínar.

*Hvaða sögupersónu myndir þú helst vilja líkjast og af hverju?* Ég myndi helst vilja vera Aríel af því að hún er svo skemmtileg.

*Hvernig er sagan af henni?* Aríel er skotin í prinsi og það er vond kona sem segir við hana að ef prinsinn nær að kyssa hana þremur dögum síðar verði hún prinsessa.

*Ætlar þú kannski einhvern tímann að skrifa bók sjálf? Ef svo, um hvað verður hún þá?* Já, ég er byrjuð á því í skólanum. Sagan er um stelpu sem á afmæli og hún sprengir innibombu og fær svo hnetubrjót í afmælisgjöf sem hún sefur með hverja einustu nótt.



## BRANDARAKISTAN

**Danni litli kom heim úr skólanum með einkunnabókina. Tölurnar voru í lægra lagi og þegar faðir hans hafði lesið yfir þær sagði hann alvarlegur við son sinn: „Þyrftir þú ekki að gera eitthvað í þessu með einkunnirnar?"**
**„Ég get það ekki," stundi Danni. „Þær eru skrifaðar með kúlupenna."**

**Arnar og Örvar fengu snjóþotu í jólagjöf frá foreldrunum. Á jóladag fóru þeir út að leika á henni en eftir smástund kom Örvar litli volandi inn. „Arnar minn," sagði faðir þeirra. „Ég sagði þér að þið ættuð að skiptast bróðurlega á um þotuna."**
**„Það gerðum við líka," sagði Arnar. „Ég hafði hana niður brekkuna og hann upp."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***





netto
Kræsingar & kostakjör

FULLT AF FRÁBÆRUM OG HOLLUM RÉTTUM FYRIR BÖRN OG FORELDRA.
KÍKIÐ Á MBL SJÓNVARP Á PURE EBBA ÞAR SEM EBBA GERIR UPPSKRIFT ÚR BÓKINNI.

UPPSKRIFTABÓK LATABÆJAR
FÆST Í NETTÓ!

1.998 kr
verð áður 3.998 kr

gildir meðan birgðir endast

www.netto.is




## UPPSKRIFTIN

### Fuglakrans í fimm skrefum

Þegar kalt er úti og snjór yfir öllu eiga smáfuglarnir oft erfitt með að finna sér æti. Þess vegna verðum við mannfólkið að muna eftir að gefa þeim eitthvað gott í gogginn. En það er ekki bara matarskorturinn sem getur verið fuglunum hættulegur. Þeir þurfa nefnilega að passa sig vel á kisunum, því sumum þeirra finnst gaman að veiða fugla. Þess vegna getur verið sniðugt að setja matinn þeirra upp í tré, svo að þeir geti borðað í rólegheitunum og þurfi ekki að óttast að kisurnar klófesti þá. Hér er auðveld uppskrift að fallegum kransi sem fuglar elska að kroppa í og allir krakkar geta gert, ef þeir fá aðstoð við að bræða feitina og hengja kransinn upp í tré.

1. Finndu til 300 grömm af palmín-feiti, 7–8 dl af fuglafræjum og stórt hjartalaga sílikonform (eða hvernig sem þið viljið hafa það í laginu).
2. Bræddu feitina í potti og settu fuglafræin út í. Helltu blöndunni í kökuformið á meðan hún er heit.
3. Stingdu gat í hverja köku með grillpinna eða öðru verkfæri.
4. Þræddu sterkt band í gegnum gatið þegar blandan hefur kólnað.
5. Hengið upp í tré.



MYND/KOLFINNA MJÖLL ÁSGEIRSDÓTTIR


HELGARSPRENGJA
Á VETRARVÖRUM!
28. - 30. janúar
GLÆSILEG TILBOÐ!
ÚLPUR
30 - 50%
afsláttur
SKÍÐA- OG BRETTAPAKKAR
30%
afsláttur
SKÍÐA- OG BRETTAFATNAÐUR
30% - 50%
afsláttur
BARNA-KULDASKÓR
30% - 50%
afsláttur
INTERSPORT
LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 28. – 30. JANÚAR 2012

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hróss, **6.** ullarflóki, **8.** erfiði, **9.** heyskaparamboð, **11.** bókstafur, **12.** deyfa, **14.** yfirstéttar, **16.** tvíhljóði, **17.** gagn, **18.** suss, **20.** búsmali, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** smæl, **3.** hola, **4.** flokkur sýklalyfja, **5.** slagbrandur, **7.** ráðning, **10.** fálæti, **13.** of lítið, **15.** baklaf á flík, **16.** í viðbót, **19.** gyltu.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** lofs, **6.** rú, **8.** púl, **9.** orf, **11.** ká, **12.** slæva, **14.** aðals, **16.** au, **17.** nyt, **18.** uss, **20.** fé, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT: 1.** bros, **3.** op, **4.** fúkalyf, **5.** slá, **7.** úrlausn, **10.** fæð, **13.** van, **15.** stél, **16.** auk, **19.** sú.

# Hreinskilni einhleypa fólksins

**BAKÞANKAR**
**Atla Fannars Bjarkasonar**

Einhleypa fólkið. Hjörð án leiðtoga. Einmana úlfar og úlfynjur sem ráfa um með veiðihárin missýnileg. Þegar einhleypa fólkið brýnir klærnar beitir það oft flóknum brögðum til að fella bráð sína. Sumt fólk villir á sér heimildir, lýgur eða spinnur upp sögur sem bráðin fellur kylliflöt fyrir og gerir eftirleikinn auðveldan. Svik hafa hins vegar afleiðingar og oft endar saklaus bráðin með þung lóð í hjarta sínu.



**HREINSKILNI** er vanmetið vopn á blóðugum vígvelli einhleypa fólksins. Ef fólk væri hreinskilið við hvert annað væri hægt að forðast alls kyns andlega árekstra og koma í veg fyrir símtöl sem fólk vill ekki svara, rykfallnar vinabeiðnir og vandræðaleg samtöl í stórmörkuðum. Allir eru að rembast við að brenna fitu af bumbunni, en hugsa ekki um fituna sem safnast óhindrað upp á aumingja sálartetrinu – því eina sem heldur okkur gangandi, fyrir utan flóknasta mekanisma allra tíma sem mannslíkaminn er.

**SAMSKIPTI** þurfa ekki að vera flókin. Það er vissulega erfiðara að vera hreinskilinn, en það margborgar sig. Eins og að leggja peninga inn í banka á Íslandi. Djók. En þetta er rosalega einfalt: Ekki biðja um símanúmer nema þú ætlir að hringja, ekki segja eitt og meina annað. Ekki ljúga, asninn þinn, því það er ljótt. Ef þú vilt sofa hjá viðkomandi án þess að skuldbinda þig til næstu ára skaltu gera foreldra þína stolta og hafa kjark til að segja það: „Ég myndi gjarnan vilja sofa hjá þér og það er harla ólíklegt að ég hafi samband aftur í þeim tilgangi að stofna með þér fjölskyldu.“ (Þótt það sé nauðsynlegt að vera ekki með dónaskap er reyndar algjör óþarfi að hljóma eins og einhver sem dó úr elli fyrir hundrað árum).

**EF** þú færð vökva í andlitið geturðu huggað þig við það að hann þornar, en það kostar oft alls kyns vesen að losa sig við lamandi þyngsli af sálinni. Að lóða saman brotið hjarta getur verið mikil og erfið vinna – vinna sem krefst þess í mörgum tilvikum að fólk gangi fram af sér í neyslu á feitum skyndibita og heilsuspillandi veigum. Það er leiðinlegt hlutskipti. Þá getur samviskubit verið jafn mikið vesen. Ef ekki meira.

**EF** þú færð hins vegar jákvætt svar er búið að slá alla sjáanlega varnagla. Væntingarnar eru engar, óttinn ekki til staðar – algjört frelsi blasir við.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







# Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins enn einu sinni. Til dæmis lesa 70% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.




Allt sem þú þarft...


Aurora
Atli Rafn Sigurðarson
Helgi Björnsson
AXLAR-BJÖRN
Nýtt verk úr smiðju Vesturports
Leikstjórn: Björn Hlynur Haraldsson
VesturPort
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

**Í DAG VERÐUR OPNUÐ** sýning á 3. hæð í Þjóðminjasafni Íslands á handverki Magneu Þorkelsdóttur biskupsfrúar. Mörg listaverkin urðu til í höndum Magneu, sem saumaði meðal annars fjölda þjóðbúninga. Á sýningunni verða valdir búningar úr safni fjölskyldu hennar.

# VIÐ ERUM ÖLL SAMSETT ÚR FORTÍÐINNI

**Árið 1955 kom út bókin Tristes Tropiques eftir Claude Lévi-Strauss. Bókin, sem er blanda ferðasögu, mannfræðirannsókna og heimspekirannsókna, hafði gríðarleg áhrif á sýn heimsins á frumstæð samfélög og breytti mannfræði til frambúðar. Pétur Gunnarsson rithöfundur réðist í að þýða bókina og afrakstur sautján ára vinnu kom fyrir sjónir íslenskra lesenda síðastliðið haust undir heitinu Regnskógabeltið raunamædda.**



**PÉTUR GUNNARSSON** Við erum stödd á tíma gríðarmikils fannfergis á hugarsviðinu, það kemur áreiti úr svo mörgum áttum segir Pétur Gunnarsson rithöfundur sem í vikunni glímdi eins og fleiri við fannfergið á götum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur Gunnarsson segir að áhuginn á að þýða bókina Tristes Tropiques eftir Claude Lévi-Strauss hafi kviknað þegar hann var í námi í Frakklandi undir lok sjöunda og í byrjun áttunda áratugarins. „Ég kynntist þessari bók þar og fór að máta mig við að þýða hana. En verkið er langt og flókið í þýðingu og forleggjarar sváfu því til að markaðurinn væri alltof lítill til þess að útgáfan bæri sig þegar ég færði verkið í tal við þá. Því lagði ég það reglulega frá mér, en tók svo alltaf upp þráðinn aftur. Á endanum lýsti JPV sig reiðubúið til að ráðast í verkið og þá sló ég undir nára og ákvað að ljúka við þýðinguna.“ Bókin kom svo út síðasta haust og hún fékk íslenska heitið Regnskógabeltið raunamædda.

### Á mörkum skáldskapar og fræða

Pétur nam heimspeki í Frakklandi á tíma þegar Lévi-Strauss var mjög áberandi í frönsku menningarlífi. „Ég komst ekki hjá því að kynnast honum og hans verki. Og ég hreifst af Tristes Tropiques, af sömu ástæðu og ég hrífst af sumum fræðigreinum, sjálft söguefnið í þeim höfðar til mín. Í Regnskógabeltinu er bæði saga höfundar, en líka heilmikil menningarsaga, bæði Evrópu, Ameríku og Asíu. Enn fremur saga þessara mannfræðirannsókna sem hann gerði í regnskógum Brasilíu. Allt er þetta fléttað saman í mikla frásögn sem er á mörkum skáldskapar og fræða. Það er raunar athyglisvert við þessa bók að Frakkar flokka hana með fagurbókmenntum, og hún lendir iðulega á listum yfir tíu bestu skáldverk 20. aldar í Frakklandi. Lévi-Strauss var afbragðs stílisti og hafði mikinn metnað sem rithöfundur.“

Á þeim tíma þegar bókin kom út var litið á frumstæða þjóðflokka sem frumstæða í hugsun og siðum, en í Regnskógabeltinu er sýnt fram á hið gagnstæða.

„Hann breytir viðhorfinu með þessari bók og sýnir fram á að frumstæðir þjóðflokkar geta búið við mjög flókin trúar- og lífsskoðunarkerfi, sögur og sagnir, þannig að þessi lína milli okkar og þeirra verður ekki eins skörp. Við erum eins og þeir, þeir eru eins og við,“ segir Pétur.

Claude Lévi-Strauss hlaut háskólamenntun í Frakklandi og kenndi við menntaskóla áður en honum bauðst staða við háskólann í Sao Paulo í Brasilíu. „Þeir auglýstu eftir kennurum til að kenna félagsfræði, og sá var hinn upphaflegi tilgangur ferðar Lévi-Strauss. Þar kemst hann svo á snoðir um frumbyggja álfunnar, indíána, og forvitni hans vaknar. Það er merkilegt til þess að hugsa að í upphafi 20. aldar voru heilu þjóðirnar sem enginn vissi um faldar í regnskógum Suður-Ameríku. Það er ekki fyrr en á öndverði 20. öld að verið er að leggja símalínur þarna þvert í gegn að kynni takast við þjóðflokkana, og þau ansi slysaleg. Þeir voru nefnilega alveg varnarlausir gagnvart sjúkdómum sem fylgdu Vesturlandabúum og tóku að hrynja niður. Þegar Lévi-Strauss er á ferð, skömmu fyrir heimsstyrjöldina síðari, voru þessar þjóðir á fallanda fæti.“

### Hvert samfélag sérstakt

Pétur segir forvitnilegt fyrir nútímafólk að kynna sér lífshætti veiðimanna og safnara á borð við þá sem kynntir eru til sögunnar í Regnskógabeltinu raunamædda. „Þeir ku búa við lifnaðarhætti sem voru okkar 99% af líftíma mannsins á jörðinni, við eigum rætur í þessum lifnaðarháttum og því ferðarinnar virði að kynnast þeim. Tökum bara daglegt líf. Við höfum flest niðurnjörvaðan vinnudag og það fer óhemju tími hjá okkur í framfærsluna, að vinna fyrir öllum þessum lífsgæðum sem við viljum njóta. Hjá þessu fólki er enginn aðskilnaður milli vinnu og frístunda. Trúarbrögð, tónlist og sagnaskemmtun er hluti af hversdegi þeirra. Bandaríski hagfræðingurinn Marshall Sahlins varð fyrir miklum áhrifum af verki Lévi-Strauss og átti síðar eftir að skrifa frægt rit, Stone Age Economics (Hagfræði steinaldar) þar sem hann sýnir fram á að veiðimenn og safnarar á steinaldarstigi verja tveimur og hálfum til þremur klukkustundum til lífsframfærslunnar. Og svo erum við að státa af átta stunda vinnudegi.“

Pétur segir bók Lévi-Strauss að mörgu leyti tala betur til samtímans en upphaflegs útgáfutíma. „Lévi-Strauss hafði miklar áhyggjur af því hvernig hið vestræna samfélag valtaði yfir önnur, hann var sannfærður um að hvert samfélag væri dýrmætt og sérstakt, hefði sjónarhorn og lausnir sem væru sameiginlegur sjóður mannkyns. Þegar bókin kom út árið 1955 voru Vesturlönd á gríðarmikilli siglingu, menn settu engin spurningarmerki við stöðugar framfarir og hagvöxt, en það er annað uppi á teningnum í dag.“

### Margir tímar tali saman

Pétur hefur sjálfur iðulega leitað fanga í liðinni tíð í verkum sínum. Tveggja binda ævisaga Þórbergs Þórðarsonar kom út á árunum 2007 og 2009. Þar á undan voru þrjú bindi komin út í flokknum „Skáldsaga Íslands“: Myndin af heiminum, Leiðin til Rómar og Vélar tímans. „Það er mín vinnuaðferð að láta marga tíma tala saman. Við erum auðvitað öll samsett úr fortíðinni, fortíðin lifir í okkur. Það er í raun slysalegt ef við gerum okkur ekki grein fyrir því. Hinn horfni heimur talar til okkar heims og varpar ljósi á okkur. Við erum aftur á móti stödd á tíma gríðarmikils fannfergis á hugarsviðinu. Það kemur áreiti úr svo mörgum áttum og alltaf verður erfiðara og erfiðara að hafa þessa löngu sýn sem til dæmis fólkið á undan okkur hafði. Í þessum hugarbyl leitast rithöfundurinn við að vera eins konar staðsetningartæki,“ segir Pétur og upplýsir að lokum hann sé að vinna að skáldsögu sem hann áætlar að komi út í haust.

sigridur@frettabladid.is

Sumartónleikar
Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
Listasafn Sigurjóns býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudagstónleikum safnsins sumarið 2012. Umsóknarfrestur er til 14. febrúar 2012.
Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu safnsins www.LSO.is → sumartónleikar
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, 105 Reykjavík
LSO@LSO.is - 553 2906



# Vetrarseðill
# Hann & hún

*Matreiðslumenn Gallery Restaurant hafa sett saman matseðla sem höfða til mismunandi bragðlauka kynjanna. Það er gaman að finna hvað kitlar bragðlaukana hjá hvoru kyni – svo kemur mismunandi smekkur til sögunnar.* ***Hvor hentar þínum bragðlaukum?***



## Hún

*Lystauki - Saffrankrydduð kræklingasúpa og appelsínur*

*Túnfiskur á tvo vegu ásamt mangó og agúrkusalati, þeyttri kókosmjólk og lime*

*Kjúklingabringa undir kóríanderhjúp ásamt steiktum humarhala, snjóbaunum og asíukrydduðri appelsínusósu*

*Valrhona „Gianduja” með ástaraldinkaramellu, sítruskremi í sætu röri og gleymdi ísinn*

*5.900.-*



## Hann

*Lystauki - Humarsúpa Gallery Restaurants með marineruðum humri*

*Saltfiskur og parmaskinka ásamt sultuðum tómötum og nýrakaðri fenniku*

*Rib-eye steik - 12 daga „Premier Cru” með stökkum Belgískum kartöflum og Béarnaise- eða rauðvínssósu*

*Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberja ískrap og frosið vanillikrem*

*5.900.-*

# Helgar „Roast”

## Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.30

***Helgarsteik mánaðarins***

***Reyktur og grafinn lax ásamt nýbökuðu brauði og salat - Borið fram á fati***

***Heilsteikt nauta rib-eye með innbökuðum gratineruðum kartöflum í smjördeigi ásamt Pipar- og Béarnaisesósu***

***Kirsuberjatoppar í súkkulaðimóa, hindberja ískrap og frosið vanillikrem***

***3.500.-***



*Nýr Helgar „Roast“ mánaðarlega*

**Gallery Restaurant - Hótel Holti** · Bergstaðastræti 37 · 101 Reykjavík · **552 5700** · gallery@holt.is · **www.holt.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Laugardagur 28. janúar 2012

**→ Sýningar**

**15.00** Ný sýning verður opnuð í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands. Sýningin ber heitið TÍZKA - kjólar og korselett. Tískustraumar 20. aldarinnar eru teknir fyrir. Allir velkomnir.

**→ Hátíðir**

**13.00** Áttunda árlega Japanshátíðin verður haldin á Háskólatorgi Háskóla Íslands. Gestum er boðið að kynna sér japanskt líf og menningu. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**→ Málþing**

**13.30** Miðstöð munnlegrar sögu býður til málþings í Þjóðarbókhlöðunni í tilefni af 5 ára afmæli sínu. Yfirskrift málþingsins er Miðlun minninganna og meðal fyrirlesara eru þau Guðni Th. Jóhannesson, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Kristinn Schram. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

**14.00** Bandalag íslenskra listamanna efnir til málþings um höfundarrétt í Iðnó við Tjörnina. Yfirskrift málþingsins er Með hverjum deilum við tekjum okkar. Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

**→ Tónlist**

**12.15** Tónlistarhópurinn Elektra Ensemble, sem er skipaður fimm konum, heldur tónleika á Myrkum músíkdögum í sal Kaldalóns í Hörpu. Flutt verða verk eftir yngstu kynslóð tónskálda.

**14.00** Kammerkór Suðurlands kemur fram á Myrkum músíkdögum. Hilmar Arnar Agnarsson stjórnar, en tónleikarnir verða í Háteigskirkju.

**16.00** Tinna Þorsteinsdóttir verður með píanótónleika í Norðurljósasal Hörpu. Eru tónleikarnir hluti af Myrkum músíkdögum.

**17.00** Hljómsveitin Útlagar heldur tónleika á Gallery Bar 46. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

**18.00** Frumflutt verða þrjú ný íslensk tónverk eftir þá Jónas Tómasson, Sigurð Sævarsson og Þorkel Sigurbjörnsson á Myrkum músíkdögum. Flytjendur eru Dísurnar og Tríó Sírajón og fer flutningurinn fram í sal Kaldalóns í Hörpu.

**20.00** Sænska tríóið Ensemble Phylnluq kemur fram á Myrkum músíkdögum. Tónleikarnir eru haldnir í sal Kaldalóns í Hörpu og eru sérstaklega styrktir af sænska sendiráðinu í Reykjavík.

**21.00** Hin eina sanna Icy Spicy Leoncie verður með tónleika á Gauk á Stöng í kvöld. Hún mun leika öll sín helstu lög í bland við nokkur glæný. Hljómsveitin Dr. Spock sér um upphitun. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Bítlavinafélagið heldur upp á 26 ára afmæli sitt með afmælistónleikum á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 2.900.

**22.00** Myrkir músíkdagar ljúka deginum með Ensemble baBel sem flytur margmiðlunar- og spunagjörning í sal Silfurbergs í Hörpu. Gjörningurinn er byggður á tónlist svissneska tónskáldsins Honegger og tónlist bresku hljómsveitarinnar Radiohead.

**22.30** Hljómsveit Magnúsar Einarssonar og nágrennis heldur tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Hljómsveitirnar Náttfari og Hellvar, ásamt Akureyrarbandinu Myrká, spila á Gamla Bauk á Húsavík. Miðaverð er kr. 1.500.

**→ Fyrirlestrar**

**10.00** Hin árlega Rask-ráðstefna um íslenskt mál og almenna málfræði verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Haldnir verða níu fyrirlestrar og verður boðið upp á táknmálstúlkun. Að ráðstefnunni standa Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Allir áhugasamir eru velkomnir og stúdentar sérstaklega hvattir til að mæta.

### Sunnudagur 29. janúar 2012

**→ Listasmiðja**

**15.00** Kjarvalsstaðir bjóða upp á skemmtilega smiðju fyrir 5 ára og eldri þar sem flakkað verður um tímann með því að ganga í gegnum sýningarnar Draumalandið mitt í norðri og Snøhettu. Skráning fer fram á fraedsludeild@reykjavik.is.

**→ Félagsvist**

**14.00** Félagsvist er spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir eru velkomnir.

**19.00** Bridge, Tvímenningur, er spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**→ Sýningar**

**13.00** Sýningin Þetta vilja börnin sjá verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Um er að ræða sýningu á myndskreytingum úr nýútkomnum íslenskum barnabókum. Sýningin er opin til 1.apríl og er aðgangur að henni ókeypis.

**→ Sýningarspjall**

**14.00** **Guðmundur Steingrímsson**, alþingismaður, fjallar um sýningu Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar, Í afbyggingu. Spjallið fer fram í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg, þar sem sýningin stendur nú yfir.

**15.00** Sýningarstjóraspjall Hörpu Björnsdóttur vegna sýningarinnar Pleaser verður haldið í Hafnarborg.

**→ Kvikmyndir**

**15.00** MÍR sýnir rússnesku kvikmyndina Vopnahlé í MÍR-salnum Hverfisgötu 105. Myndin er sýnd með enskum texta og er aðgangur ókeypis.

**→ Dansleikir**

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**→ Tónlist**

**11.30** Dúó Stemma stendur fyrir barnadagskrá í Hörpu í tengslum við Myrka músíkdaga.

**13.00** Íslenski saxófónkvartettinn tekur þátt í Myrkum músíkdögum með tónleikum í sal Kaldalóns í Hörpu.

**15.00** Myrkir músíkdagar halda áfram í Háteigskirkju. Hamrahlíðarkórinn stendur þar fyrir dagskrá undir yfirskriftinni Úr djúpsins ró.

**16.00** Blússveitin Lame Dudes mun stíga á stokk á vetrartónleikaröðinni sem fram fer á heimili söngvaskáldanna Uni og Jóns Tryggva, Merkigili á Eyrarbakka. Frítt inn en frjáls framlög eru vel þegin.

**17.00** Poetica Musica heldur tónleika í sal Kaldalóns í Hörpu sem hluti af Myrkum músíkdögum. Tónleikarnir eru styrktir af Sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík og bera yfirskriftina Amerísk fegurð.

**20.00** Kammersveit Reykjavíkur spilar á lokatónleikum Myrkra músíkdaga. Tónleikarnir fara fram í sal Norðurljósa í Hörpu.

**22.00** Eftirmáli Myrkra músíkdaga verður fluttur í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu. Fram koma Anna Jónsdóttir sópran, Sophie Schoonjans hörpuleikari og Örnólfur Kristjánsson sellóleikari.

**→ Listamannaspjall**

**15.00** Í sal Íslenskrar grafíkur Tryggvagötu 17, hafnarmegin, verður Anna María Lind Geirsdóttir með listamannaspjall vegna sýningarinnar Bómullartuskur.

**→ Samkoma**

**20.00** Fyrsta Tómasarmessa ársins verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd. Yfirskrift kvöldsins er Hvílíkur maður er þetta. Allir eru velkomnir.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**







tónlist ★★★☆☆

**Raftónleikar**

Verk eftir Ríkharð H. Friðriksson, Úlfar Inga Haraldsson, Kjartan Ólafsson, Camillu Söderberg, Jesper Pedersen, Pál Ivan Pálsson.

**Myrkir músíkdagar í Hörpu**

## Skipulagt og fókuserað

Ég hef farið á marga raftónleika í gegnum tíðina sem hafa einkennst af vandræðagangi. Tónleikarnir hafa verið illa skipulagðir (les = alltof langir) og svo hefur vantað eitthvað til að horfa á. Það er sjaldnast spennandi að sjá fólk sitjandi við fartölvu, jafnvel þótt tónlistin sem úr henni kemur sé hávær og brjálæðisleg. Stundum er að vísu brugðið upp skjá, en á honum hefur oftar en ekki bara verið eitthvert mynstur. Það hefur fljótt orðið tilbreytingarlaust.

Ánægjulegt er því að segja frá því að raftónleikar á Myrkum músíkdögum á fimmtudagskvöldið fóru ágætlega fram. Þeir voru ekki of langir, níu verk á efnisskránni voru flest bæði stutt og hnitmiðuð. Nokkrir gerningar sköpuðu einnig skemmtilegt andrúmsloft.

Magnaðasta verkið að mínu mati var eftir Ríkharð H. Friðriksson. Það var unnið upp úr hljóðupptökum með gömlu prógressífu rokksveitinni Gentle Giants. Ríkharður vélritaði skipanir til tölvunnar og maður gat fylgst með á stórum skjá. Þetta var því ekki bara upptaka; tónlistin var lifandi, þótt hún byggðist á áður forrituðum tónaklösum. Flutningurinn var markvisst byggður upp, hápunkturinn flottur og hárrétt tímasettur.

Margt annað kom líka ágætlega út. Tvö verk eftir Úlfar Inga Haraldsson (annað fyrir rafhljóð og víólu Sigríðar Mjallar Björnsdóttur) voru hófstillt og lágvær. Þau voru falleg í einfaldleika sínum. Fjögurra rása verk eftir Þorgrím H. Einarsson var órætt, dularfullt og sjarmerandi. Atmosphere 3291 eftir Kjartan Ólafsson var snyrtileg samsetning alls konar blæbrigða sem nutu sín einkar vel í hljóðkerfi salarins. Kraftmikill náttúruhljóðakokteill eftir Camillu Söderberg var glæsilega samansettur. Og konseftverk eftir Jesper Pedersen og Pál Ivan Pálsson voru snotur. Það voru ekki endilega merkilegar tónsmíðar, en skemmtilega útfærðar og leikrænar.

Tölvan býður upp á endalausa möguleika. Einmitt þess vegna kunna margir raftónlistarmenn sér ekki hóf og geta ekki hætt. Með tilheyrandi leiðindum – ef ekki heyrnarskaða fyrir okkur hin! Tónleikarnir nú voru ánægjuleg tilbreyting.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Áhugaverðir raftónleikar sem voru vel skipulagðir og oft spennandi.


Performer í samstarfi við Gilbert úrsmið og JS Watch co. Reykjavik kynna:
JETHRO TULL
IAN ANDERSON
FLYTUR
THICK AS A BRICK
Í heild sinni
Eldborgarsal Hörpu 21. júní
Miðasala hefst fimmtudaginn 2. febrúar kl: 12:00 á Harpa.is og Midi.is
JETHRO TULL
The St Cleve Chronicle & Linwell Advertiser
THICK AS A BRICK GOES ON TOUR !!
ENTIRE CLASSIC ALBUM PLAYED LIVE. FIRST TIME SINCE '72
HEIMSVIÐBURÐUR Á ÍSLANDI
Tilefnið er 40 ára afmæli plötunnar.
Mögnuð videosýning og breskir leikarar taka þátt í að gera uppsetningu verksins sem eftirminnilegasta.
Hljómsveitin mun að auki flytja bæði nýtt og gamalt efni með Jethro Tull.
GILBERT ÚRSMIÐUR
performer
JS Watch co. REYKJAVIK

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**BROKKOLÍ STYRKIR HJARTAÐ.** Brokkolí er stútfullt af andoxunarefnum ásamt því að innihalda fólínsýru, sem getur komið í veg fyrir hjartasjúkdóma.

## Pylsur og kæfa auka líkur á krabbameini

**HEILSA** Unnar kjötvörur, eins og pylsur og kæfa, eru taldar auka líkurnar á krabbameini í brisi. Þetta sýnir ný rannsókn sem birtist á dögunum í British Journal of Cancer. Því meira magn sem maður borðar því meiri líkur á krabbameini segir í rannsókninni en það er ekki kjötið sjálft sem hefur áhrif heldur efnið natríum, sem er bætt út í eftir á til að auka endingu vörunnar. Líkur á krabbameininu hækka um 19% fyrir hver 50 grömm sem borðuð eru af unninni kjötvöru á dag samkvæmt rannsókninni en það jafngildir einni pylsu.

Ekki eru allir jafn sannfærðir um hvort eitthvað sé að marka könnunina enda hefur efnið verið notað í pylsur og aðrar unnar kjötvörur lengi. Oftast þarf líka meira en eina rannsókn til að sannreyna kenninguna.



**STÓRHÆTTULEGT?** Þessi pylsa gæti mögulega reynst stórhættuleg.

## TÆKNI



**NINTENDO SAMSKIPTANET** Leikjatölvurisinn Nintendo kynnti á dögunum nýtt samskiptanet fyrir notendur leikjatölvunnar 3DS og hinnar væntanlegu Wii U. Hægt verður að hlaða niður efni á samskiptanetinu, en bílaleikurinn Mario Kart 7 verður fyrsti leikurinn sem hægt verður að sækja. Þá verður hægt að sækja viðbætur við aðra leiki og framleiðendur hafa þrýst á Nintendo að koma leikjum sínum að á samskiptanetinu. Nintendo gaf ekki upp hvenær notendur tölvanna geta byrja að notað samskiptanetið, en ljóst er að fyrirtækið er að svara samkeppni frá Xbox- og PlayStation-leikjatölvunum sem bjóða notendum sínum upp á svipaða þjónustu.




**TWITTARAR ÆFIR YFIR RITSKOÐUN** Notendur samskiptasíðunnar Twitter eru æfir eftir að tilkynnt var að vefsíðan setti í reglur sínar möguleika á að loka fyrir efni í ákveðnum löndum. Þetta var tilkynnt síðasta þriðjudag og gagnrýnisraddirnar byrjuðu strax að heyrast. Sumir segja reglurnar eyðileggja getu Twitter til að virka sem vettvangur fyrir atburði á við þá sem hafa átt sér stað í arabíska vorinu. Þá hafa notendur mótmælt reglunum með því að skrifa skilaboð á síður sínar með merkjunum #TwitterBlackout og #TwitterCensored.

## Skeggleysi bara tískubóla

**Vel hært skegg er vinsælt um þessar mundir. Á tískusýningum fatahönnuðanna Henrik Vibskov og Vivienne Westwood mátti einnig sjá skeggjaðar fyrirsætur. Tískubólan einskorðast því ekki við götur Reykjavíkur.**

**TÍSKA** „Ég hef predikað fyrir skeggvexti í mörg ár og finnst að allir karlmenn ættu að bera skegg," segir Stjúri sem rekur rakarastofu í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. „Ég segi frekar að andlitsrakstur sé tískubóla enda varð rakstur ekki vinsæll fyrr en rétt fyrir iðnbyltingu og ég vona að sú tískubóla fari að deyja út,"

Sjálfur rakaði hann sig síðast árið 1996 og hefur skartað einhvers konar skeggi allar götur síðan. Að hans sögn eru til margar ólíkar útgáfur af skeggjum og ber þar helst að nefna Skógarhöggsmanninn, svokallað mánaðarskegg og hökutopp. Það er persónubundið hvað hverjum þykir fallegt og fer valið mikið eftir andlitslagi.

Stjúri segir kosti skeggsins marga og nefnir sem dæmi að það veiti góða vörn fyrir bæði hita og kulda. „Það skiptir litlu máli hvernig þú lítur út undir því, þannig að maður getur falið sig á bak við skeggið. Svo þegar maður tekur sopa af bjór festist froðan oft í skegginu og þá þarf maður að sjúga hana úr. Það er bæði karlmannleg og góð tilfinning."

En ókostir fylgja líka skegginu. „Mörgum klæjar undan skegginu í fyrstu," segir Stjúri. „Svo eiga matarleifar til að festast í því, en maður verður að vera duglegur að þrífa sig og forðast að borða eins og dýr."

Aðspurður segir Stjúri eiginkonu sína hrifna af skeggvexti hans enda hafi hann verið skeggjaður alveg frá því að þau kynntust fyrst. „Hún vill ekki sjá mig skegglausan. Ég veit ekki hvað það þýðir, kannski þorir hún ekki að sjá það sem býr undir skegginu."



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### GÓÐ RÁÐ FRÁ STJÚRA UM SKEGGSÖFNUN

- Mönnum ber að forðast að raka sig fyrst um sinn. Mörgum þykir erfitt að halda þetta út til að byrja með, sérstaklega vegna kláðans.
- Lofið skegginu að vaxa vel áður en farið er út í það að snyrta það. Stuttklipptir eiga að trimma skeggið niður meðfram vöngum.
- Efri vörin verður alltaf að sjást. Þessari reglu er mikilvægt að fylgja því annað þykir ósmekklegt.
- Skolið skeggið daglega. Flestir nota aðeins vatn til þessa en aðrir nota sápu eða sjampó, allt eftir smekk.
- Verið hressir.

ÚTSALA!
FLOTT FÖT FYRIR FLOTTA KRAKKA

Allt fyrir börnin

fifa
SÍÐAN 1978

STOKKE MAXI-COSI Simo Quinny BABYBJÖRN BRIO

Reykjavík: Bíldshöfða 20 - S: 562 6500 Opið: Mán. - Fös: 10-18 Lau.: 10-16 - Sun.: 13-17
Akureyri: Kaupvangsstræti 1 - S: 462 6500 Opið: Mán. - Fös: 10-18 Lau.: 12-16

www.fifa.is




# HEIMA ER BEST!

F1 hlaupabrautin - hlaupabraut sem brjóta má saman en uppfyllir jafnframt gæðakröfur Life Fitness. Hana prýðir allt sem hefur gert Life Fitness hlaupabrautir að fyrsta vali meðal fólks sem gerir kröfur um hámarksgæði og notagildi.

**Life Fitness, mest seldu líkamsræktartæki í heimi, eru af slíkum gæðum að þú getur aðeins vænst þess besta**



Life Fitness
ÞREKHJÓL - HLAUPABRAUTIR - ÞREKÞJÁLFAR - ÆFINGASTÖÐVAR

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15










# STÓRKOSTLEGT SJÓNARSPIL

Bíó ★★★★★

**The Artist**

Leikstjórn: Michel Hazanavicius

**Leikarar:** Jean Dujardin, Bérénice Bejo, John Goodman, James Cromwell, Penelope Ann Miller, Malcolm McDowell



**VEL LEIKIN** Leikararnir í The Artist fara á kostum án þess að nota hljóð eða orð.

Auðvitað býst maður við miklu af kvikmynd sem tilnefnd er til 10 Óskarsverðlauna og 12 BAFTA-verðlauna. The Artist þykir sigurstrangleg í öllum helstu flokkum og væntingarnar til hennar því gífurlegar. Það er auðvitað eilítið ósanngjarnt en engu að síður skiljanlegt.

Myndin segir frá George Valentin, kvikmyndastjörnu í Hollywood á tímum þöglu myndanna. Árið er 1927 og talmyndirnar eru að yfirtaka iðnaðinn. Valentin þráast hins vegar við að skipta um leikvang og er honum því á endanum bolað burt úr bransanum. Við þetta fléttast svo þráhyggjukennd ást Valentin á ungri leikkonu, Peppy Miller, sem verður fljótlega ein skærasta stjarna talmyndanna.

Það vekur auðvitað athygli að The Artist er sjálf að mestu leyti þögul mynd. Það þjónar ákveðnum frásagnarlegum tilgangi, auk þess sem það styður við nostalgískt yfirbragðið og þvingar leikarana til að tjá sig eins myndrænt og þeir geta. Áður en langt um líður er áhorfandinn það djúpt sokkinn í frábæra söguna að tali eða umhverfishljóðum væri ofaukið, og gætu jafnvel truflað hið mikla sjónarspil sem myndin er.

Aðalleikarinn (Jean Dujardin) er stórkostlegur og með hvert einasta smáatriði á hreinu, hvort sem það er dans, skylmingar eða myndun míkróskópískra hrukkna í námunda við yfirskeggið, sem öll gera hann svo aðlaðandi og aumkunarverðan í senn. Aðrir leikarar fara einnig á kostum og gaman er að sjá öll þessi kunnuglegu andlit tjá sig án notkunar hljóða og orða.

> The Artist er sannkallað listaverk og stendur fyllilega undir öllum þeim væntingum sem til hennar eru bornar.
>
> **HAUKUR VIÐAR ALFREÐSSON**
> KVIKMYNDAGAGNRÝNANDI

The Artist er sannkallað listaverk og stendur fyllilega undir öllum þeim væntingum sem til hennar eru bornar. Þær kvikmyndir sem etja við hana kappi á væntanlegum verðlaunahátíðum eru ekki öfundsverðar. Þegar maður sér hvernig hún notar myndmálið rennur það upp fyrir manni að stór hluti þeirra mynda sem út koma nú á dögum gætu eins verið útvarpsleikrit.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Ein allra besta mynd síðasta árs og nýtur sín best í kvikmyndahúsi. Nú er tækifærið. Ekki gera ekki neitt.















lau 28. jan kl. 20:00
fös 3. feb kl. 20:00
lau 4. feb kl. 20:00

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Leikhúspakki á flugfelag.is!

Miðasala á gamlabio.is og á midi.is
Símanúmer í miðasölu: 563 4000 (Opið alla daga milli 14:00 og 18:00 og lengur á sýningarkvöldum)

# sport

sport@frettabladid.is

EM í handbolta 2012

**DANIR OG SERBAR** mætast í úrslitaleiknum á Evrópumótinu klukkan 16.00 á morgun að íslenskum tíma en liðin voru saman í riðli og unnu Serbar 24-22 sigur í fyrri leik liðanna. Íslendingar þurfa að treysta á sigur Dana til þess að komast í auðveldari riðil í forkeppni Ólympíuleikanna í vor. Vinni Serbar þá verður Ísland með Spáni, Slóveníu og Brasilíu í riðli. Vinni Danir þá verða Íslendingar í riðli með Króatíu, Japan og Síle. Tvö efstu liðin komast á ÓL.

## ÚRSLIT Í GÆR

### *EM í handbolta í Serbíu*

**UNDANÚRSLIT**

**Danmörk - Spánn** **25-24 (12-10)**
Rasmus Lauge 6, Rene Toft Hansen 4, Mikkel Hansen 4 - Julen Aguinagalde 5, Maqueda 4.

**Serbía - Krótatía** **26-22 (13-14)**
Momir Ilic 8/4, Marko Vujin 6, Ivan Nikcevic 4 - Marko Kopljar 7, Igor Vori 4.

**LEIKUR UM FIMMTA SÆTIÐ**

**Makedónía - Slóvenía** **28-27 (16-12)**
Kiril Lazarov 8/2, Stojance Stoilov 6, Stevce Alusevski 4 - Jure Dolenec 7, Luka Zvizej 6/2.

### *Iceland Exp. karla í körfu*

**Valur-Stjarnan** **71-96 (33-53)**
**Valur:** Ragnar Gylfas. 14, Igor Tratnik 13, Birgir Pétursson 13, Austin Bracey 13, Alexander Dungal 6, Kristinn Ólafsson 4, Hamid Dicko 3, Benedikt Blöndal 3, Bergur Ástráðsson 2.
**Stjarnan:** Renato Lindmets 20, Keith Cothran 16, Marvin Valdimarsson 15, Jovan Zdravevski 13, Justin Shouse 11 (9 stoðs.), Guðjón Lárusson 8, Fannar Freyr Helgason 7, Sigurjón Örn Lárusson 2, Magnús Bjarki Guðmundsson 2, Dagur Kár Jónsson 2.

**Tindastóll-Keflavík** **72-91 (34-50)**
**Tindastóll:** Maurice Miller 15, Friðrik Hreinsson 15, Svavar Atli Birgisson 14, Curtis Allen 8, Loftur Páll Eiríksson 6, Helgi Rafn Viggósson 6, Þröstur Leó Jóhannsson 5, Ingvi Ingvarsson 2, Helgi Freyr Margeirsson 1.
**Keflavík:** Magnús Þór Gunnarsson 25 (10 frák.), Valur Orri Valsson 20, Jarryd Cole 15, Halldór Halldórsson 14, Charles Parker 9, Almar Guðbrandsson 6, Kristoffer Douse 2.

**Grindavík-Fjölnir** **107-73 (50-41**
**Grindavík:** J'Nathan Bullock 26 (17 frák.), Páll Axel Vilbergsson 17, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 14, Giordan Watson 11, Ómar Örn Sævarsson 10 (10 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 9, Ryan Pettinella 9, Þorleifur Ólafsson 5, Björn Steinar Brynjólfsson 5, Ólafur Ólafsson 1.
**Fjölnir:** Björgvin Hafþór Ríkharðsson 19, Arnþór Freyr Guðmundsson 16, Nathan Walkup 13, Calvin O'Neal 13, Jón Sverrisson 10, Trausti Eiríksson 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **13** | **12** | **1** | **1146-975** | **24** |
| Stjarnan | 13 | 9 | 4 | 1167-1085 | 18 |
| **Keflavík** | **13** | **9** | **4** | **1193-1101** | **18** |
| KR | 13 | 8 | 5 | 1134-1102 | 16 |
| **Þór Þ.** | **13** | **8** | **5** | **1107-1057** | **16** |
| Snæfell | 13 | 7 | 6 | 1244-1176 | 14 |
| **ÍR** | **13** | **6** | **7** | **1131-1180** | **12** |
| Tindastóll | 13 | 6 | 7 | 1091-1140 | 12 |
| **Njarðvík** | **13** | **6** | **7** | **1103-1102** | **12** |
| Fjölnir | 13 | 5 | 8 | 1109-1188 | 10 |
| **Haukar** | **13** | **2** | **11** | **1003-1111** | **4** |
| Valur | 13 | 0 | 13 | 984-1195 | 0 |

### *Poweradebikar undanúrslit*

**Karlar** Tindastóll-KR, Keflavík-KFÍ
**Konur** Njarðvík-Haukar, Snæfell-Stjarnan

### *N1 deild kvenna verðlaun*

**Besti leikmaður** Dagný Skúladóttir, Val
**Besti þjálfari** Einar Jónsson, Fram
**Úrvalsliðið:** Sólveig Lára Kjærnested, Stjörnunni - Birna Berg Haraldsdóttir, Fram, Ester Óskarsdóttir, ÍBV - Stella Sigurðardóttir, Fram - Dagný Skúladóttir, Val og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir, Val.

### *Sænski körfuboltinn*

**Norrkoping- Sundsvall Dragons** **97-96**
Jakob Örn Sigurðarson 28 (5 stoðs.), Hlynur Bæringsson 18 (10 frák.). Fjórða tap Sundsvall-liðsins í röð. Pavel Ermolinskij er meiddur.

# Geri mér aldrei væntingar um sigur

**Þrátt fyrir ungan aldur er Halldór Helgason einn þekktasti snjóbrettakappi heims. Hann framleiðir snjóbretti og ýmsar vörur, leigir íbúð í Mónakó og flakkar um heiminn. Hann keppir um helgina á X Games.**



**HEFUR ALDREI BEINBROTNAÐ** „Ég hef verið ótrúlega heppinn og aldrei brotið bein. Meiðsli fylgja oft íþróttinni en sem betur fer hef ég ekki lent í neinu mjög slæmu," segir Halldór en hér fær hann byltu á móti í München í Þýskalandi í febrúar á síðasta ári. NORDIC PHOTOS/GETTY

**SNJÓBRETTI** Halldór Helgason er aðeins 21 árs gamall en er þrátt fyrir það einn þekktasti snjóbrettakappi heims. Íþróttin er þó ekki sú þekktasta á Íslandi en innan síns geira er Halldór vel þekktur á heimsvísu.

Fyrir tveimur árum síðan keppti hann á hinum svokölluðu Winter X Games í Bandaríkjunum og vann þar gull í grein sem nefnist Big Air. Hann keppir á leikunum aftur um helgina og freistar þess að endurheimta gullið sem hann missti í fyrra. Reyndar gerir hann sér sjálfur engar væntingar um sigur.

„Í rauninni er ég ekkert mjög vel stemmdur fyrir þá keppni. Ég hef bara verið á handriðum og að taka upp efni á myndband innanbæjar síðustu mánuðina. Ég er því svolítið eftir á í stökkum eins og er," segir Halldór, en keppni í Big Air gengur út á að stökkva af stórum palli og framkvæma kúnstir í loftinu – ekki ólíkt dýfingum í sundi.

### Gæti keppt á Ólympíuleikum

Halldór keppir einnig í grein sem nefnist Slopestyle, sem verður keppnisgrein í fyrsta sinn á Vetrarólympíuleikunum í Sochi í Rússlandi árið 2014. Sú grein líkist ef til vill hefðbundnum skíðaíþróttum meira þar sem keppendur fara niður brekku og framkvæma mismunandi kúnstir með því að stökkva af pöllum og yfir ýmsar hindranir. Í Big Air er „aðeins" eitt stökk en keppendur í Slopestyle þurfa að framkvæma 6-8 brögð í hverri ferð.

Í báðum greinum eru gefin stig fyrir framkvæmd og stíl og sá stigahæsti hverju sinni ber sigur úr býtum.

En það sem aðskilur Halldór frá flestum öðrum íþróttamönnum er að í hans huga er það ekki aðalatriðið að vinna – verða bestur eða fá gull um hálsinn.

„Ég reyni frekar að skemmta mér og hafa gaman. Ég reyni mitt besta og sé svo til hvað gerist. Ef maður stefnir á sigur og það tekst ekki verður maður auðvitað fyrir vonbrigðum. Mér finnst auðvitað gaman að vinna en ef ég verð neðstur þá er það í lagi líka," segir Halldór.

Hann útilokar þó ekki að keppa á Ólympíuleikum fyrst búið er að gera Slopestyle að keppnisgrein. „En þá þarf ég að huga að ýmsu sem ég nenni ekki að hugsa um – landslið og fleira sem ég skil ekkert í. Eða þá að hafa þjálfara sem ég er alls ekki hrifinn af. Ég vil frekar vera á eigin vegum og gera það sem ég vil sjálfur gera," segir Halldór en bætir við: „En það eru tvö ár í leikana og maður sér til hvað gerist. Ég útiloka ekki neitt."

### Sveitapiltur úr Eyjafirði

Halldór er úr Hörgársveit í Eyjafirði og ólst upp á bænum Sílastöðum. Eftir útskrift úr grunnskóla hélt hann til Svíþjóðar þar sem hann fór í snjóbrettaskóla. Þar var hann í þrjú ár og fékk sína fyrstu styrktaraðila. Síðan þá hefur hann verið atvinnumaður í íþóttinni og er nú á sínu fjórða ári.

„Þetta hefur gerst mjög hratt hjá mér. Mun hraðar en ég hafði nokkru sinni getað ímyndað mér," segir Halldór en bróðir hans, Eiríkur, lifir líka á íþróttinni og saman ferðast þeir um heiminn gera það sem þeim finnst skemmtilegast.

Á snjóbrettaíþróttinni eru í raun tvær meginhliðar. Annars vegar keppnisíþróttin og hins vegar framleiðsla á snjóbrettamyndum. Halldór gerir hvort tveggja en Eiríkur keppir reyndar ekki. Þeir gerðu síðast myndina Sexual Snowboarding, ásamt Gulla Guðmundssyni, æskufélaga sínum, sem má sjá á heimasíðu þeirra, www.helgasons.com.

Þá hafa þeir bræður í samstarfi við aðra rekið framleiðslu á ýmsum snjóbrettavörum undir nokkrum vörumerkjum, svo sem snjóbrettum og ýmiss konar fatnaði.

### Leigja íbúð í Mónakó

Þegar þeir eru svo ekki að flakka um heiminn búa þeir í íbúð sem þeir leigja í Mónakó á suðurströnd Frakklands. Lífið er því ekki amalegt hjá þessum ungu bræður.

„Þetta er bara mín vinna – það eina sem ég geri. Það er auðvitað frábært að fá að vinna við áhugamálið sitt enda hef ég rennt mér á bretti síðan ég var pínulítill," segir Halldór. „Ég get ekki kvartað."

eirikur@frettabladid.is

## Fékk boð á HM

Halldór Helgason var einn af fáum snjóbrettaköppum sem var sérstaklega boðinn þátttökuréttur á HM í snjóbrettum sem fer fram í Ósló í næsta mánuði. Segir það sitt um stöðu hans í heimi snjóbrettaíþróttarinnar.

„Ég tek þessu sem miklu hrósi," segir Halldór. „Aðrir þurfa að taka þátt í keppnismótaröð sem stendur yfir allan veturinn og safna stigum til að komast inn. Ég reyni að taka þátt í fjórum stórum keppnum á ári en þess fyrir utan vil ég frekar nota tímann til að mynda efni fyrir snjóbrettamyndir sem við gerum. Það var því mjög þægilegt að fá boð og þurfa ekkert annað að gera en að mæta," bætir hann við í léttum dúr.



**SIGURREIFUR** Halldór eftir sigurinn á X Games árið 2010.


Til leigu á besta stað við Leifsstöð!



Blikavellir 5 við Leifsstöð
Til leigu skrifstofuhúsnæði á flugþjónustusvæðinu við Leifsstöð.
- 2. hæð um 300 fm
- 3. hæð um 300 fm
- Stórt plan fyrir bílastæði

Byggingarréttur fyrir 1000 fm hús á lóðinni t.d. fyrir bílastæðahús.




Frekari upplýsingar á www.akflutningar.is/kef

AB Bílaþjónustan - Hannes sími: 840-6801 - hannes@akflutningar.is




**PISTILLINN**
**Hlynur Bæringsson** körfuboltamaður

## Ógreidd meðlög og símreikningar

Útlendingar í íslenska körfuboltanum eru eilíft þrætuefni innan körfuboltahreyfingarinnar, skiljanlega. Vera þeirra og hve margir þeir eru hefur mikil áhrif á það hvernig deildin lítur út.

Ég mun eingöngu tala um Bandaríkjamenn, ég er á móti því að banna Evrópumönnum að spila á Íslandi, finnst það fáránlegt í ljósi allra þeirra Íslendinga sem njóta góðs af því að teljast ekki útlendingar í deildum Evrópu. Það eru ekki eingöngu atvinnumenn heldur líka þeir sem eru að sprikla með námi í neðri deildum í fjölmörgum íþróttum.

Já, blessaðir Kanarnir. Þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir. Margir gefa mikið af sér bæði til síns klúbbs og til körfuboltans með því að færa leikinn upp á hærra stig og bæta þannig íslenska leikmenn, t.d. menn eins og Brenton Birmingham og Justin Shouse. Þeir eru líka ansi margir sem gleymast strax og skilja lítið eftir sig nema þá helst ógreidd meðlög og símreikninga.

Deildin er núna búin að missa marga leikmenn út, bæði í skóla og atvinnumennsku. Því hefur myndast smá hola og Kanarnir því mjög áberandi og það fer í taugarnar á mörgum. Mín skoðun er sú að við þurfum útlendinga en ættum ekki að fylla deildina af þeim. Tveir útlendingar í liði er fínt að mínu mati. Auka samkeppnina og gera deildina betri. Lið verða svo að bera ábyrgð á því að þau séu ekki að fá leikmenn í þær stöður þar sem þeirra bestu ungu leikmenn eru fyrir.

Ég skil og ber virðingu fyrir öðrum sjónarmiðum um að mínútum fækki hjá íslenskum leikmönnum en ég tel að bestu leikmennirnir muni hagnast á útlendingum, þeir munu rísa upp fyrir þá útlendinga sem koma og nota þá til að koma sínum leik á hærra stig. Ég vil fjölga þeim mönnum frekar en þeim sem fá að spila mikið. Mikil samkeppni bætir leikmennina sem virkilega vilja ná langt, og þeir munu ná langt.

Til þess að koma í veg fyrir að útlendingar séu svona áberandi vil ég fækka liðum í efstu deild, hafa þau í mesta lagi tíu. Þá myndu bestu Íslendingarnir deilast á færri lið og meðalgeta hvers lið verða betri. Við höfum að mínu mati ekki nægilega stóran hóp leikmanna til að halda úti góðri tólf liða deild. Þetta myndi einnig gera 1. deildina sterkari og yrði þá meiri samkeppni um að komast upp.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Kristin Chenoweth

„Ef maður lærir að elska sjálfan sig og alla sína galla, þá á maður svo miklu auðveldara með að elska aðra. En það er það sem gerir mann hamingjusaman."

***Broadway-leikkonan Kristin Chenoweth, sem margir muna eflaust eftir úr Glee-þáttunum feykivinsælu, virðist hafa lykilinn á bak við hamingjuna alveg á hreinu. Kristin leikur í myndinni 12 Men of Christmas sem er sýnd á Stöð 2 Bíói í dag klukkan 08.00 og 14.00.***



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 20.20
### The Mentalist

Simon Baker leikur aðalhlutverkið í The Mentalist sem er á meðal allra vinsælustu erlendu þáttum Stöðvar 2. Hann leikur Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi lögreglunnar og notar hárbeitta athyglisgáfu sína til að leysa flókin sakamál. Í þættinum í kvöld er lögreglustjóri í ferðamannabæ myrtur og við rannsókn málsins hittir Teresa Lisbon, sem Robin Tunney leikur, bróður sinn, sem er að eltast við glæpamann á flótta undan réttvísinni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Landið sem rís **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Móses og Jón Taylor **11.00** Guðsþjónusta í Laugarneskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Egils saga - annar hluti **15.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.27** Vinnustofan **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Hljóðritasafnið **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.16 Hérastöð** (3:26) (Hareport)
**10.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** (3:5) (e)
**11.45 Djöflaeyjan** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.45 Ker full af bleki** Heimildamynd eftir Helgu Brekkan (e)
**14.40 Tíska eða list** (Mode og kunst: Kunstnerisk eller kunstigt) (e)
**15.10 Pálína** (36:54) (Penelope)
**15.15 Veröld dýranna** (41:52) (Aniland)
**15.20 Hrúturinn Hreinn** (39:40) (Shaun The Sheep)
**15.30 EM í handbolta** BEINT
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Við bakaraofninn** (3:6) (Camilla Plum: Boller af stål)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.10 Höllin** (1:20) (Borgen) Danskur myndaflokkur um valdataflið í dönskum stjórnmálum.
**21.15 Í skugga hljóðnemans** Dagskrá um Jónas Jónasson útvarpsmann.
**22.15 Sunnudagsbíó - Endatafl Eichmanns** (Eichmanns Ende) Í myndinni er sagt frá afdrifum nasistaforingjans Adolfs Eichmanns í Argentínu.
**23.45 Silfur Egils** (e)
**01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 12 Men Of Christmas**
**10.00 When In Rome**
**12.00 Toy Story 3**
**14.00 12 Men Of Christmas**
**16.00 When In Rome**
**18.00 Toy Story 3**
**20.00 Knight and Day**
**22.00 The International**
**00.00 Lions for Lambs**
**02.00 Gettin' It**
**04.00 The International**
**06.00 Goya's Ghosts**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**10.20 Tricky TV** (22:23)
**10.45 Chestnut: Hero of Central Park** Skemmtileg fjölskyldumynd um munaðarlausar systur sem finna yfirgefinn hvolp, sama dag og þær eru ættleiddar. Á nýja heimilinu eru þó engir hundar leyfðir, svo nú þurfa systurnar að beita alls kyns kostulegum brögðum til að fela uppátækjasama hvolpinn til að eignast hið fullkomna fjölskyldulíf sem þær hefur alltaf dreymt um.
**12.00 Spaugstofan**
**12.25 Nágrannar**
**13.25 Nágrannar**
**14.10 American Dad** (4:18)
**14.35 The Cleveland Show** (7:21)
**15.00 American Idol** (5:39)
**15.45 Týnda kynslóðin** (20:40)
**16.15 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi**
**16.50 Spurningabomban** (1:5)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (20:24)
**19.40 Sjálfstætt fólk** (16:38)
**20.20 The Mentalist** (6:24)
**21.05 The Kennedys** (4:8) Ein umtalaðasta sjónvarpssería síðustu ára þar sem fylgst er með lífshlaupi John F. Kennedy.
**21.50 Mad Men** (12:13)
**22.35 60 mínútur**
**23.20 The Glades** (4:13) Sakamálaþættir sem segja frá lögreglumanninum Jim Longworth.
**00.10 The Daily Show: Global Edition**
**00.35 Das Leben der Anderen** Verðlaunakvikmynd sem gerist í Þýskalandi árið 1984. Unga leikskáldið Dreymann og ástkona hans, Christa-Maria Sieland verða hugarefni menningarráðherrans Brunos Hempf og er Stasi-liðinn Wiesler fenginn til að fylgja þeim um hvert fótmál. Wiesler veit þó ekki að menningarráðherrann hefur annað og meira í hyggju en góma þau fyrir misferli.
**02.50 Burn Up** Fyrri hluti spennandi framhaldsmyndar sem gerist í heimi olíuviðskipta.
**04.20 Burn Up** Seinni hluti
**05.50 Fréttir**

## STÖÐ 2 SPORT
*besta sætið*

**06.20 Spænski boltinn: Real Madrid - Zaragoza**
**08.05 Brighton - Newcastle** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**09.50 QPR - Chelsea** Útsending frá leik í 4. umferð FA bikarkeppninnar.
**11.35 Derby - Stoke** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**13.20 Sunderland - Middlesbrough** BEINT frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**15.45 Arsenal - Aston Villa** BEINT frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**17.55 Spænski boltinn: Villarreal - Barcelona**
**19.40 Sunderland - Middlesbrough** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**21.25 Arsenal - Aston Villa** Útsending frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.

## STÖÐ 2 SPORT 2
*enski boltinn*

**14.00 PL Classic Matches: Leeds - Liverpool, 2000**
**14.30 PL Classic Matches: Arsenal - Everton, 2001**
**15.00 Season Highlights 1999/2000**
**15.55 Premier League World**
**16.25 Bolton - Stoke**
**18.15 Liverpool - Man. City**
**20.05 Van Basten** Nu er röðin komin af Marco Van Basten sem af mörgum var talinn einn besti framherji heims.
**20.35 Season Highlights 2000/2001** Allar leiktíðir ensku úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.30 PL Classic Matches: Tottenham - Newcastle, 1994**
**22.00 PL Classic Matches: Chelsea - Sunderland, 1996**
**22.30 QPR - Sunderland**

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## STÖÐ 2 EXTRA

**15.10 Íslenski listinn**
**15.35 Bold and the Beautiful**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.15 Falcon Crest** (4:30)
**18.05 ET Weekend**
**18.50 Tricky TV** (22:23)
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 The Glee Project** (4:11)
**20.25 American Idol** (3:39)
**21.10 American Idol** (4:39)
**21.55 American Idol** (5:39)
**22.40 Last Truck: The Closing of a GM Plant** Vönduð heimildarmynd frá HBO um GM-bílaverksmiðjuna í Moraine í Ohio leiti sem var tilkynnt um að henni yrði lokað 23. desember árið 2008. Margir voru uggandi yfir þessu og þóttu endalok þessarar verksmiðju vera möguleg byrjun á miklum breytingum sem ættu eftir að eiga sér stað á landslagi bandarísks iðnaðar.
**23.25 Falcon Crest** (4:30)
**00.15 ET Weekend**
**01.00 Íslenski listinn**
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Tricky TV** (22:23)
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu
**14.30** Skuggar Reykjavíkur
**15.00** Frumkvöðlar
**15.30** Eldhús meistranna
**16.00** Hrafnaþing
**17.00** Græðlingur
**17.30** Svartar Tungur
**18.00** Björn Bjarnason
**18.30** Tölvur tækni og vísindi
**19.00** Fiskikóngurinn
**19.30** Bubbi og Lobbi
**20.00** Hrafnaþing
**21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur
**21.30** Vínsmakkarinn
**22.00** Hrafnaþing
**23.00** Motoring
**23.30** Eldað með Holta
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**09.35 Dr. Phil** (e)
**10.20 Dr. Phil** (e)
**11.05 Dr. Phil** (e)
**11.50 Rachael Ray** (e)
**12.35 Rachael Ray** (e)
**13.20 90210** (2:22) (e)
**14.10 America's Next Top Model** (e)
**14.55 Once Upon A Time** (4:22) (e)
**15.45 HA?** (18:31) (e)
**16.35 7th Heaven** (5:22)
**17.20 Outsourced** (20:22) (e)
**17.45 The Office** (15:27) (e)
**18.10 30 Rock** (22:23) (e)
**18.35 Survivor** (8:16) (e)
**19.25 Survivor** (9:16) Eftir að ættbálkarnir sameinast fær Cochran að heyra það frá fyrrum liðsfélögum sem eru ósáttir við svik hans.
**20.10 Top Gear** (4:6) Jeremy, James og Richard gera endurbætur á lest í þeirri von að hún ferðist hraðar og á ódýrari máta. Á akstursbrautinni ber Jeremy saman Jaguar XKR-S og uppfærða útgáfu af Nissan GT-R
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (18:24) Blaðakona er myrt og leiðir rannsókn málsins í ljós að henni var einnig nauðgað. Rannsóknarlögreglukonan ákveður að fara aðeins höfði til að reyna að komast að hinu sanna.
**21.50 Dexter** (12:12) Í þessum lokaþætti reyna Dexter og morðdeildin að koma í veg fyrir síðasta verk Dómsdagsmorðingjanna og Debra horfist í augu við eigin tilfinningar.
**22.40 The Walking Dead** (6:6) (e)
**23.30 House** (21:23) (e)
**00.20 Prime Suspect** (1:13) (e)
**01.10 Whose Line is it Anyway?** (e)
**01.35 Real Hustle** (10:10) (e)
**02.00 Smash Cuts** (16:52) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Abu Dhabi Golf Championship (4:4) **13.00** Farmers Insurance Open 2012 (3:4) **15.00** Abu Dhabi Golf Championship (4:4) **18.00** Farmers Insurance Open 2012 (4:4) **23.00** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **23.55** ESPN America

## BBC entertainment

**06.15** My Family **06.45** EastEnders **08.50** QI **09.20** My Family **10.20** QI **12.55** Top Gear **17.15** QI **19.15** Lee Evans Live from the West End **20.05** Dara O'Briain Talks Funny... **21.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **21.50** Live at the Apollo **22.35** QI Children in Need Special **23.05** QI **00.05** QI **00.35** QI **01.35** Lee Evans Live from the West End **02.30** Dara O'Briain Talks Funny... **03.20** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **04.05** Live at the Apollo **04.55** The Weakest Link **05.10** My Family **05.40** The Weakest Link

## DR 1

**09.40** Isas Stepz **09.55** Osman og Jeppe **10.10** Gepetto News **10.40** Det store togrøveri **10.45** Historien om cyklen **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** Nyt liv i gamle huse **12.00** DR1 Dokumentaren **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Med mor som detektiv **15.10** Lykke **16.10** Lykke **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Danmarks Indsamling **19.00** Lykke **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt 2012 **20.50** Clement Søndag **21.30** Torpedo **22.15** Blinded Angels **23.40** Mission. Ekstremsport

## NRK 1

**06.30** Melodi Grand Prix 2012 **08.00** V-cup hopp **09.20** NM på ski **10.00** NM på ski **11.25** V-cup alpint **12.45** NM på ski **14.40** Sport i dag **14.55** V-cup hopp kvinner **16.35** Ingen grenser **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Ingen grenser **20.10** Ei iskald verd **21.00** Livets mange sider **21.50** Billedbrev **22.00** Kveldsnytt **22.15** Rally **22.45** Broen **23.45** Ikke gjør dette hjemme **00.15** Lille Dorrit **01.10** Melodi Grand Prix 2012 **02.40** Norsk attraksjon **03.10** Livets mange sider **03.25** Tweet4tweet

## svt1

**07.00** Från Lark Rise till Candleford **08.00** Rapport **08.05** Vinterstudion **09.00** Längdskidor **10.00** Vinterstudion **12.30** Alpint **12.45** Alpint **13.30** Vinterstudion **16.00** Ridsport **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Landet runt **18.00** Sportspegeln **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Så ska det låta **20.00** Äkta människor **21.00** Damages **21.55** Antikrundan **22.55** Gäster med gester **23.40** Erlend och Steinjo **00.05** Rapport **00.10** Homeland **01.00** Tager du **01.30** Sportspegeln

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.







VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**> Stöð 2 Sport kl. 12.30**
**Liverpool - Man. Utd.**

***Stórleikur í ensku FA bikarkeppninni þar sem erkifjendurnir í Liverpool og Manchester United mætast. Það er sannkölluð fótboltaveisla á Stöð 2 Sport í dag en alls verða sýndir sex leikir í beinni, bæði frá FA bikarnum og spænsku úrvalsdeildinni.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON JÁTAR SÖK

# Að finna í sér táningsstelpuna



Það er ekki tekið út með sældinni að vera heterónormatívur karlmaður að nálgast þrítugt nú til dags. Á manni hvíla alls kyns krefjandi kvaðir sem maður þarf að uppfylla til að forðast útskúfun. Manni þarf að þykja gott og gaman að drekka bjór, borða rautt kjöt, verja helmingi lífs síns í að horfa á og spekúlera í íþróttum, maður má ekki bera tilfinningarnar um of utan á sér og alls ekki hafa of gaman af sjónvarpsþáttum sem eru framleiddir fyrir þrettán ára táningsstelpur – svo það helsta sé nefnt.

Reyndar hafa fyrstu fjögur atriðin reynst mér býsna auðveld viðureignar til þessa en það síðasttalda getur hins vegar komið bestu mönnum í umtalsvert klandur.

Um nokkra hríð hef ég laumupokast með fýsn mína í þættina um Sætu, litlu lygarastelpurnar í Rosewood sem puðast í gegnum flókin strákamál á sama tíma og þær bisa við að leysa dularfulla morðgátu með tilheyrandi dramatík og andköfum og verjast ofsóknum mjög þreytandi símavinar sem heitir A.

Þegar komið er inn í miðja aðra þáttaröð er heldur betur farið að draga til tíðinda í lífi stúlknanna og ég get ekki beðið eftir að fá að vita hvort þessi lesbíska kemst aftur í sundliðið eftir að hafa smánað það með því að vera dæmd til samfélagsþjónustu. Í alvöru.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Hnapparatið **14.40** Listræninginn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Tosca **21.30** List og losti: Gala Dali **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Stundin okkar** (e)
**10.50 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012 - Lögin í úrslitum** (2:3) (e)
**11.00 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**11.40 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**12.20 Kiljan** (e)
**13.10 Gyrðir**
**13.55 Hollywood-hundur í hrakningum** (Beverly Hills Chihuahua)
**15.25 EM í knattspyrnu** Hitað upp fyrir EM í knattspyrnu sem fram fer í sumar.
**15.55 Útsvar** (Akureyri - Reykjavík) (e)
**17.05 Ástin grípur unglinginn** (The Secret Life of the American Teenager III)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**17.58 Bombubyrgið** (15:26) (Blast Lab)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (3:13) (The Adventures of Merlin)
**20.30 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012** Flutt verða fimm lög og komast tvö þeirra áfram í úrslit keppninnar.
**21.40 Járnmaðurinn II** (Iron Man II) Tony Stark er ofurhetja í hjáverkum. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.45 Goðsögnin Ricky Bobby** (Talladega Nights: The Ballad of Ricky Bobby)
**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 17 Again**
**10.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**12.00 Open Season 2**
**14.00 17 Again**
**16.00 I'ts a Boy Girl Thing**
**18.00 Open Season 2**
**20.00 10 Items of Less**
**22.00 1408**
**00.00 Observe and Report**
**02.00 Find Me Guilty**
**04.00 1408**
**06.00 Knight and Day**

## STÖÐ 2

**06.05 The Simpsons** (11:23)
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.15 The Glee Project** (4:11)
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 American Idol** (3:39)
**14.30 American Idol** (4:39)
**15.20 The Block** (4:9)
**16.05 Sjálfstætt fólk** (15:38)
**16.45 ET Weekend**
**17.30 Íslenski listinn**
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Spaugstofan**
**20.00 Tooth Fairy** Skemmtileg fjölskyldumynd með Dwayne Johnson í hlutverki harðasta íshokkíleikara Bandaríkjanna og er kallaður tannálfurinn. Hann fær lánaðan pening frá dóttur kærustu sinnar sem hún fékk frá tannálfinum. Hann lendir í verulegum vandræðum fyrir það hjá hinum raunverulega tannálfi sem refsar honum með því að láta hann vinna fyrir sig í tvær vikur.
**21.40 Quarantine** Ekta hrollvekja um sjónvarpsfréttakonuna Angelu Vidal og myndatökumann hennar sem fylgja slökkviliði í neyðarútkall til íbúðarhúss sem talið er í hættu vegna dularfullrar sýkingar. Þegar þau koma inn og búið er að einangra húsið kemur í ljós að íbúarnir eru gengnir af göflunum og orðir blóðþyrstir í þokkabót.
**23.10 Five Fingers** Hollenski hugjónamaðurinn og píanistann, Martijn ferðast til Marokkó til að sinna hjálparstörfum. Skömmu eftir komu er honum og aðstoðarmanni hans rænt af hryðjuverkamönnum sem hafa efasemdir um mannúðarástæður þeirra.
**00.35 Rocky Horror Picture Show** Ódauðleg kvikmynd þar sem frábær tónlist leikur stórt hlutverk.
**02.15 Old Dogs**
**03.40 The Chumscrubber**
**05.25 Spaugstofan**
**05.50 Fréttir**

## SPORT besta sætið

**07.35 Golfskóli Birgis Leifs** (2:12)
**08.00 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Man. City**
**09.45 La Liga Report**
**10.15 Watford - Tottenham**
**12.00 FA Cup - Preview Show**
**12.30 Liverpool - Man. Utd.** BEINT frá leik í 4. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**14.50 Derby - Stoke** BEINT
**17.00 Brighton - Newcastle** BEINT
**19.10 Spánn: Real Madrid - Zaragoza** BEINT
**20.55 Spánn: Villarreal - Barcelona** BEINT
**23.00 QPR - Chelsea**
**00.45 Liverpool - Man. Utd.**
**02.30 Spánn: Real Madrid - Zaragoza**

## SPORT 2 enski boltinn

**14.00 Season Highlights 1997/1998**
**14.55 Premier League World**
**15.25 Premier League Review 2011/12**
**18.10 QPR - Man. City**
**20.00 David Beckham**
**20.30 Season Highlights 1998/1999**
**21.25 Chelsea - Wolves**
**23.15 Wigan - Arsenal**

## EXTRA

**14.30 Celebrity Apprentice** (11:11)
**16.40 Nágrannar**
**17.40 Nágrannar**
**18.25 Cold Case** (8:22)
**19.10 Spurningabomban** (1:5)
**20.00 Wipeout - Ísland**
**20.55 Týnda kynslóðin** (20:40)
**21.25 Twin Peaks** (5:22)
**22.15 Numbers** (4:16)
**23.00 The Closer** (6:15)
**23.45 Cold Case** (8:22)
**00.30 Hank** (4:10) (5:10) (6:10) (7:10)
**01.55 Íslenski listinn**
**02.20 Sjáðu**
**02.50 Spaugstofan**
**03.20 Týnda kynslóðin** (20:40)
**03.45 Spurningabomban** (1:5)
**04.35 Fréttir Stöðvar 2**
**05.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**10.20 Rachael Ray** (e)
**11.05 Rachael Ray** (e)
**11.50 Rachael Ray** (e)
**12.35 Dr. Phil** (e)
**13.20 Dr. Phil** (e)
**14.05 Being Erica** (11:13) (e)
**14.50 Charlie's Angels** (8:8) (e)
**15.35 Live To Dance** (4:8) (e)
**16.25 Pan Am** (10:14) (e)
**17.15 7th Heaven** (4:22) Bandarísk unglingasería um Camden fjölskylduna
**18.00 The Jonathan Ross Show** (10:19) (e)
**18.50 Minute To Win It** (e)
**19.35 Mad Love** (12:13) (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (7:48)
**20.25 Eureka** (4:20) Í bænum er geimvikan haldin hátíðleg og Dr. Ramsey afhjúpar nýjustu uppfinningu sína en framleiðslugalli í henni gæti grandað Eureka.
**21.15 Once Upon A Time** (4:22) Emma reynir að aðstoða unga þungaða konu úr klóm Mr. Gold. Í ævintýralandi gerir Öskubuska afdrifarík mistök þegar hún gerir samning við Rumputuski.
**22.05 Saturday Night Live** (6:22)
**22.55 The Video Game Awards 2011**
**00.55 HA?** (18:31) (e)
**01.45 Jimmy Kimmel** (e)
**02.30 Jimmy Kimmel** (e)
**03.15 Whose Line is it Anyway?** (6:39) (e)
**03.40 Real Hustle** (9:10) (e)
**04.05 Smash Cuts** (15:52) (e)
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.35** Inside the PGA Tour (4:45) **09.00** Abu Dhabi Golf Championship (3:4) **13.00** Farmers Insurance Open 2012 (2:4) **15.00** Abu Dhabi Golf Championship (2:4) **18.00** Farmers Insurance Open 2012 (3:4) **23.00** PGA TOUR Year-in-Review 2011 (1:1) **23.55** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## BBC entertainment

**09.20** My Family **10.20** QI **11.20** QI **12.25** QI **12.55** QI **13.25** Top Gear **14.15** Top Gear **15.10** Top Gear **16.05** Top Gear **17.00** My Family **17.30** My Family **18.00** My Family **18.30** My Family **19.00** Silent Witness **19.55** Silent Witness **20.50** Waking the Dead **21.40** Waking the Dead **22.30** Silent Witness **23.25** Silent Witness **00.20** Waking the Dead **01.15** Waking the Dead **02.10** Silent Witness **03.05** Silent Witness **04.00** My Family **04.30** My Family **05.15** QI **05.45** QI

## DR 1

**09.00** Dragejægerne **09.25** Ramasjang Mix **09.50** Aaron Stone **10.15** Batman - Den tapre og den modige **10.40** Troldspejlet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Tidens tegn **11.55** Sign up **12.10** Ved du hvem du er? **15.40** X Factor **16.40** Før søndagen **16.50** Sporløs **17.20** Held og Lotto **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt 2012 **18.30** Vejen til MGP **19.00** MGP 2012 **20.50** Ulvehunden **22.35** Togkapring **00.15** Det stærke køn

## NRK 1

**09.15** NM på ski **10.55** V-cup alpint **12.15** NM på ski **14.10** V-cup hopp kvinner **15.50** NM på ski **17.05** Popstokk **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Melodi Grand Prix 2012 **19.55** Norsk attraksjon **20.25** Melodi Grand Prix 2012 **20.55** Nye triks **21.45** Absolutt fabelaktig 20 år etter **22.15** Kveldsnytt **22.30** Burn After Reading **00.05** Brille **00.35** Dansefot jukeboks m/chat **03.05** Absolutt fabelaktig 20 år etter **03.35** Popstokk **06.00** Norsk attraksjon

## SVT 1

**06.50** Kjell 5000 **07.00** Vintermagasinet **07.45** Vinterstudion **08.00** Rapport **08.05** Vinterstudion **09.30** Alpint **10.30** Vinterstudion **11.25** Alpint **12.15** Vinterstudion **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.15** Go'kväll **18.00** Sverige! **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** The Invention of Lying **20.35** Vinnande novellfilm **21.05** Boardwalk Empire **22.05** Rapport **22.10** Jonathan Ross show **22.55** Kaka på kaka **23.15** Rapport **23.20** Bröderna Reyes **00.10** Rapport **00.15** Dag **00.40** På spåret

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar Tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





CONCERT
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is
MICHELSEN ÚRSMIÐIR
BJÓÐA KIRI TE KANAWA
VELKOMNA TIL ÍSLANDS
DAME KIRI TE
KANAWA
HARPA SUNNUDAGSKVÖLDIÐ 5. FEBRÚAR
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR
Á HARPA.IS
OG Í SÍMA 528 5050
Nánari upplýsingar á www.concert.is

## PERSÓNAN

*Baltasar Breki Samper*



**Aldur:** 23 ára
**Starf:** Sviðsmaður í Þjóðleikhúsinu
**Foreldrar:** Baltasar Kormákur og Ástrós Gunnarsdóttir
**Hjúskaparstaða:** Einhleypur
**Búseta:** 101 Reykjavík
**Stjörnumerki:** Krabbi

Baltasar Breki var einn af þeim sem komust inn í leikaradeild Listaháskóla Íslands

# Leiða saman helstu dívur landsins

„Það má segja að við séum að leiða saman helstu dívur landsins í skólanum," segir Arnar Gauti, framkvæmdastjóri Elite á Íslandi, en hann er í óða önn þessa dagana að undirbúa opnun tískuskólans Elite Fashion Academy.

Margrét R. Jónasar förðunarmeistari leiðir förðunarnámið undir formerkjum MAKE UP STORE en þetta er fyrsta sinn sem nám frá sænska förðunarmerkinu er í boði hér á landi.

„Það hefur töluvert verið þrýst á mig að opna skóla hérna en MAKE UP STORE er með skóla í Svíþjóð og ég heimsæki hann tvisvar á ári. Ég ákvað að taka þátt í þessu því mér finnst spennandi hvernig skólinn er byggður upp. Nemendurnir fá mikið út úr náminu og innsýn inn í önnur tengd fög í tískubransanum," segir Margrét, en hún hefur verið að undirbúa námið síðan síðasta sumar.

Skólinn hefst 13. febrúar og hefur lagt undir sig 1500 fm húsnæði í Ármúlanum. Fagfólk úr öllum geirum kemur að náminu, sem býður upp á nám í förðun, stíliseringu, ljósmyndun og nagla- og snyrtifræði. Agniezka Baranowska, stílisti og hönnuður, heldur utan um stílistanámið, Kristinn Magnússon sér um að kenna auglýsinga- og tískuljósmyndun auk þess sem boðið er upp snyrtifræðinám til undirbúnings undir sveinspróf. Bryndís Bjarnadóttir, fyrrverandi Elite-fyrirsæta, verður aðalleiðbeinandi í framkomu- og fyrirsætunámskeiðum.

„Það verður mikil áhersla lögð á samstarf milli deilda og það heillaði mig strax við skólann og ég hlakka til að vinna með öllu þessu færa fólki."

Opið hús verður í skólanum í dag milli klukkan 14 og 17 þar sem gestum og gangandi gefst kostur á að kynna sér starfsemi skólans. **- áp**



**SPENNT** Margrét R. Jónasar segir gamlan draum sinn vera að rætast með því að halda utan um förðunarnám Elite Fashion Academy.
MYND/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON


## Árangur fer eftir gæðum
## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

13 vítamín og 16 steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Næring, orka og einbeiting

Árangur strax!




**Lífrænt fjölvitamín fyrir allan aldur**
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu.

Ef Spirulina er tekið inn fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu. Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn.

**Góð vörn gegn kvefi og flensu**
Hreinsar líkamann af eiturefnum og geislun úr matvælum. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Krónunni, Hagkaup og Fríhöfninni

www.celsus.is


INGI RAFN HAUKSSON: ÆTLUM AÐ SPILA HOMMAVÆNT DISKÓ

# Samkynhneigðir erlendir ferðamenn fagna Gay 46

Skemmtistaðurinn Gay 46 opnaði á miðnætti í gærkvöldi á Hverfisgötu 46.

„Við ætlum að spila hommavænt diskó fyrir samkynhneigða, transfólk og vini þeirra," segir Ingi Rafn Hauksson, einn af þremur eigendum staðarins. Hinir eru hjónin Nanzie Snorradóttir og Herleifur Halldórsson. Þau hafa rekið Gallerý Bar og Strákaklúbbinn sem hafa verið í þessu húsi en verða nú undir sama þaki og Gay 46.

Aðspurður segir Ingi Rafn að mikil eftirspurn sé eftir nýjum skemmtistað fyrir hinsegin fólk. „Þetta kemur til af því að Barbara var að flytja í minna húsnæði. Mér var eiginlega att út í þetta, plús það að markaðurinn þolir alveg annan stað," segir hann. Barbara sameinaðist nýlega skemmtistaðnum Trúnó á Laugavegi 22. Ingi Rafn rak einmitt skemmtistaðinn 22 í því húsnæði á síðasta áratug. „Mér líst svakalega vel á þennan nýja stað þó ég hafi einhvern tímann heitið því að ég ætlaði aldrei inn í þennan bransa aftur."

Gay 46 tekur 250 manns sem er meira en Barbara og Trúnó taka samanlagt. Gay 46 verður einnig rekinn í samstarfi við Barböru þó svo að eigendurnir séu ekki þeir sömu.

Ingi Rafn býst við mikilli umferð á nýja staðnum, sérstaklega þegar fer að vora. „Þá kemur gríðarlegur straumur af samkynhneigðum konum og körlum til landsins. Þá er gríðarleg eftirspurn eftir svona húsnæði."

Kolbrún Ósk Skaftadóttir, eða Kollster, verður yfirplötusnúður og Óli Hjörtur Ólafsson verður skemmtanastjóri á Gay 46. Hann var áður rekstrarstjóri Q Bar, sem var ætlaður samkynhneigðum, í tvö og hálft ár. „Það er mjög gaman að taka að sér svona nýtt verkefni," segir hann um Gay 46. Aðspurður hvort hommarnir muni ekki fagna nýjum stað í Reykjavík segir hann að það hljóti að vera. „Þetta er ört stækkandi hópur. Ég myndi segja því fleiri staðir því betra, frá mínum bæjardyrum séð. Þetta verður bara eitt stórt partí." **freyr@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DISKÓKÓLAN KLÁR**
**Ingi Rafn Hauksson**, einn af þremur eigendum Gay 46, með diskókúluna í hendinni, og **Óli Hjörtur Ólafsson** er skemmtanastjóri. Stórglæsileg mynd af Páli Óskari prýðir nýja staðinn.


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Í góðri stemningu á Sundance

„Hér er góð stemning og rosalega mikið af fólki í bænum," segir Eva María Daníels, framleiðandi, en hún er stödd í Utah þar sem hún frumsýndi myndina Goats á Sundance-kvikmyndahátíðinni.

Eva María hefur starfað við framleiðslu kvikmynda í Los Angeles í dágóðan tíma og getið sér góðs orðs innan kvikmyndabransans en hún er meðframleiðandi að myndinni Goats.

Myndin skartar þeim David Duchovny, Veru Farmiga, Graham Philips, Keri Russell og Ty Burrell en hann er þekktur úr sjónvarpsþáttunum vinsælu Modern Family. Allir leikararnir voru mættir á Sundance til að fylgja myndinni eftir en hún var frumsýnd fyrir fullu húsi á hátíðinni og hefur Duchovny verið sérstaklega hrósað fyrir frammistöðu sína.

„Við sýndum myndina í stærsta bíóinu hérna sem tekur um 1.300 manns og það var alveg stappað. Eftir myndina var spurt og svarað með leikurum og leikstjóra. Þá fengum við smjörþefinn af viðbrögðum áhorfenda sem voru mjög góð," segir Eva María og bætir við að allir í tökuliðinu séu mjög ánægðir með viðtökurnar. Ýmislegt hefur gengið á í aðdraganda myndarinnar, eins og leikaraskipti en upphaflega átti leikkonan Rooney Mara að fara með aðalhlutverkið en hún hætti við eftir að hún landaði hlutverki Lisbeth Salander í The Girl with the Dragon Tattoo.

Goats var sýnd í sérstökum frumsýningarflokki og verður sýnd þrisvar sinnum í viðbót yfir hátíðina en uppselt er á allar sýningarnar að sögn Evu Maríu. „Nú er bara að bíða og vona að einhver vilji dreifa myndinni í kvikmyndahús. Ég er líka að vona að myndin verði sýnd á Íslandi á þessu ári." **- áp**



**ÁNÆGÐ** Eva María er himinlifandi yfir viðtökunum á myndinni Goats á Sundance-hátíðinni en hún er meðframleiðandi að myndinni.

# ÚTSALA
# 30 - 50% afsláttur

**50% afsláttur af NOW 14 línunni frá Hülsta**



NOW 14 borðstofuborð 90 x 210 (2x 50) cm
Verð áður 399.500,- nú 199.750,-

now! by hülsta



NOW 14 skápur 210 x 42 x 80 cm
Verð áður 398.00,- nú 199.000,-

**50%**

now! by hülsta

**40%**



FAR G3729 3ja sæta tungusófi í leðri m/1x relax sæti.
Litir; svart og ljóst. Verð áður 295.000,- nú 177.000,-

**50%**



FAR G3019 3ja sæta relaxsófi í leðri m/bakkaborðum.
Litir; svart og ljóst. Verð áður 695.000,- nú 347.500,-



KAK B177 Rúm m/dýnu 185 x 240 cm.
Ljóst leður. Verð 376.700,- stgr. 263.690,-

**30% afsláttur af heilsudýnum**




STÆRÐIR OG VERÐ

| | | |
|---|---|---|
| 120 x 200 cm | 134.000,- | nú 93.800,- |
| 160 x 200 cm | 155.000,- | nú 108,500,- |
| 180 x 200 cm | 169.000,- | nú 118.300,- |

**30 - 50% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru**

HEIMA HÚSIÐ

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Öndvegi mood lifum GALLERY GÓLF PARKET•FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tökur á Íslandi í júlí

Erlendir fjölmiðlar greina frá því að tökur á nýjustu kvikmynd **Darrens Aronofsky**, Noah, hefjist hér á landi og í New York í júlí. Stefnt er að frumsýningu hennar haustið 2013. Fréttablaðið hafði áður greint frá því að tökur á þessari stórmynd ættu hugsanlega að fara fram hér á landi í vor en þeim virðist eitthvað hafa seinkað. Leikarinn Michael Fassbender hefur verið orðaður við aðalhlutverkið en hann hefur þó ekki skrifað undir neitt enn.



### Listræn stjórnmál

Guðmundur Steingrímsson alþingismaður hefur undanfarið unnið að undirbúningi nýs stjórnmálaflokks sem hefur hlotið nafnið Björt framtíð. Guðmundur og félagar hans sem standa að stofnun flokksins hafa lofað annars konar stjórnmálum og skemmtilegri pólitík. Í þeim anda mun Guðmundur á morgun veita svokallaða sunnudagsleiðsögn í Listasafni Íslands. Að því er fram kemur á vef Listasafnsins mun Guðmundur velta upp spurningum er varða tengsl myndlistar og stjórnmála, hlutverk listamannsins í samfélaginu og myndlistina sem leiðandi afl. Herlegheitin hefjast klukkan 14.



- fb, mþl

### Mest lesið vísir

1. Nemendur Listaháskólans að baki H&M gjörningnum
2. Öngþveiti við Litlu Kaffistofuna
3. Gekk berserksgang og barði þrjá menn með kylfu
4. „Þetta var eins og atriði úr Titanic."
5. Timeline komin til að vera á Facebook


BYLGJAN 989

Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum
kl. 10–12





